

2298 6948

IK

SAFNABLAÐIÐ KVISTUR

10. tbl. 2023

TÆKNIVÆÐING SAFNA – DAGUR Í LÍFI SAFNAMANNS – VIÐTÖL VIÐ NÝJA SAFNSTJÓRA HÖFUÐSAFNA
SJÁLFBÆRNI OG INNGILDING – ÓÁPREIFANLEGUR MENNINGARARFUR – ÚR RANNI SAFNAFRÆÐINNAR

2298 6948

SAFNAFRÆÐI

Fjölbreytt námsframboð í Safnafræði

Diplómanám í safnafræði, 30 ECTS

Diplómanám í safnafræði veitir nemendum hagnýta þekkingu á safnastarfi og hentar m.a. fólki sem starfar á söfnum eða við varðveislu og miðlun menningararfs og lokið hefur háskólagráðu. Námið tekur tvö misseri og samanstendur af þremur skyldunámskeiðum í safnafræði. Í framhaldi af diplómanáminu geta nemendur sótt um í MA-námi í safnafræði og lokið MA-prófi kjósi þau það. Diplómanám fæst að fullu metið hjá þeim nemendum sem samþykktir eru inn í MA-nám í safnafræði. Diplómanám í safnafræði er fjarnám.

Meistaránám í safnafræði, 120 ECTS

Námið er 120 einingar, þar af 30 eininga lokaverkefni, og lýkur með MA-prófi. Full námsframvinda á einu misseri miðast við 30e. Allir sem lokið hafa BA- eða BS-prófi með fyrstu einkunn (7,25) eða sambærilegri prófgráðu geta sótt um að innritast í MA-nám í safnafræði. Auk námskeiða í safnafræði geta nemendur tekið námskeið á sínu sérsviði í öðrum greinum eða deildum háskólans í samráði við umsjónarkennara en margir snertifletir eru við safnafræði. Nemendur í MA-námi í safnafræði til 120e geta tekið hluta námsins við erlenda háskóla. MA nám í safnafræði er fjarnám.



FRÉTTIR ÚR SAFNAHEIMINUM

Frá málþingi um óápreifanlegan 6
menningararf

Farskólinn fyrr og nú 32

Könnun um stöðu safna 38

Sarpur – Leiðin að nýju kerfi 40

Rýni: Reykjavík ... sagan 20
heldur áfram

DAGUR Í LÍFI SAFNAMANNS

Dagur í Grasagarðinum 34

Safnbúð Listasafns Íslands 36

Byggðasafn Vestfjarða 37

SAFNASTARF

Möguleikar til símenntunar 8
innan ICOM

Aldarafmæli Listasafns 12
Einars Jónssonar og hvað svo?

Söfn og inngilding 24

Svei þessum tækninýjungum 28
og tölvugöldrum!

Sjónarmið við varðveislu 46
óápreifanlegs menningararfs

Safnaprennan – ný fræðsluleið 50
höfuðsafnanna

Vangaveltur um innreið 62
tækninnar á söfn

Í sautján horn að líta: 66
Safnastarf og sjálfbærni

HÖFUÐSÖFNIN

Viðtal við nýjan þjóðminjavörð 9

Náttúruminjasafn Íslands 58
– yngsta höfuðsafn Íslendinga

Að vera með hjartað á réttum 63
stað. Viðtal við safnstjóra LÍ

ÚR RANNI SAFNAFRÆÐINNAR

Safngjafir – hver stjórnar? 16

„Dularfull stilling í sálinni“: 42
Frásögn af menningarminjum

Skapandi gestir 54

SAFIBÚÐ

ÞJÓÐMINJASAFNSINS



Ljósmyndari: Þorsteinn Jósepsson

netverslun.thjodminjasafn.is



Ritstjóraspjall

Nú lítur dagsins ljós 10. tölublað af safnablaðinu Kvisti og sem fyrr kennir þar ýmissa grasa. Útgáfa blaðsins er mikilvæg og verðmætið fyrir lítið fagsamfélag að hafa vettvang sem Kvist til að deila þekkingu, fræðslu og fréttum, svo ekki sé minnst á heimildirnar sem útgáfan geymir þegar fram líða stundir, er óumdeilt.

Segja má að líðandi ár sé árið sem við erum að fullu stigin upp úr covid-faraldrinum og safnmenn hafa nýtt sér það vel og galopnað dyr sínar fyrir innlendum og erlendum gestum.

Á sama tíma hefur nokkuð þrengt að mörgum söfnum (og skyldum stofnunum s.s. skjalasöfnum), er þar hægt að nefna breytingar á safnarekstri í Kópavogi, erfiðleika Smámunasafns Sverris Hermannssonar og Iðnaðarsafnsins á Akureyri, stöðu Byggðasafns Dalamanna og áforma um lokun Borgarskjalasafns svo eitthvað sé nefnt. Þá er staðan greinilega ansi strembin almennt séð ef tekið er mark á niðurstöðum könnunar sem FÍSOS gerði og fjallað er um í blaðinu.

Virðast eigendur safnanna (sveitarfélögin) horfa helst til grimmt til talnaleikfimi excelskjalsins með fulltingi aðkeyptra ráðgjafafyrirtækja sem þekkja lítið sem ekkert til safnastarfs og með einu pennastriki vera tilbúin að strika yfir áratuga uppbygglegt menningarstarf. Hagræðingarkrafan er rík og að sumu leyti er sveitarstjórnarfólki vorkunn, þar þarf að forgangsraða hvert of fáum krónum er veitt. En dettum samt ekkert í neina meðvirkni, slíkar ákvarðanir þarf að taka af fagmennsku og þekkingu sem oft á tíðum virðist vera ábótavant.

Þessi veruleiki, sem er þó ekki nýr af nálinni, er lýjandi og vekur um leið upp fjölda spurninga: Hvað er til ráða, ef eitthvað? Er við söfnin sjálf að sakast, þurfa þau að gera eitthvað öðruvísi? Hvers vegna náum við ekki að koma mikilvægi og tækifærum sem í safnastarfinu felast á framfæri? Þurfum við öflugri talsmenn? Eru of mörg söfn á Íslandi, litlar og ósjálfbærar einingar og meðan það breytist ekki þá verður þetta viðbúið ástand? Erum við safnmenn almennt að gera of mikið fyrir lítið fjármagn sem svo bitur okkur í rassinn þegar upp er staðið? Hvernig getum við náð jafnvæginu um að setja fram eðlilegar kröfur um rekstrarfjármagn og -umhverfi án þess að detta í grátkór sem fælir frekar frá en hitt? Þarf mögulega að hugsa íslenskt safnaumhverfi upp á nýtt, lög, umgjörðina um framlög hins opinbera og viðurkenningu safna svo eitthvað sé nefnt.

Þegar stórt er spurt, er fátt um svör. Það er þó skoðun undirritaðrar að eitthvað þurfi að breytast, strategían er ekki að virka sem skyldi eins og er. Við sem safnmenn þurfum að vera tilbúin að spyrja krefjandi og erfiðra spurninga. Breytingar eru ekki alltaf slæmar en þær þurfa að vera teknar að vel ígrunduðu máli og með fleira en fjárhagslega hagræðingu að leiðarljósi.

Það er rétt að ítreka að söfn eru „varanlegar stofnanir“ og að vissu leyti íhaldssamar og eiga að vera það. Hægfljótandi og staðföst í varðveislu sinni og rannsóknnum á menningar- og náttúruarfi landsins en um leið að svara kalli samtímans um fjölbreytni, sjálfbærni og inngildingu. Þarna er jafnvægislína sem við í okkar daglegu störfum erum sífellt að reyna að feta.

Í blaðinu má m.a. finna greinar sem einmitt varpa ljósi á hið fjölbreytta starf sem á söfnum er unnið. Sitthvort viðtalið við nýja safnstjóra höfuðsafnanna Listasafns Íslands og Þjóðminjasafns Íslands, þrjár greinar sem byggðar eru á verkefnum sem unnin voru við námsbraut í safnafræði, hugleiðingar um söfnin í þeirri hröðu tækniþróun sem við erum að upplifa og þá er bryddað upp á þeirri nýbreytni að þrír safnamenn segja frá sínu daglega starfi og amstri. Í takt við nýju safnaskilgreininguna þá er hér fjallað um inngildingu, sjálfbærni og óáþreifanlegan menningararf og lesendur fá innsýn inn í framtíðarplön Náttúruminjasafns Íslands.

Með óskum um góðan lestur

Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir,
ritstjóri

Safnablaðið Kvistur

Útgefandi Félag íslenskra safna og safnmanna
Ritstjóri Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir
Ritstjórn Birna María Ásgeirsdóttir, Sigurjón Baldur Hafsteinsson, Þóra Sigurbjörnsdóttir, Þorgerður Þorleifsdóttir
Auglýsingar Birna María Ásgeirsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir
Hönnun Ármann Agnarsson
Myndskreyting á forsiðu Árni Þór Árnason (Myndin er innblásin af verki Errós, *Picasso manía*, frá árinu 1992 sem sjá má í heild sinni á bls. 16)
Prentun Prentmet

Höfundum greina eru færðar kærar þakkir fyrir þeirra framlag

ISBN – 2298–6944

Frá málþingi um óáþreifanlegan menningararf

Frásögn af málþingi um óáþreifanlegan menningararf á Íslandi sem haldið var í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands þann 13. apríl 2023. Að málþinginu stóðu Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Þjóðminjasafn Íslands.

Segja má að hugmyndin að samstarfi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Þjóðminjasafns Íslands um þetta efni hafi kviknað í Farskóla safnanna sem haldinn var á Hallormsstað í september 2022. Í málstofu

um óáþreifanlegan menningararf og hlutverk safna sköpuðust líflegar umræður sem héldu áfram yfir kaffibolla, hugmyndir tóku að kvikna og úr varð sameiginleg umsókn í Nýsköpunarsjóð námsmanna og málþing sem haldið var í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins þann 13. apríl 2023.

Þjóðfræðisafn Árnastofnunar hefur m.a. að geyma hljóðrit sem safnað hefur verið um land allt og í Íslendingabygðum vestan hafs en upptökur eru aðgengilegar á menningararfs- og músíkvefnum

Ísmús (ismus.is). Frá 2018 hefur stofnunin einnig séð um vefinn *Lifandi hefðir* (lifandihefdir.is) sem þjónar hlutverki yfirlitsskrár um óáþreifanlegan menningararf á Íslandi. Þjóðminjasafnið hefur skipulega safnað upplýsingum um lífshætti á Íslandi með spurningaskrá. Spurningaskrárnar eru aðgengilegar í menningarsögulega gagnasafninu *Sarpi* (sarpur.is). Báðar stofnanir hafa því mikla reynslu og þekkingu á óáþreifanlegum menningararfi og því var kjörið að leiða saman hesta sína og fjalla vítt og breitt um stöðuna á þessum málaflokki.

Dagskrá málþingsins hófst á ávarpi Hörpu Þórsdóttur, þjóðminjavarðar sem bauð gesti velkomna. Í ávarpinu fagnaði hún því að með málþinginu væri verið að byggja brýr milli stofnana, safnafólks og annarra sem vilja vinna að varðveislu óáþreifanlegs menningararfs með fjölbreyttum hætti.

Því næst fjallaði Vilhelmína Jónsdóttir um samning UNESCO um varðveislu óáþreifanlegs menningararfs og vefinn lifandihefdir.is. Í erindinu fjallaði hún um skilgreiningar og þau sjónarmið sem samningurinn leggur til grundvallar varðandi varðveislu líf-



Auglýsing um málþingið.



QR-kóði sem vísar á Facebook hópinn „Umræðuvettvatur um óáþreifanlegan menningararf“.

andi menningararfleifðar. Á vefnum eru nú þegar að finna fjölbreyttar skráningar sem gefa góða mynd af viðfangsefninu. Þá greindi Vilhelmína frá því að nú væri unnið að undirbúningi tilnefningar á sundlaugamenningu á skrá UNESCO yfir óáþreifanlegan menningararf mannkyns.

Í desember 2021 var handverkið við smíði súðbyrtra báta skráð á skrá UNESCO yfir óáþreifanlegan menningararf mannkyns. Um var að ræða skráningu sem öll Norðurlöndin, ásamt Færeyjum og Álandseyjum stóðu sameiginlega að. Um aðdragandann að þessari skráningu og báta-smíðina sjálfa fjallaði Sigurbjörg Árnadóttir, formaður Vitafélagsins – íslensk strandmenning, í sínu erindi.

Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir safnstjóri Tækniminjasafns Austurlands fjallaði í sínu erindi um spunahjól lifandi hefða. Um er að ræða gagnlegt kennslutæki sem getur nýst kennurum og safnafólki við að hefja samtal við yngri kynslóðina um lifandi hefðir og þeirra sjónarmið. Tilgangurinn er að auka skilning og þekkingu á mikilvægi óáþreifanlegs menningararfs í samfélaginu en einnig að stuðla að samtali um sjálfbærni og menningararf. Nánari upplýsingar um spunahjólið má

finna á vef Tækniminjasafnsins en þar má einnig nálgast hjólið sjálft til útprintunar: <https://tekmus.is/spunahjol-lifandi-hefda/>

Þór Hjaltalín frá Minjastofnun Íslands fjallaði um mikilvægi handverks og handverksþekkingar í tengslum við varðveislu húsa, bæði torfhúsa en einnig eldri húsa sem njóta friðunar. Í erindinu kom m.a. fram hvernig handverksþekking er oftar en ekki órjúfanlegur þáttur af varðveislu efnislegra muna, líkt og húsa og báta.

Þá sagði Helga Vollertsen frá Þjóðháttasafni og söfnun Þjóðminjasafnsins. Þjóðminjasafn Íslands hóf að safna þjóðháttum upp úr 1960, en sérstök þjóðháttadeild var stofnuð árið 1963 á aldarafmæli safnsins. Starf þjóðháttasafnsins byggist að stórum hluta á spurningaskrá sem sendar eru út reglulega og eru opnar til svörunar hverjum þeim sem áhuga hefur á viðfangsefninu hverju sinni. Markmiðið er fyrst og fremst að safna upplýsingum sem m.a. er hægt að nýta til rannsókna á víðu sviði. Í erindi Helgu kom m.a. fram að fólk væri almennt jákvætt fyrir því að taka þátt í söfnun safnsins og deila þekkingu sinni. Til að mynda hefði metþátttaka verið í þeim spurningaskrá sem sendar voru á

samkomubanni á tímum Covid en þá fengust 644 svör.

Eftir erindin fóru fram umræður þar sem m.a. var rætt um mikilvægi félagasamtaka, grásrótarsamtaka og fólksins sjálfs sem stundar viðkomandi hefðir og handverk. Þekkingin býr hjá fólkinu sjálfu og því kom fram að mikilvægt væri fyrir söfn, opinberar stofnanir og aðra sem sýsla með óáþreifanlegan menningararf að eiga gott samstarf við slíka hópa. Það er enda leiðarstef UNESCO að varðveisla og aðrar ráðstafanir gerist aðeins með þátttöku fólks, samfélaga og hópa sem láta sig viðkomandi arfleifð varða. Af umræðum má ljóst vera að mikill áhugi og deigla er í þessum málaflokki og margir sem láta sig hann varða. Það er von aðstandenda málþingsins að það marki upphaf að breiðu samtali um þetta mikilvæga málefni. Horfa má á upptöku af málþinginu á Youtube-síðu Þjóðminjasafnsins: <https://www.youtube.com/watch?v=OxFfGHgn0pE>

Í lokin kynntu Helga og Vilhelmína Facebook-hóp sem ber heitið: *Umræðuvettvangur um óáþreifanlegan menningararf*. Hópurinn er öllum opin, en hugsaður fyrir fólk sem starfar með óáþreifanlegan menningararf og lætur sig varðveislu hans varða. Í hópnum er hægt að deila upplýsingum, reynslusögum, áhugaverðum verkefnum, fróðleik, hagnýtum ráðum og hverju öðru sem talið er eiga erindi við fag- og áhugafólk á þessu sviði. Í hópnum er hægt að leita ráða, finna stuðning og stofna til samstarfsverkefna og þannig vonast stofnendur til að hægt verði að eiga uppbyggilegt og faglegt samtal um málefnið. Auðvelt er að bæta sér í hópinn á þessari slóð: <https://www.facebook.com/groups/120070361029844>

**Vilhelmína Jónsdóttir
og Helga Vollertsen,
skipuleggjendur málþingsins**

Möguleikar til símenntunar innan ICOM

Á hverju ári bjóða stofnanir ICOM upp á ýmis námskeið, málstofur og ráðstefnur sem fela í sér möguleika til símenntunar fyrir safnafólk um allan heim. Þar ber vissulega hæst allsherjarþing ICOM sem haldið er á þriggja ári fresti og hefur verið vel sótt af félögum Íslandsdeildar ICOM í gegnum tíðina. Alþjóðadeildir ráðsins bjóða þó einnig upp á ýmsa viðburði sem hægt er að kynna sér á viðburðadagatali ICOM í gegnum heimasíðu samtakanna á icom.museum/agenda. Á síðustu árum hefur það svo auðvitað færst í aukana að hægt sé að sækja slíka viðburði í fjarfundarformi og eru félagar einatt hvattir til að nýta sér þann möguleika.

Sömuleiðis eru félagar hvattir til þátttöku í starfi alþjóðlegra fagdeilda ICOM en hver um sig fæst við ákveðna tegund safna eða ákveðinn kima safnastarfsins, svo sem sýningarstjórn, forvörslu, safnfræðslu og margt fleira. Alþjóðadeildirnar eru í dag 32 talsins og því eitthvað við hæfi allra. Með þátttöku í starfi deildanna fá félagar tækifæri til þess að ræða við aðra sérfræðinga í faginu um það sem er efst á baugi hverju sinni, hvort sem um er að ræða álitamál, önnur áhugaverð málefni eða nýjungar. Þá er auðvelt að finna upplýsingar um eigin skráningu í fagdeildir með því að skrá sig inn á sitt svæði á heimasíðu samtakanna,

icom.museum. Er félögum jafnframt bent á að með aðild sinni að ICOM má nálgast greinar sem birtar hafa verið í ritrýnda fagtímaritinu *Museum International*, sem gefið er út tvisvar á ári af Wiley-Blackwell og ICOM – einnig með því að skrá sig inn á sitt svæði.

Enn fremur hvetur stjórn Íslandsdeildar ICOM féлага til þess að kynna sér útgáfu- og ferðasjóð félagsins en árlega er kallað eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum, sem hefur það að markmiði að styrkja féлага til þess að taka þátt í allsherjarþingi ICOM eða til að sækja ráðstefnur alþjóðadeildanna. Eins og nafn sjóðsins gefur til kynna styrkir hann einnig útgáfur sem tengjast starfi félagsins, líkt og handbókina *Sýningargerð og varðveisla safngripa* eftir Nathalie Jacqueminet sem aðgengileg er á heimasíðu félagsins. Loks stendur Íslandsdeildin fyrir reglulegum síðareglunámskeiðum fyrir safnafólk sem auglýst eru á heimasíðu og Facebook-síðu félagsins með góðum fyrirvara.

Hægt er að gerast félagi að ICOM í gegnum heimasíðu Íslandsdeildarinnar, icom.is.



Sérfræðingar að störfum á Listasafni Íslands. Ljósmynd: Sigurður Gunnarsson.

Stjórn Íslandsdeildar ICOM

Viðtal við nýjan Þjóðminjavörð

Nýr Þjóðminjavörður tók við störfum síðasta haust. Harpa Þórsdóttir er þó enginn nýgræðingur í safnagæiranum, eins og flestir þekkja. Hún starfaði sem sýningarstjóri Listasafns Íslands, var safnstjóri Hönnunarsafns Íslands og safnstjóri Listasafns Íslands áður en menningarmálaráðherra skipaði hana nýjan þjóðminjavörð. Hörð viðbrögð urðu í safnasamfélaginu við þeim vinnubrögðum sem voru viðhöfð. Nú þegar aðeins hefur liðið frá lék ritstjórn Kvists forvitni á að vita um fyrstu mánuði Hörpu í starfi, áskoranir og tækifæri sem hún stæði frammi fyrir og sendi því á hana nokkrar spurningar.

Þegar Harpa var innt eftir því hvernig fyrstu mánuðir í starfi hafi verið sagði hún tímann hafa verið viðburðaríkan.

„Safnið fagnar í ár 160 ára afmæli sínu og mitt fyrsta verkefni þegar ég kom til starfa um miðjan október sl. var að kalla saman hóp starfsfólks og leggja drög að afmælisári. Þá þegar hafði verið ákveðið að halda stórsýningu í haust í tilefni af útgáfu rannsóknar Elsu E. Guðjónsson sem hefur staðið yfir í nokkur ár, á íslenskum refilsaumi. En tíminn í söfnum núna litast af því að Covid heimsfaraldurinn er að baki og því má segja að ég hafi komið inn í nýtt upphaf og þá blasa við tækifærin, hvert sem horft er.“

Með nýju fólki koma ávallt nýjar áherslur og því spurðum við hana um hennar helstu áherslur fyrir Þjóðminjasafnið og hvort í þeim felist breytingar sem og hvort hún væri búin að setja sér einhver markmið sem hún vilji ná fram?

„Markmið mín hafa ávallt verið að tryggja fagleika. Ég tek við safninu eftir farsælan tíma forvera míns, Margrétar Hallgrímsdóttur sem leiddi þetta stóra safn inn í nútíma-safnastarf og hér er fagleg hugsun ríkjandi. Ég vil að Þjóðminjasafnið haldi áfram að vera viðkomustaður Íslendinga og þeir sjái ástæðu til að koma reglulega í safnið. Til þess þurfum við að vera kvik og geta höfðað til ólíkra aldurshópa og ekki síður til ólíkra hópa innan samfélags okkar. Þetta er stöðugt og krefjandi verkefni og í sjálfu sér virkar þetta svar kannski ekki krassandi fyrir lesendur, en sannleikurinn er sá að þarna er fölginn hvati til breytinga, nýsköpunar og til stöðugrar sjálfsskoðunar um starfsemi okkar. Við erum stærsta og elsta munasafn ríkisins og viljum halda merki framúrskarandi safnastarfsemi á lofti, okkur öllum, í íslenskum söfnum, til góða.“

Nú stóð talsverður styr í kringum ráðningu þína í starf Þjóðminjavarðar sem sneri að ferlinu, því að starfið var ekki auglýst. Þú tjáðir þig ekki opinberlega um



Harpa Þórsdóttir. Ljósmynd: Steindór Gunnar Steindórsson

það á sínum tíma, enda snerist gagnrýnin ekki að þér heldur ráðherra. Hvað viltu segja um þessi mál, nú þegar mestu öldurnar hefur lagt? Hefur þetta haft áhrif á þig og störf þín?

„Nei það hefur ekki haft áhrif á störf mín. Ég kys að dvelja ekki við þetta mál enda liðið og beini orku minni að hinum mörgu jákvæðu verkefnum sem liggja fyrir. Í Þjóðminjasafninu er gott starfsfólk og ég þekkti þar marga fyrir. Það er mikill hugur í fólki og það fann ég frá fyrsta degi og mætti bara velvild.“

Pólitískt umhverfi í dag virðist ógna starfi og grundvelli margra safna. Skilningsleysi á starfi og mikilvægi safna virðist vera mikið og söfn jafnvel lögð niður með einu pennastriki. Hvernig snýr þessi veruleiki að þér sem Þjóðminjaverði og safnkonu til áratuga?

„Þessu er ekki einfalt að svara. Ég hef séð miklar breytingar til góðs í umhverfi safna á undanförunum áratugum. Ég þreytist ekki á að segja að algjör vatnaskil hafi orðið með tilkomu safnaráðs og Safnasjóðs sem í dag getur veitt veglega styrki og með því verið hvati að þróun safnastarfs. Það sem ég óttast hins vegar er þetta pennastrik. Það er stöðug vinna að minna á sig en það er verkefni sem ekki er hægt að láta hjá líða. Ég tel að markaðsmál og þjónustuhugsun þurfi að taka stakkaskiptum innan okkar safna og mér finnst mikilvægt að sú vinna verði órjúfanlegur þáttur í starfsemi okkar. Slík vinna er dýr en þá þurfa söfn að snúa bókum saman. Svo mætti nefna hluti eins og að við þurfum að fá betri skilti við þjóðvegi landsins. Skilti sem eru stærri og skýrari og tilheyra alþjóðlegri skiltagerð safna og menningartengdri ferðaþjónustu. Við þurfum einnig að vera duglegri að miðla fréttum og varpa fram fróðleik um starfsemi okkar og safnkost. Slík miðlun er ekki flókin og getur fest sérstöðu safns í sessi gagnvart samfélagi sínu. Við þurfum að vera vakandi fyrir þessum þáttum og sinna þeim vel, til að vera ekki sífellt að verja þá mikilvægu starfsemi sem fer fram í söfnum.“

Hvar finnst þér að skóinn kreppi helst að þegar kemur að starfsemi Þjóðminjasafnsins?



Harpa nefnir að endurnýjun á grunnsýninu Þjóðminjasafnsins sé orðin tímabær og þar mætti leggja meiri áherslu á aðkomu barna og miðlun á óáþreifanlegum menningararfri. Ljósmynd: Steindór Gunnar Steindórsson.

„Við fengum Gallup til að spyrja Íslendinga um Þjóðminjasafnið snemma á þessu ári. Úrtakið var stórt og tekið um allt land. Í þeirri könnun kom fram að Íslendingar eru virkilega jákvæðir gagnvart Þjóðminjasafninu og þar erum við efst safna og meðal helstu menningarstofnana þjóðarinnar. Í opnum spurningum kemur fram að það er helst *almennur áhugi* sem leiðir Íslendinga í Þjóðminjasafnið. Sérýningar eða einstaka viðburðir mælast einnig stór þáttur sem ástæða heimsóknar. Við munum halda áfram að kanna þessa tölfræði og fá

samanburð um þróun safnameningar og notum reyndar tækifærið og spyrjum út í safnaheimsóknir almennt. Þannig náum við í upplýsingar sem er mikilvægt að hafa um safnaheimsóknir Íslendinga. Þetta vil ég nefna því það er mikilvægt að geta kannað þekkingu og áhuga almennings á hverjum tíma á Þjóðminjasafninu. Covid sýndi okkur að það varð forsendubrestur við rekstur Þjóðminjasafnsins þegar erlendir gestir hættu að koma. En Íslendingar eru fjölskiptisgestir og ég vil reyna að ná þeim árangri að safnaheimsókn verði eðlilegur



hluti af fjölskyldulífi okkar og veit að þetta er markmið sem við öll sem störfum í söfnum viljum ná. Við erum ekki til fyrir ferðamenn heldur fyrst og fremst fyrir okkar samfélag; gestinn okkar, skólakerfið og svið ýmissa fræða.“

Hverjar eru helstu áskoranir Þjóðminjasafnsins að þínu mati á komandi árum?

„Það er kominn tími á að endurnýja grunnsýningu Þjóðminjasafnsins. Það hafa orðið tæknibreytingar og ýmsar nýjar og spennandi leiðir til að koma sögunni okkar á framfæri á fjölbreyttan hátt. Ég íða í skinninu

að hefjast handa við að útfæra barna-svæði þar sem börn þurfa að kljást við þrautir og inna af hendi sum þeirra verka sem skapa menningararfleifð okkar. Mér þykir til að mynda margt í hinum óáþreifanlega menningararfi þurfa að koma fram hjá okkur í sýningum og jafnvel á gagnvirkun hátt þar sem gesturinn getur spreytt sig sjálfur. Þessar breytingar vil ég gera án þess að raska opnun safnsins og vonandi tekst okkur að hefja þessa vinnu sem fyrst.

Ein sérstaða Þjóðminjasafnsins er húsasafn þess og þar viljum við vanda til verka, nú sem fyrr. Við eigum friðuð hús um allt land og sum þeirra eru í rekstri og umsjá byggðasafna á svæðinu og hafa verið svo áratugum skiptir. En sú breyting sem hefur orðið varðandi ferðaþjónustuna með aukningu ferðamanna færir okkur á nýjan stað með húsasafnið. Ég sé tækifæri í því að nýta betur húsin okkar svo þau njóti stöðugs viðhalds og skarti þeim glæsileika sem okkur ber að tryggja. Þessi hús og kirkjur eru vissulega vandmeðfarnir safngripir en þeir skapa einnig möguleika á ákveðnum stöðum til menningartengdrar ferðaþjónustu og náins samstarfs við sveitarfélög. Húsasafnið á einnig að halda áfram að tryggja rannsóknarverkefni líkt og nýlegt dæmi um verðlaunaða útgáfu Þorsteins Gunnarssonar arkitekts um Nesstofu ber gott vitni um. Eins á við um sérhæfða iðnaðarmenn sem þurfa að kunna til verka og Þjóðminjasafnið getur með húsasafni sínu fóstað, til að taka þátt í að halda gamalli smíða- og handverksþekkingu í heiðri.“

Samkvæmt lögum um Þjóðminjasafnið er safnið skilgreint sem háskólastofnun. Hefur safnið einhver áform um

að styrkja þann þátt í starfsemi sinni, og ef svo hver eru þau?

„Í gildi er samstarfssamningur Þjóðminjasafnsins og Háskóla Íslands og það er töluverð starfsemi í gangi á milli stofnananna. Sérfræðingar safnsins hafa lagt ríkan skerf til námskeiðahalds á sviði hugvísinda og yfirstandandi sýning í Boga-sal, *Heimsins hnoss*, er dæmi um stórt verkefni sem Þjóðminjasafnið tók ríkan þátt í. Ég vil kortleggja þetta samstarf betur svo það sé öllum ljóst hver verkefnin eru og hafa verið og hvar fleiri tækifæri leynast.

Ég vil styrkja þátt listsögurannsóknna og leita leiða til að safnið geti hvatt til rannsókna á þeim listræna arfi sem Þjóðminjasafnið varðveitir.

Svo er ekki hægt að líta framhjá því að Þjóðminjasafnið hefur með sinni þjónustu með skjala- og bókasafn sitt, með þróun Sarps, með þjónustu einstaka sérfræðinga svo sem hvað varðar aðgengi að munum safnsins og svo margt fleira, liðkað fyrir og tekið þátt í fræðum og rannsóknum innan Háskóla Íslands svo áratugum skiptir.

Samstarfið á sér stað og Þjóðminjasafnið vill tryggja þessa brú yfir í menntakerfið. Gaman er að nefna nýjasta dæmið, fyrirlestraröð í Þjóðminjasafninu sem var að hefjast og stendur fram að jólum í umsjón dr. Sigurðar Gylfa Magnússonar undir yfirskriftinni *Eru söfn einhvers virði?*“

Aldarafmæli Listasafns Einarssonar og hvað svo?

Listasafn Einarssonar (LEJ hér eftir) fagnaði hundrað ára afmæli þann 24. júní síðastliðinn. LEJ er fyrsta listasafn landsins sem opnað var almenn- ingi í eigin húsnæði. Í greininni er sjónum beint að stöðu safns- ins á þessum tímamótum.

Það var töluverð áskorun fyrir safnið að halda upp á þennan merkisdag vegna takmarkaðra bjargráða og skuldahala undanfarinna ára. Safnið býr yfir mikilli sérstöðu, sögu og sjarma en starfsemin hefur verið afskipt og undirmönnuð til áratuga sökum takmarkaðra fjárframlaga. Stöðugildin eru tæplega þrjú ef allt starfsfólk er talið og safnið er varla

starfhæft við núverandi aðstæður. Starfsemi LEJ miðast við safnhúsið Hnitbjörg, þriggja hæða alfríðað hús á Skólavörðuholti, umlukið viðamiklum höggmyndagarði sem er alfarið í umsjá safnsins. Safn- eignin samanstendur af rúmlega 350 listaverkum Einarssonar (1874–1954), auk fjölda muna er snerta feril og persónulegar eigur hans og Önnu Marie Mathilde Jørgensen eiginkonu hans. Sýningarrými safnsins eru magnþrungin og söguleg, upp- runalegt sýningarými á miðhæð, vinnustofur frá fyrri tíð á jarðhæð sem nú eru sýningasalir og fyrstu þakíbúð Reykjavíkur sem áður var hluti af heimili Einarssonar og Önnu og er varðveitt sem slík. Frá sjónarhóli

byggingarlistar er safnhúsið sveipað ævintýrablae og þykir vera einstök perla í miðborg Reykjavíkur. Þá er safnið með fjögur lítil varðveislurými, tvö í safnhúsinu sjálfu, það þriðja í gömlum bílskúr á lóðinni og fjórða í skrifstofuhúsnæði safnsins í höggmyndagarðinum. Umfang safnsins er því töluvert og þörf á um fimm stöðugildum í starfseminni að mati núverandi safnstjóra.

Safnið heyrir undir Menningar- og viðskiptaráðuneytið þar sem Einar skrifaði Alþingi bréf árið 1909 og bauð þjóðinni listaverk sín að gjöf, þá 40 að tölu, með þeim skilyrðum að byggt yrði yfir þau húsin. Draumur Einarssonar rættist 1914 þegar frumvarp var samþykkt þess efnis að flytja skyldi listaverkin frá Danmörku til Íslands og varðveita þau á lands- sjóðs kostnað. Hornsteinninn að byggingunni var lagður árið 1916 en Einar og Anna fluttu í húsið árið 1920. Þá fyrst voru listaverk Einarssonar flutt til landsins, ellefu árum eftir að hann ritaði gjafabréf sitt til Alþingis. Það má því segja að hæglæti hafi einkennt starfsemi safnsins alla tíð.

Langþráð afmælisósk – ný þjónustubygging

Við undirbúning stórafmælisins var róið að því öllum árum að tekin yrði fyrsta skóflustunga að nýrri viðbyggingu til að stórbæta þjónustu safnsins við safngesti. Áform um þjónustubyggingu ná aftur til ársins



Forsætisráðherra ávarpar safngesti í upprunalega sýningarsal LEJ. Ljósmynd: Þórdís Erla Ágústsdóttir.



Dansarar túlka brot úr 100 ára sögu safnsins í höggmyndagarðinum. Ljósmynd: Þórdís Erla Ágústsdóttir.

1999 og því langþráð verkefni sem tókst að fjármagna að mestu síðustu ár. Skóflustungan átti að vera táknræn viljayfirlýsing um bjarta framtíð safnsins og var það ósk LEJ í formi minnisblaða og funda að Menningar- og viðskiptaráðherra myndi taka þetta framfaraskref á afmælisdeginum. Ráðherra sá sér hins vegar ekki fært að verða við þessari afmælisósk og átti ekki heimangengt í safnið til þess að fagna stórafmælinu en forsætisráðherra mætti í hennar stað.

Samkvæmt rekstrarfyrirkomulagi ríkisins hefur safnið þurft að afla töluverðra sértekna til að mynda gegnum aðgangseyri og vörusölu í safnbúð. Ný þjónustubygging býr til rými fyrir aukna tekjumöguleika. Árið 2010 gerði Studio Granda tillögu að viðbyggingu sem tengir skrifstofu- byggingu við safnið og stjórnarnefnd safnsins kostaði tillöguna úr svoköll-

uðum afsteypusjóði. Tillagan gerir ráð fyrir breytingum á aðkomu safngesta inn í safnið, stórbætir aðstöðu þeirra og aðgengi auk þess sem hún bætir aðstöðu starfsfólks til muna. Tillagan gerir einnig ráð fyrir því að varðveislurými safnsins verði bætt. Þjónustubyggingin hefur verið að velkjast fram og aftur í kerfinu í áratugi þar til nýverið að ásættanleg kostnaðaráætlun var gerð. Til stendur að áfangaskipta verkefninu þar sem fjármagn til framkvæmdarinnar rúmaðist ekki innan áætlunar. Viðbyggingin mun gera safninu kleift að sinna fræðslu- hlutverki sínu mun betur, halda viðburði, málþing og vera þannig líflegur og skapandi vettvangur.

Skapandi afmælisveisla í boði Evrópusambandsins

Hundrað ára afmælis dagskrá safnsins var sett í samhengi við Evrópu- samstarf sem kallast Open Atelier

(openatelier.eu) og er hluti af Creative Europe styrk til þriggja ára með það að markmiði að opna safnið fyrir þátttöku safngesta og efna til samtals við samfélagið í anda Ninu Simon (<https://participatorymuseum.org/read/>). Á samfélagsmiðlum taldi safnið niður í afmælið eitthundrað dögum fyrir stóra daginn og bauð ólíkum hópum að tjá sig um færslurnar sem birtar voru dag hvern. Verkefnið var falið Þóru Sigurbjörnsdóttur, nýjum starfsmanni safnsins, og tókst henni að leysa það með glæsibrag.

Á sjálfan afmælisdaginn var boðið upp á leiðsögn Péturs Ármannssonar, arkitekts, um húsið og Sigurður Trausti Traustason, safnafræðingur og formaður stjórnarnefndar safnsins leiddi gesti um safnið á sögulegum nótum. AlmaDís Kristinsdóttir safnstjóri steig í pontu og stiklaði á stóru um starfsemi og

sögu safnsins og Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, ávarpaði gesti. Í höggmyndagardinum var boðið upp á frumlegt nart og litríka drykki í eins konar þátttöku-garðveislu auk þess sem Erna Ómarsdóttir, listdansstjóri Íslenska dansflokksins, ásamt Sögu Sigurðardóttur tólfuðu brot úr 100 ára sögu safnsins gegnum dans. Þá var gestum gefinn kostur á að tjá sig um fortíð og framtíð safnsins í póstkortasmiðju í garðskála í umsjá Jóhönnu Ásgeirsdóttur, myndlistarmanns. Sólveig Thoroddsen, hörpuleikari lék ljúfa tóna sem ómuðu um safnið. Afmælið tókst því einkar vel, var skapandi og skemmtilegt, aðsókn og umfjöllun var með besta móti en hvað svo?

Menningarlega ríkt safn

Ljóst er að LEJ hefur um langa hríð verið jaðarsett fjárhagslega og segja má að safnið sé menningarlega ríkt en rekstrarlega fátækt sem hamlar starfsemi þess og framþróun. Það kostaði þrjátíuþúsund krónur að byggja safnið á sínum tíma. Eigandi þess, íslenska ríkið, veitti Einari styrk upp á tíu þúsund krónur fyrir byggingunni en tuttugu þúsund

krónum var safnað meðal almennings. Á þessu má sjá að safnið hefur mátt berjast fyrir hverri krónu alla tíð og þeirri baráttu er hvergi lokið.

Þegar dyr safnsins voru opnaðar almenningi 24. júní 1923 var ekkert hús á Skólavörðuholti og fólki fannst galið að byggja á þessum stað sem þá var í útjaðri borgarinnar. Lýsingar frá upphafsárum starfseminnar eru skrautlegar. Anna lýsti því í viðtali að þegar þau hjónin voru flutt í húsið var rakinn í íbúðinni á efstu hæð svo mikill að skór þeirra hjóna urðu grænir af myglu undir rúmum. Þá voru ruslahaugar Reykvíkinga staðsettir á holtinu og fnykurinn eftir því. Síðar reis braggabyggð fyrir utan dyr safnsins á þeirri lóð sem nú hýsir Hallgrímskirkju og varð líklega til þess að í kringum safnið reis heljarmikið steypit grindverk og í safninu er til skilti sem á stendur „Börnum bannaður aðgangur“. Hugmyndafræðilega séð er það vilji safnsins að fjarlægja þessi mörk og afmörkun við samfélagið og opna starfsemina þannig að sem flestir geti notið. Í vinnslu er barnabókin *Einar, Anna og safnið sem var bannað*

börnum og mun hún verða sýnileg á steypu grindverki safnsins sem snýr að Eiríks götu. Bókin er unnin í Evrópu- og nágrannasamstarfi við Leikskólann Grænuborg og rithöfundinn Margréti Tryggvadóttur.

Forstöðumenn og safnstjórar LEJ

Á eitthundrað árum hafa átta forstöðumenn starfað við safnið. Fyrstu fjórtíu og sjö árin var safnið í höndum Einars og Önnu og var eins konar einkasafn þeirra hjóna sem bjuggu í því og unnu. Ekkja Einars sinnti starfi forstöðumanns frá andláti myndhöggvarans árið 1954 til ársloka 1970. Anna var ein af fyrstu konunum sem sinnti slíku embætti hér á landi. Menntamálaráðuneytið skipaði fimm manna stjórn til að starfa í safninu árið 1968 skv. erfðaskrá Einars og Önnu. Stjórnarnefndin starfar enn og er safnstjóra til ráðgjafar.

Séra Jón Auðuns dómprófastur var ráðinn sem forstöðumaður safnsins eftir að Anna lét af störfum sökum aldurs og gengdi starfinu í tæp átta ár. Þá tók Ólafur Kvaran við og var forstöðumaður frá 1978 til 1991. Ólafur tók til hendinni hvað varðar rými safnsins og uppröðun. Hans doktorsverkefni (1986) er ein af fáum rannsóknum sem stundaðar hafa verið á list Einars. Á afmælisárinu stendur til að gefa út nokkur smárit eftir ólíka höfundu um viðfangsefni safnsins á íslensku og ensku en veruleg vöntun hefur verið á efni um starfsemina á ensku. Fyrsta smáritið með samantekt á rannsókn Ólafs kom út á afmælisdaginn.

Þegar safnið hélt upp á 60 ára afmælið árið 1983 var höggmyndagardurinn opnaður og kostaður gegnum sölu á afsteypum til fyrirtækja en það gleymdist að gera ráð fyrir fjármagni til að hugsa um gardinn til framtíðar. Höggmyndagardurinn var fyrstu fimmtíu árin einkagardur Einars og Önnu. Í dag



Frumlegt afmælisnart í höggmyndagardinum. Ljósmynd: Þórdís Erla Ágústsdóttir.

er hann dýrmætur grænn reitur í borgarlandslaginu, opinn allan sólarhringinn og stór hluti af gæðum safnsins. Garðurinn er þó alfarið á forsjá safnsins og er umsjón hans eitt af baráttumálum þess.

Hrafnhildur Schram tók við af Ólafi 1991 og starfaði í LEJ til aldamótanna 2000. Hennar framlag fólst meðal annars í því að vekja athygli á bágbornu ástandi hússins og það fékk ærlega „andlitslyftingu“ á 75 ára afmæli safnsins. Hrafnhildur gekk frá íbúðinni þannig að óhætt væri að opna hana almenningi og bauð upp á tónleika í safninu sem þá var nýlunda. Júlíana G. Gottskálksdóttir tók við keflinu af Hrafnhildi og var skipuð forstöðumaður um mitt ár 2000 og vann meðal annars að friðun hússins. Hún skrifaði um verk Einars í Íslensku listasöguna, ritröð sem vildi svo heppilega til að Ólafur Kvaran ritstýrði. Barátta Júlíönu fólst meðal annars í því að bæta skráningu og aðgengismál safnsins. Júlíana benti á vankanta eins og að í safninu er enn klósett sem byggt var fyrir tvær manneskjur en hefur þjónað safngestum frá sirka 1950 og er í ósamræmi við lög um opinberar byggingar. Þá hefur aðstaða fyrir starfsfólk í safnhúsinu verið afleit frá upphafi. Það var í tíð Júlíönu að gerð var þarfagreining að nýrri þjónustubyggingu árið 2006 og verðlaunuð vefsíða (lej.is) var opnuð 2012 en hefur staðið í stað æ síðan. Júlíana starfaði í LEJ til ársins 2013.

Árið 2014 var Sigríður Melrós Ólafsdóttir ráðin sem safnstjóri í hálftr starf. Nú var ekki skipað í embætti forstöðumanns heldur ráðinn safnstjóri í hlutastarf sem líklega var sparnaðarráð hjá ráðuneytinu. Þá var gerð tilraun til að flytja hluta starfsemi LEJ til Listasafns Íslands en þótti ekki lukkast og gekk því til baka. Sigríður Melrós fór fljótlega í fullt starf og starfaði sem



Kynslóðabílið brúað í póstkortasmiðju. Ljósmynd: Þórdís Erla Ágústsdóttir.

safnstjóri LEJ til ársins 2020 þegar höfundur var ráðinn. Sigríði Melrós tókst að gæða starfsemi safnsins lífi gegnum samstarf og auka opnunartíma þess sem þótti sæma staðsetningu og fjölda ferðamanna í miðbænum. Ein af mínum áskorunum var að draga úr opnunartíma safnsins í kjölfar hagræðingar og heimsfaraldurs en vonir standa til að geta rýmkað hann aftur um leið og fjárheimildir leyfa.

Í minni tíð er ég afar stolt af því að koma safninu gegnum viðurkenningarferli safnaráðs í lok árs 2021, minnka skuldahala safnsins og bæta vinnuáðstöðu starfsfólks. Viðurkenningin setur faglegan ramma utan um starfsemiina sem ekki má gleymast í baráttunni um að lifa af. Það er ómetanlegt að geta sótt um styrki í safnasjóð sem viðurkennt safn og eftt þannig starfsemiina til muna. Forvörsluáætlun hefur í fyrsta sinn verið gerð í safninu, hlúð hefur verið betur að safnkosti í heild sinni og fagleg dagskrá og samstarfsverkefni safnsins hafa aukist.

Áframhaldandi afmælisdagskrá og hamskipti í LEJ

Sýningarröðin Tími, tilvist & tileinkun: Hamskipti í Listasafni Einars Jónssonar 2023 er hluti af afmælisdagskrá safnsins. Í febrúar opnaði sýningin *Allt um kring* eftir Jónínu Mjöll Þormóðsdóttur sem samanstóð af fisléttum listaverkum úr hvítum fjöðrum. Hollenski myndlistarmaðurinn Kees Visser færði safninu rúmlega sjötíu grafíkverk að gjöf og sýning hans *Tileinkun* var opnuð á hundrað ára afmælisdeginum. Seinna á árinu er stefnt að því að opna tvær sýningar til viðbótar í þessari sýningarröð og efna til málþings ef styrkveitingar, fjárframlag og þrek starfsfólks dugar. Staða safnsins er því brothætt þrátt fyrir háan aldur en baráttuandi Einars og Önnur blæs okkur von í brjóst um bjarta framtíð safninu til handa. Þann 11. maí 2024 verða 150 ár liðin frá fæðingu Einars Jónssonar og spurning hvort það takist að taka fyrstu skóflustunguna að nýrri þjónustubyggingu á þeim tímamótum.

AlmaDís Kristinsdóttir, safnstjóri

Safngjafir – hver stjórnar?

Í umræðunni um nýtt hlutverk safna hefur verið kallað á nýjar áherslur í safnastarfi. Þær áherslur eru m.a. að gefa almenningi meiri völd, leyfa fólki að taka þátt í starfsemi safna, sem og að reyna að láta söfn ná betri tengslum við nærumhverfi sitt. Í lokaritgerð minni til M.A. gráðu í safnafræði, *Gjafir til safna: Erró og áskoranir Listasafns Reykjavíkur* (2015) fjallaði ég um gjafir til safna og þær áskoranir sem slíkar gjafir bjóða söfnum upp á. Þar kom ég inn á hugtök á borð við sameiginlegt minni og þjóðardýrlinga. Ég rýndi í safngjöf sem listamaðurinn Erró gaf Reykjavíkurborg árið 1989. Gjöf Errós var stór og umdeild og er dott dæmi um hvernig safngjöf getur haft áhrif á starfsemi safns. Gjafagjörningurinn varpar ljósi á hvernig ákvarðanir þeirra sem þiggja hefur áhrif á stofnun í almannaeigu og hversu valdamiklir þeir aðilar eru. En spurningin er hvort þær ákvarðanir séu í takt við safnastarf og áherslur samfélagsins og hvort þær að sama skapi hugnist flestum?

Safngjafir

Gjafir til safna eru mikilvægur grundvöllur safnastarfs og er safnkostur safna oft að mestum hluta byggður á gjöfum. Safngjafir eru í raun nauðsynlegar, þar sem slíkar stofnanir hafa yfirleitt ekki burði til að fjármagna kaup á þeim munum sem samræmast söfnunarstefnu þeirra og þau sækjast eftir.


Safngjafir eru margskonar og gefendur eru að sama skapi fjöl-

breyttur hópur. Misjafnar ástæður geta legið að baki slíkra gjafa en nokkur dæmi um það er að fólk vill auka við safnkost safna, varðveita menningarminjar og minningar, gera góðverk, leyfa öðrum að njóta og heiðra minningu fjölskyldunnar. En safngjafir eru einnig gefnar í eigingjörnum tilgangi.

Gjafir til safna lúta sömu óskrifuðu reglum samfélagsins sem venjulegar gjafir milli manna gera. Gjöf ætti samkvæmt skilgreiningunni að gefast af fúsum vilja en í raun eru hlutir gefnir og endurgoldnir sem ákveðin skylda. Gjöf krefst ákveðinna skuldbindinga af hendi beggja aðila, gefenda og þiggjenda, þar sem endurgjöf skal alltaf eiga sér stað. Gefandi að safngjöf óskar eftir einhverju í staðinn, t.d. varðveislu munanna og/eða að minningu gefandans sé haldið á lofti með einhverjum hætti.

Gefendur eru stundum með fyrirfram ákveðnar hugmyndir um hvernig gjöf skal meðhöndluð eftir að hún er komin inn á safn. Gefandinn setur þar af leiðandi kröfur á gjöfina til að tryggja að farið sé eftir þeim óskum sem hann sjálfur hefur. Miklar og íþyngjandi kröfur af hendi beggja aðila (gefenda og safna) geta haft afar neikvæð áhrif. Slíkar deilur geta rýrt orðspor safna og skapað neikvæða ímynd.

Oft á tíðum eru mun fleiri aðilar sem koma að stórum gjafagjörningum til safna. Þeir aðilar ryðja oft en ekki



Erró: Picasso manía, 1992.

brautina, hafa völd til að koma verkum í framkvæmd eða fjármuni til þess. Slíkir aðilar sem koma að gjafagjörningnum með óbeinum hætti eru einnig að tryggja minningu sjálfs síns og reisa sér bautasteina.

Þjóðardýrlingar

Söfn varðveita menningu og þar af leiðandi viðhalda minningum þess samfélags sem þau eru búin til í. Menningarlegar minningar hafa áhrif á sjálfsmynd einstaklinga sem og samfélaga og eru m.a. gerð til að móta huga einstaklinga. Söfn eru í þeirri stöðu að geta haft áhrif á það hvað fólk man og hverju það gleymir.



Þjóðardýrlingar er hugtak sem Jón Karl Helgason bókmenntafræðingur fjallar um í bók sinni *Ódáinsakur* (2013) og þar ræðir hann m.a. um hvernig sumir aðilar hafa verið upphafnir í þágu ýmissa valdhafa og nýttir sem þjóðardýrlingar þess ríkis sem þeir tilheyrta. Slíkir þjóðardýrlingar eru notaðir til að koma á framfæri ákveðinni sýn til almennings og til að halda minningu þeirra á lofti eru útbúin ýmis konar minnismerki tileinkuð þeim. Jón Karl fjallar um hvernig sameiginlegum minningum þjóðar er stýrt með slíkum aðilum. Pólitísk völd skipta máli í þessum efnum en áherslur

þeirra sem stjórna hverju sinni hefur mikið að segja um ákvarðanatökur og fjármögnun í tengslum við slíka minnisvarða. Að sama skapi skipta hugsjónamenn máli, sem koma hugmyndinni í framkvæmd og fylgja því á leiðarenda. Slíku viðurkenningarstarfi fylgir hins vegar ákveðin hætta, en með þjóðardýrlinga-dýrkun er hætt við að einhverjir verði útundan. Jón Karl bendir t.a.m. á það að konur vanti á lista yfir þjóðardýrlinga sem og alþýðufólk.

Gjafagjörningur Errós

Gott dæmi um stóra safngjöf sem hafði mikil áhrif á samfélagið er

gjöf listamannsins Errós. Í tilviki Errós var um að ræða mörg þúsund listaverk auk persónulegra gagna sem gefið var Reykjavíkurborg árið 1989. Verkunum var komið fyrir á Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsi og frá árinu 2001 hefur þar verið sérstakt safn, Errósafn. Frá árinu 1989 hefur stöðugt verið að bæstast við af verkum og persónulegum gögnum í safnið.

Gjöf Errós var umdeild og ekki allir á eitt sáttir þegar áætlað var að byggja heilt safn yfir gjöf hans. Þáverandi borgarstjóri Reykjavíkur, forstöðumaður Listsafns Ásmundar Sveinsonar (og frá árinu 1989 forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur) auk annarra valdamanna voru hvatamenn að gjafagjörningnum. Menn töluðu um gæluverkefni hægri manna eða nokkurra vina og um minnisvarða sem háttsettir menn væru að reisa sér á kostnað borgarbúa.

Þrátt fyrir stækkun listasafnsins við opnunina í Hafnarhúsi var ekki fjármagn til að bæta við faglærðu starfsfólki. Safndeildin stækkaði þó um rúmlega helming. Ýmsir aðrir vankantar voru á gjafagjörningnum, m.a. var áformunum haldið leyndum fyrstu árin og það vantaði gjafabréf með gjöfinni. Stærð gjafarinnar er einnig umhugsunarverð og sú staðreynd að ekkert þak var á henni. Allt þetta bendir til að faglegt starf safnsins hafi ekki verið aðalatriðið, þegar gjöf Errós var þegin.

Erró sagði að engar kvaðir fylgdu gjöfinni enda er safninu ekki leyfilegt að þiggja gjafir sem á hvíla einhverjar kvaðir. En eins og kom fram hér að framan er alltaf einhver undirliggjandi krafa af hendi gefandans. Erró vildi finna verkum sínum varðveislustað en þar að auki var hann að setja sig á stall, koma sér á framfæri. Og það sama má segja um hvatamennina sem unnu að gjafagjörningnum.



Erró: Russian Films 1920-1930.

Safngjafir voru notaðar hér áður fyrr á alþjóðavettvangi sem ákveðin skiptivara á milli safna, með þeim hætti að söfn buðu grip að gjöf í skiptum fyrir annan. Söfn juku þar með við safnkost sinn en sköpuðu einnig samskipti við aðrar álíka stofnanir um heim allan. En í því samhengi er áhugavert að velja því fyrir sér hver megin ástæðan sé fyrir stórrí safngjöf? Eru það gjafaskiptin sjálf sem eru aðalatriðið eða það sem þau skapa, þ.e. samböndin og ímynd gefendanna. Var það raunin hjá Erró, þ.e. að skapa sér stærra nafn, að verða þekktari? Var gjafagjörningurinn sjálfur mikilvægari heldur

en varðveisla verkanna? Og var það að sama skapi megin hugmyndin hjá þiggjandanum, Reykjavíkurborg?

Samantekt

Gjafagjörningur er flókinn félagslegur gjörningur. Í tilviki safna sem þiggja gjafir þarf að huga til lengri tíma þegar þær eru þegnar og söfn hafa skyldum að gegna gagnvart almenningi og ekki síður komandi kynslóðum. Almenningsur verður að sjá hag í gjöfinni og tilgang með varðveislu hennar. Því er mikilvægt að vinna að slíkum gjörningi með samfélaginu og í takt við fólkið sem þar býr.

Þegar kemur að ákvarðanatöku í slíkum samfélagslegum málefnum, eins og gjafagjörningar til safna eru, skiptir máli hverjir eru við stjórnvölinn hverju sinni. Það þykir ekki dæmi um fagleg vinnubrögð að ráðherrar eða fyrirmenn samfélagsins geti gegnt eins stóru hlutverki í ákvarðanatöku gagnvart heilu safni eða menningarstofnun eins og raun ber vitni. Og að safnstjórar styðji við hugmyndir valdamanna á kostnað starfsemis safns er enn meira áhyggjuefni og veltir maður þar með fyrir sér fyrir hverja safnstjórar vinna.

Gjöf Errós er eitt dæmi af mörgum um heiðrun ákveðins einstaklings. En slík heiðrun er yfirleitt í þágu einhverra valdhafa sem e.t.v. hafa ekki hag safnsins að leiðarljósi heldur eru drifnir áfram af eiginhagsmunum. Söfn eru oft í erfiðri stöðu þegar kemur að móttöku svo stórra gjafa eins og í tilviki Errós. Óviðeigandi þykir að afþakka slíkan stórhug en færri hugsa til þeirra ábyrgðar með ýmsum tilkostnaði sem slík gjöf leggur á samfélagið. Bæði gefendur og þiggjendur skuldbinda sig þegar gafir eru gefnar en réttur gefenda virðist þó vera sterkari í samanburði við rétt þiggjenda.

Gjafagjörningar geta verið varhuga-verðir, sérstaklega í tilviki stórra gjafa, þar sem með þeim er verið að segja frá ákveðnu sjónarhorni sögunnar. Stórar gjafir sem þegnar eru af ákveðnum aðilum fyrir hönd safns, endurspeгла ekki endilega sýn almennings á söguna. Og þær hafa einnig áhrif á aðra hliðstæða aðila, samanber aðra listamenn sem bíða þar með lægri hlut í sameiginlegu minningarstarfi.

Eydís Einarsdóttir, safnafræðingur



LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM


OPIÐ ALLA DAGA KL. 12-17

REYKJANES DUUS MUSEUM

Contemporary Art - Open daily from 12:00 - 17:00

LISTASAFN REYKJANESBÆJAR

Nútíma list - Opið daglega frá kl. 12:00 - 17:00



**Við erum jörðin
- við erum vatnið**
Heimir Freyr Hlöðversson
03/02/2023—02/02/2024

 **Sjóminjasafnið
í Reykjavík**

 Grandagarður 8, 101 Reykjavík
Opið daglega 10:00-17:00

Reykjavík... sagan heldur áfram

Rúmt ár er síðan sýningin *Reykjavík... sagan heldur áfram* opnaði í Aðalstræti 10 í miðbæ Reykjavíkur á vegum Borgarsögusafns Reykjavíkur. Sýningin er framhald af Landnámssýningunni á Aðalstræti 16 sem vakið hefur mikla lukku og vinsældir í gegnum árin. Milli húsanna hafa verið grafin göng og því er innangengt milli sýninganna og sami aðgöngumiði gildir á þær báðar. Húsið var byggt 1762 og er eitt elsta hús Reykjavíkur. Það hefur hýst ýmiss konar starfsemi í gegnum árin en þar á meðal verslun Silla og Valda til 1975.

Samkvæmt vefsíðu Borgarsögusafns er markmið sýningarinnar *Reykjavík... sagan heldur áfram* að „draga fram þætti úr sögu Reykjavíkur, varpa ljósi á daglegt líf íbúanna og tíðarandann í aldanna rás“,

ásamt því að undirstrika mikilvægi Aðalstrætisins sem sögumiðju Reykjavíkur. Þessu markmiði hafa starfsmenn og sýningarhönnuðir safnsins náð með prýði og sýningin á sér margar sterkar hliðar. Þó er hún ekki lýtalaus og hefði betur mátt fara á sumum stöðum.

Sýningin skoðuð

Þar sem *Reykjavík... sagan heldur áfram* er framhald af Landnáms-sýningunni ber helst við að hefja för í gegnum þessa nýju sýningu í göngunum sem skilja að þessar tvær sýningar. Göngin eru vel upplýst og afar snyrtileg en veggirnir þaktir textaspjöldum og myndum sem upplýsa gesti um sögu Reykjavíkur í gegnum aldanna rás. Það er einna helst hér sem sýningunni tekst ætluarverk sitt að varpa ljósi á daglegt líf Reykvíkinga áður fyrr, þar sem



©Borgarsögusafn Reykjavíkur Ljósmynd: Vigfús Birgisson.

hér er að finna góðar en almennar lýsingar á lifnaðarháttum, mataræði, bjargræðisvegum, verslun, o.fl.

Gaman er að sjá heimildir njóta sín á sýningunni, bæði þar sem gestir fá að lesa lýsingar á daglegu lífi (líkt og brot úr Íslandslýsingu Odds Einarssonar biskups frá því um 1590) eða þá í tilvikum frumheimilda á borð við kaupsamning fyrir Reykjavík frá 1615. Það sem einna helst stendur upp úr á þessum gangi er þegar heildarsagan stígur til hliðar fyrir persónulegri frásagnir af einstaklingum eða atburðum, á borð við Fríðu frá Arnarhóli, Sveini Brandssyni og lýsingu af veislu Ólafs Stephsensens stiftamtmanns í Viðey í byrjun nítjándu aldar. Sýningarhönnuðir stóðu sig einkum vel í þessu enda geta persónusögur einstaklinga verið bæði áhrifaríkar og minnistæðar.

Helsta vankantinn sem finna má á þessum gangi er ákveðinn skortur á upplýsingum á sumum stöðum. Veggspjöldin sem skýra frá sögu borgarinnar sinna hlutverki sínu vel en eitthvað vantar upp á að gestir geti glöggvað sig á samhengi sumra þeirra korta eða skjala sem einnig er að finna á ganginum. Þar má nefna snoturt líkan af Reykjavík



©Borgarsögusafn Reykjavíkur Ljósmynd: Vigfús Birgisson.



©Borgarsögusafn Reykjavíkur Ljósmynd: Vigfús Birgisson.

án ártals og kort sem virðist sýna muninn á Reykjavík 1749 og nú — en það er samt nokkuð óljóst. Þessi upplýsingaskortur er áberandi í tilviki skjala sem liggja í skúffum um miðjan ganginn en gestir verða að stauta sig í gegnum skrift þeirra til að geta áttað sig á tilgangi þeirra á sýningunni.

Upplifun

Að ganginum loknum er gengið inn á bíósýningu, þar sem umgjörð tjaldsins á að líkja eftir sviði Fjalakattarins. Þar er gott að setjast niður og fylgjast með myndum úr Reykjavík. Myndirnar eru vel valdar og vekja áhuga, útundan mér heyrði ég gesti ræða þær staðsetningar sem myndirnar sýndu og tilraunir þeirra til að giska hvaða gata væri upp á tjaldinu hverju sinni. Myndirnar eru

unnar á skemmtilegan máta: fáanar hreyfast í vindi og reykur líður um himininn. Áhrifin eru einkum heillandi vegna hljóðanna í herberginu, þar sem við heyrum í brunabjöllum, gneistum í eldi og fleiru því sem finna má á tjaldinu.

Á hæðinni fyrir ofan tekur við meiri spjaldalestur — í þetta sinn um Reykjavík á tuttugustu öld: brunann og skipulagningu borgar. En í heildina litið er pièce de résistance sýningarinnar *Reykjavík... sagan heldur áfram* myndlíkanið sem situr við afgreiðsluna þegar komið er yfir í Aðalstræti 10. Þar fáum við að sjá Aðalstræti í Reykjavík ásamt nærliggjandi götum eins og þær hafa verið í byrjun tuttugustu aldar. Þarna hefur verið hugað að smáatriðum, hlutar líkansins eru afar fíngerðir

og greinilegt að mikil og góð vinna hefur farið í smíð þess. Heildarmyndin er afar glæsileg. Við líkanið er að finna tvo sjónauka sem gera gestum kleift að líta nánar á líkanið en í gegnum þá er einnig hægt að sjá tölvugerða borgarþúa fortíðar út á götu við ýmiss störf. Innbyggt í sjónaukana eru hátalarar sem spila samtöl milli þessa fólks og því fær gesturinn að gæjast inn í hversdagslegt líf Reykvíkinga áður fyrr. Þetta líkan spilar stórt hlutverk í upplifun safngestsins og er það helsta sem stendur upp úr ferðinni á sýninguna *Reykjavík... sagan heldur áfram*.

Á ferð og flugi

Á hæðinni fyrir ofan heldur sagan áfram og saga Reykjavíkur á miðri tuttugustu öld tekin fyrir. Þar er að finna strætóskýli og myndskleið



©Borgarsögusafn Reykjavíkur Ljósmynd: Vigfús Birgisson.

af strætisvagni með opna hurð. Gestir geta þá sest niður á bekk og fengið ímyndað far með honum um úthverfi Reykjavíkurborgar með hjálp myndasýningar. Myndirnar sýna hverfi eins og Háholtin og Breiðholtið; hvernig hverfin byggðust upp og svipmyndir af íbúum þeirra í gegnum tíðina. Þó þessi myndasýning fari vissulega gegn settum áherslum sýningarinnar að leggja áherslu á Aðalstrætið sem sögumiðju Reykjavíkur er hún samt sem áður afar velkomin. Hún minnir gesti á að Reykjavík er miklu meira en bara Aðalstræti og nærliggjandi götur og það er viðeigandi að gefa úthverfunum örlítinn sess þegar fjallað er um miðbik tuttugustu aldarinnar þó þau séu ekki meginviðfangsefni sýningarinnar.

Á efri hæðinni er líka að finna sýningarborð sem er í laginu eins og Reykjavíkurflugvöllur. Þar er þeim breytingum sem áttu sér stað

á borginni milli 1945 og 1980 gefinn gaumur með umfjöllunum um braggabygðina, breytingar í sveit úr borg og villtri tilveru Reykjavíkuræskunnar. Þetta er ágætlega gert en áherslurnar sumpart í lausu lofti og jafnvel samhengislausar.

Að lokum

Á sýningunni *Reykjavík... sagan heldur áfram* er miðlunarháttum blandað saman af kostgæfni og heildarmynd sögu borgarinnar er gefin góð skil. Þar má finna ofgnótt af lesefni og áhugaverðum myndum en upp úr standa aðferðir safnsins til að hafa ofan af fyrir safngestum með annars konar miðlun á borð við líkön og skjái. Einstaklingurinn gleymist ekki á sýningunni, stuttum sögum um venjulegt fólk er stráð í gegn en þessar sögur hefðu jafnvel mátt vera fleiri.

Gallar sýningarinnar eru ekki margir. Þar má helst nefna skort á upplýsingum um hvað ber fyrir augu gesta

á sumum stöðum eins og áður hefur verið rætt. Einnig hefði verið gaman ef sýningunni fylgdi sýningarskrá eða bæklingur — ef ekki aðeins til þess að gestir gætu frætt sig örlítið um tilurð og hlutverk sýningarinnar og hverjir stóðu að henni. Ég tel það vera óþarfi að fara nánar út í aðra litlar athugasemdir yfir hluti sem betur mætti gera á sýningunni enda væri það tóm smámunasemi og engum til góða.

Að því sögðu þá tel ég *Reykjavík... sagan heldur áfram* vera afskaplega fína sýningu. Hún er kannski ekki það sterkasta sem hefur komið úr búðum Borgarsögusafns síðastliðinn áratug eða svo en hún er vissulega fræðandi, skemmtileg og vel unnin. Starfsmenn safnsins eiga hrós skilið fyrir þá vinnu og natni sem fór í vinnslu hennar.

Ása Ester Sigurðardóttir,
sagnfræðingur

Ragnheiður Jónsdóttir *Kosmos/Kaos* *Cosmos/Chaos*

Jakob Veigar Sigurðsson *Megi hönd þín vera heil*
May Your Hand Not Hurt

LISTASAFN
ÁRNESINGA

LÁ
ART MUSEUM

02.09.—
22.12.2023



Gefðu þér tíma
og staldraðu við
í Glaumbæ

Gaktu inn í horfinn tíma og upplifðu húsakynni og heimilismuni sem algeng voru á Íslandi um margra alda skeið.

Sýningin „Mannlíf í torfbæjum“ er í gamla bænum í Glaumbæ, sem er gangabær úr torfi og grjóti líkur þeim sem tíðkuðust á stórbýlum á Íslandi fram á fyrri hluta 20. aldar. Í Áshúsi, timburhúsi frá 19. öld, eru sýningar um heimilishald á fyrri hluta 20. aldar.

 Byggðasafn
Skagafringa

GLAUMBÆ 561 VARMAHLÍÐ | S: 4536173 | BYGGÐASAFN@SKAGAFJORDUR.IS | WWW.GLAUMBAER.IS

Söfn og inngilding

Í þessari grein verður hugleitt hvaða merkingu við setjum í hugtakið inngilding á sviði safna og hvort gagnsæi þess sé augljóst?

Fram kemur í orðabók Árna Magnússonar að í menntafræðum þýðir orðið inngilding „skóli án aðgreiningar“. Það er, að allir nemendur fái notið sín og séu viðurkenndir sem fullgildir þátttakendur. Ef við yfirferum skilgreininguna á söfn og hugsun um „söfn án aðgreiningar“ erum við þá að tala um alla þá sem starfa innan safnsins og gesti þeirra? Hvað þýðir að starfsmenn og gestir fái notið sín og þeir séu viðurkenndir sem fullgildir þátttakendur?

Spurningarnar vísa bæði í innra starf safna og tengsl þess við samfélagið og má af því leiða að væntingar til safna hafa aukist. En eru söfnin tilbúin? Til þess að koma til móts við aukinn skilning á inngildingunni hlýtur menntun og þjálfun safnkennara og faglærðra starfsmanna safna að verða að vera í takt við aukna hlustun á ólíkar raddir og samkennd. Að byggja upp traust, stuðla að vellíðan og auknum lífsgæðum á drjúgan þátt í hvort takmarkinu sé náð.

Traust, vellíðan og lífsgæði eru stór orð og flókin. Getum við til dæmis sett okkur í spor safngesta án þess að spyrja spurninga um hvaða hindranir hafa áhrif á reynslu þeirra. Hvað telst hindrun á safni? Geta þeir lýst jákvæðri reynslu á safni? Inngilding hlýtur að þýða að skilgreina hindranir og fjarlægja þær, allt frá efniskenndum hindrunum bygginga til viðmóts starfsmanna, birtu og hljóðvist, fræðsluefni og upplýsingagjöf.

Vellíðan á söfnum

Í bók sinni *The Value of Museums: Enhancing Societal Well-Being* (2022) veltir John H. Falk því fyrir sér hvaða gildi söfn hafi fyrir fólk. Hann telur eitt helsta gildi þeirra vera vellíðan. Falk skilgreinir hugtakið og segir vellíðan vera viðvarandi. Hverfult ferli þess reynir að viðhalda jafnvægi við efnislegan, félagslegan, vitrænan og einstaklingsbundinn heim fólks. Sem slík er vellíðan heildræn tilfinning sem verður til við samþættingu á röð ótal líffræðilegra og menningarlegra þátta sem byggja á viðhorfum til þess að lifa af.

Samkvæmt þessari skilgreiningu byggist vellíðan á ákveðnu jafnvægi milli sjálfsins og þess sem í kringum það er. Maður finnur fyrir öryggi sem þó er hverfult. Spurningin er hvernig því er náð á nýjan leik. Geta söfn aðstoðað? Eru hugtökin um vellíðan og inngildingunni hluti af menntun safnkennara og faglærðra starfsmanna safna? Auknar kröfur um aðgengi leiðir til meiri samfélagslegrar ábyrgðar. Starfsmenn safna þurfa að finna fyrir öryggi í starfi, það gera þeir með þekkingu að baki. Æskilegt væri að menntun þeirra byggðist á þverfaglegum námskeiðum, jafnvel sálfræði og samfélagsfræði auk þess sem námið ætti formlegt samstarf við samtök viðkvæmra samfélags hópa. Það myndi byggja upp öryggi og samkennd í samskiptum við gesti,



Frá uppskeruhátíð smíðunnar „Listir og menning sem meðferð, Tarta Murcia“. Á sýningunni í Casino byggingunni voru portrett myndir þátttakenda með alheimers sýndar ásamt uppskriftum af uppháldsskökum þeirra. Myndin sýnir fólkið með alzheimer og aðstandendur þeirra, læknameið, kökugerðameistara frá Paco Torrelanca bakariinu ásamt öðrum borgarþúum smakka nýju tertuna sem þau bjuggu til út frá uppskriftunum sínum. Er hægt að aðgreina hver er hvað? Fullvist er að samtalið fór fram án aðgreiningar og allir fengu að tjá sig á jöfnum grundvelli. Ljósmynd: Juan Sandoval.

auðvelda tengingu við lífssögu gesta, vinna með styrkleika þeirra og þannig kveikja á samræðum.

Dagskrá fyrir fólk með alzheimer

Slík þjálfun hefur reynst árangursrík í sérsniðinni dagskrá fyrir fólk með alzheimers og aðstandendur þeirra sem hefur fest rætur í nokkrum íslenskum söfnum undir heitinu *Listir, hugarefning og vellíðan; Hittumst á safninu*. Hún er undir hatti stærra alþjóðlegs verkefnis, *Listir og menning sem meðferð við alzheimers* (<http://artandcultureastherapy.blogspot.com>). Meðal markmiða verkefnisins er að auka lífsgæði með því að tengja við lífsreynslu þátttakenda, vinna með styrkleika þeirra, virkja með samræðum og félagslegum samskiptum. Minningar móta okkur og á þeim byggir stór hluti sjálfsmyndar okkar sem hefur áhrif á það hvernig við bregðumst við aðstæðum. Safngripur/myndverk aðstoðar áhorfandann við að ná til minninga sinna með því að nálgast þær með áður óþekktum leiðum.

Til að öðlast öryggi við móttöku fólks með alzheimersjúkdóminn hefur mikilvægur þáttur í þjálfun safnfræðslukennara verið að öðlast þverfaglega þekkingu frá öldrunarlækni minnismóttöku Landspítalans og kynnast starfssemi dagþjálfana sem bjóða skjólstaðingum að taka þátt í dagskránni.

Ljóst er að söfnin hafa lyft grettistaki og aukið lífsgæði og vellíðan þátttakenda. Starf þessara safna hefur óneitanlega smitast út í samfélagið. Frá því við hófum dagskrána í samstarfi við eina dagþjálfun hafa tíu bæst við. Mælanlegar niðurstöður hafa fengist á velgengni dagskrárinnar með mismunandi spurningalistum. Þær voru fengnar meðal annars í meistararitgerð Sigríðar Örvarsdóttur í safnafræðum Háskóla Íslands (2018), *Söfn, list sem meðferð og alzheimer*. Niðurstöður



Listasafn Íslands leyfði arkitektanemendum Listaháskóla Íslands að koma með húsgögn frá heimilum sínum til þess eins að gera safnið heimilislegra og samhengi myndverkanna kunnuglegra. Ljósmynd: Javier Sánchez Merina.

sýndu almenna ánægju og jákvæðar upplifanir þátttakenda og gáfu góðar vísbendingar um virkni verkefnisins sem meðferðarform. Þær vísbendingar voru staðfestar í bakkalárritgerð Oddu Jakobsdóttur og Guðrúnar Halldórsdóttur í sálfræði við Háskólann á Akureyri (2023), *Að auka lífsgæði sjúklunga með Alzheimer, Listir, hugarefning og vellíðan: Hittumst á safninu*. Þar kemur enn fremur fram að mikill meirihluti umönnunaraðila fannst þeir finna jákvæðan mun á líðan skjólstaðinga sinna eftir heimsókn á safn, eða 90,5% svarenda.

Vert er að minnast útgáfu bókarinnar *Listir og menning sem meðferð, íslensk söfn og alzheimer* (2017). Listasafn Íslands tók tækifærinu og á kynningardegri bókarinnar breittust salir þess í vettvang umræðna um myndverk og hvernig þau tvinnuðu saman lífssögu, staðareinkenni, orðræðu, tilfinningar og tjáningaform við safnfræðslu, arkitektúr, bókmenntir og tónlist. Án þess að gleyma listfræðilegu gildi verkanna voru þau upphaf samtals um hvað bjó að baki þeirra, eins og: Hvað býr

í þokunni? Við hvað starfa þessar hendur? Hvernig tengjum við myndverk við hugtakið heima?

Verkefnið Inclusive Memory

Bókin *Listir og menning sem meðferð, íslensk söfn og alzheimer* hrinti af stað röð fyrirlestra og námskeiða í safnafræði við Háskóla Íslands, Listaháskóla Íslands og Endurmenntun HÍ. Listir og menning sem meðferð varð að veigamiklum þætti í Erasmus+ verkefninu *Social Inclusion and Well-being through the Arts and Interdisciplinary Practices (SWAIP, 2018-2020)*, stýrt af Listkennsludeild Listaháskólans (<https://swaippproject.lhi.is> + <https://www.lhi.is/listir-og-velferd>) sem og Erasmus+ samstarfsverkefninu *Inclusive museums for well-being and health through the creation of a new shared memory (Inclusive Memory-verkefnið, 2021-2024)* (<https://piattaformaintellect.it/portale/index.php/summary/>) í gegnum námsbraut í safnafræði við Háskóla Íslands.

Vert er að skyggjast inn í gerð *Inclusive Memory-verkefnisins*. Þátttakendur eru Háskóli Íslands, UniMore á Ítalíu, Universidad Nacional de

Educación a Distancia (UNED) í Madrid, Universidade Aberta (UAb) í Lissabon, Zètema í Róm, Inter Alia í Aþenu og heilbrigðisstofnun Katálóníu (Institut Català de la Salut) á Spáni. Lokaafurð þess verður MOOC námskeið (e. Massive Open On-line Courses) fyrir fagfólk sem vinnur á söfnum og félagslegri ummönnun, fyrir kennara og starfsmenn í heilbrigðisgeiranum sem vilja nýta sér söfn sem staði til þess að byggja upp traust, sýna samkennd og bjóða fólk velkomið án aðgreiningar.

Í *Inclusive Memory-verkefninu* er gengið út frá því að hlustun og virðing fyrir fjölbreytileika í samfélaginu leiði af sér auknið sjálfsöryggi og meiri vellíðan. En hvernig er fræðsluefnið unnið fyrir verðandi MOOC námskeið?

Fyrst voru þátttakendur verkefnisins beðnir um að kanna umhverfið í Evrópu og finna fræðilegar greinar um söfn sem sýndu inngildingu í verki og samkennd með jaðarhópum. Það kom í ljós að mikill skortur er á faglegum skrifum og rannsóknnum safnkennara. Í óformlegum skrifum er sagt frá dagskrám en mjög sjaldan gerðar markvissar rannsóknir á hvort markmiðum er náð eða hvort þær hafa áhrif á umræddan jaðarhóp.

Næst var kannað hvernig og hvort söfn notuðu tækni til að auka inngildingu innan safnastarfsins. Það var mjög misjafnt og ólíkt allt eftir eiginleikum markaðshópsins. Að þessum könnunum loknum kom það í hlut Háskóla Íslands að leiða mótun tilraunanámskeiðs sem undirbúningur fyrir MOOC námskeiðið. Þátttakendur myndu meta uppbyggingu námskeiðsins og fræðsluefni þess og það mat yrði tekið til greina við útfærslu MOOC-námskeiðsins.

Inclusive memory – námskeiðin eru mótuð af svokallaðri ABCD aðferðafræði (e. Asset Based Community Development). Hún byggir á að greina og

vinna út frá styrkleikum samfélagsins með því að viðurkenna, þekkja og virkja þann mannauð sem er til staðar. Við undirbúning tilraunanámskeiðsins var ákváðið að nálgast fólk beint og hlusta á ólíkar raddir hvort sem þær bárust frá safnageiranum, Blindrafélaginu, Alzheimerssamtökunum, Félagi eldri borgara, Einhverfusamtökunum, Geðhjálp eða Rauða krossinum. Það er minnisstætt að sumir þessara aðila spurðu: „Hvað ertu að bjóða okkur? Hvers konar verkefni ertu að tala um? Svarið var: Ekki neitt! Við vorum einungis komin til þeirra til að hlusta. Við vildum vita hvers þau óskuðu þegar safn væri heimsótt og hvaða skoðanir þau hefðu á söfnum ef mið væri tekið af vellíðan þeirra og velferð. Enginn viðmælendanna sagðist hafa fengið þessar spurningar áður. Hér má sjá dæmi úr svörunum:

–Einhverfusamtökin sögðu þörf fyrir hlutlaus rými þar sem gestir á einhverfurófinu gætu núllstílt sig án þess að heyra í skarkala kaffistofunnar eða fylla vitin af yfirþyrmandi pönnukökubakstri. Þau óskuðu líka eftir viðtækum upplýsingum á netinu. Það myndi auðvelda þeim aðgengi, draga úr kvíða og auka vellíðan.

–Aðstandandi sjúklings með alzheimers nefndi að heimsókn á safn mætti vera gefandi fyrir báða aðila.

–Rauði krossinn stakk upp á að hafa box á salerninu fyrir notaðar nálar fyrir þá sem sprautu sig. Þannig myndi viðkomandi vita að allir væru velkomnir á safnið.

ABCD aðferðarfræðin þykir ákjósanleg því hún er leið sem vinnur með fólki og samfélögum og leggur áherslu á styrkleika og kosti, í stað veikleika og vandamála. Með þessari nálgun er kennd leið til inngildingar og byggir hún á trausti. Er leiðin ekki síst mikilvæg þegar unnið er með viðkvæmum hópum.

Inngilding og innra starf

En hvernig taka söfn á hugtakinu gagnvart innra starfi sínu? Þekkja safnstjóri, verkefnastjóri, sýningarstjóri, starfsfólk í miðasölu, verslun og öryggisvörslu starfsvið hvors annars? Er gagnsæi í samskiptum þeirra? Er öryggisverði kunnugt um ef hópur fólks á einhverfurófinu kemur inn á safnið? Slíkt væri ákjósanlegt til að bregðast við af öryggi ef einhver gestanna vill óvænt snerta myndverk eða verður órólegur við ákveðna birtu eða hljóðáreiti. Vellíðan byggir á öryggi eins og áður sagði, það á líka við um starfsmanninn.

Sýningin Örn Ingi Gíslason, Lífið er LEIK-fimi

Tenging við samfélagið tekur á sig mismunandi myndir. Yfirlitsýningin í Listasafninu á Akureyri, Örn Ingi Gíslason, *Lífið er LEIK-fimi* (3. nóvember 2018 - 27. janúar 2019) er hér valin sem dæmi um inngildingu í innra starf safna sem teygir sig út í samfélagið. Yfirlitsýningin varpaði fram spurningum hvernig sýningar eru mótaðar, hvar hefst undirbúningur og hverjir skrifa sögu listamannsins, hvernig er hún skrásett? Efsta hæð Listasafnsins á Akureyri breyttist í vettvang rannsókna í ferlinu „að búa til bókverk“ í stað hefðbundinnar sýningar. Hönnuður sýningarinnar, Javier Sánchez, lýsti efasemdum sínum um verkefnið í samnefndri bók, Örn Ingi Gíslason, *Lífið er LEIK-fimi* (2019). Hann velti fyrir sér hvernig hægt væri að búa til bók á þremur mánuðum. Þar sem listaverkaskrá var ekki til staðar var hugsað um sýninguna sem ferli frekar en óhaggað lokaskref. Sýningarstjóri varð að vinna að skráningu, forvörslu, ljósmyndun, leit nýrra upplýsinga, skipulagningu og að setja hlutina í samhengi. Sýningin varð að gjörning sem einkenndist af þátttöku starfsmanna safnsins, gesta og samferðamanna listamannsins í gegnum lífið. Óvíst var hvert frásögnin myndi teygja sig, safnstjóri og skipuleggjendur sýningarinnar tóku áhættuna.



Frá fyrsta og síðasta sýningardegi sýningarinnar Örn Ingi Gíslason. Lífið er LEIK-fimi í Listasafninu á Akureyri. Ljósmynd: Daniel Starrason og Samuel Silva.

Við opnun sýningarinnar voru öll myndverk listamannsins lokuð í trékössum. Með því að afhjúpa myndverk daglega fækkaði kössunum og galleríið hlóð á sig myndverkum smátt og smátt þar til ekki var hægt að sjá í hvíta veggina, líkt og í málverkinu *Myndagallerí erkihertogans Leopold Wilhelm í Brussel* eftir David Teniers (1651). Viðburðadagskráin var hlaðin atriðum sem tengdust listamanninum; fyrirlestrum og málstofum, smíðjum og tónleikum, dansi, leiklist, forvörslu og jafnvel karate (sjálfskoðun). Þægileg húsgögn voru í galleríinu sem gerði gestum kleift að mæla sér mót á safninu, spjalla við vini og fjölskyldu meðan verkin voru skoðuð. Þeir komu oft á sýninguna og fylgdust með þróuninni.

Þannig gerði skortur á upplýsingum um myndverk listamanns safninu kleift að opna starfsemi sína samfélaginu. Sýningarhönnunin setti fram ákveðnar leikreglur, sem sýningarstjóri, samstarfsmenn, þátttakendur og gestir nýttu sér til að umbreyta sýningunni í sífellu. Þeim var gefið ákveðið vald sem bauð upp á áður óþekkt tjáskipti og fjölbreytni.

Til að gera framhald á sýningunni og viðurkenna þátt og jákvæða upplifun gesta, kom upp sú hugmynd

meðal fjölskyldu listamannsins að lána Akureyrarbæ arfleið listamannsins til að setja upp í rýmum bæjarfélagsins. Bæjarstarfsmenn gætu valið sér verk sem væri það almenningsbókasafn án endurgjalds. Þeir gætu síðan skipt verkinu út fyrir annað, allt eftir vild. Án efa hefði það áhrif á vellíðan þeirra, að hafa myndverk á skrifstofunni eða í matsalnum sem talaði til þeirra og gæfi þeim innblástur inn í daginn. Slíkt fyrirkomulag væri ein merking inngildingar. Það er, samfélag án aðgreiningar þar sem bæjarbúar fá notið lista óháð efnahag og eru virkir þátttakendur í ákvarðanatöku um umhverfið. Listasafnið á Akureyri væri gerandi í þeirri innleiðingu samfélagslegrar inngildingar.

Lokaorð

Í þessarri stuttu grein hefur nokkrum hugmyndum verið varpað fram um merkingu orðsins inngilding og fáein dæmi nefnd. Þrátt fyrir að inngilding sé nýtt orð í safnageiranum hefur miklu verið áorkað. Tíminn er hins vegar háður breytingum og til þess að ná enn betri árangri er samvinna nauðsynleg. Samvinna í merkingunni að vinna saman en líka að vita hvað aðrir gera á sama sviði, bera saman bækur án samkeppni. Tengslanet er þar mikilvægur þáttur sem íslensk

stjórnvöld ættu að styrkja. Þeim var kynnt hugmynd að landssamtökum um söfn, heilsu og vellíðan fyrir nokkrum árum en án árangurs. Ef til vill hefur rétti tíminn runnið upp nú til að endurvekja hugmyndina.

Þeir sem vinna á söfnum vita að þau geta verið vettvangur samræðna milli ólíkra hópa og tengslmyndunar. Listir og menning tengja í eðli sínu ef jarðvegurinn er undirbúinn og á er hlustað. Það samtal er visst form inngildingar. Skilningur safnstjóra, verkefnastjóra, sýningastjóra og safnkennara verður þó að vera til staðar ef vellíðan gesta er höfð að leiðarljósi með fyrirfram skipulögðum dagskrám. Slíkur skilningur er byggður á þekkingu. Leit ráðgjafar og fagþekkingar, jafnvel til sálfræðinga, vegur þungt við undirbúning sérsníðinna dagskráa til að fá tilfinningu fyrir hugtökum andlegrar heilsu. Aðeins þá mótast safnið umhverfi félagslegrar inngildingar bæði í innra starfi sínu og út í samfélagið. Inngilding byggir upp traust og dregur úr fordómum og félagslegum hindrunum með því að nýta sér efnivið lista og menningar.

Halldóra Arnardóttir,
PhD listfræðingur og sýningarstjóri

Svei þessum tækninýjungum og tölvugöldrum!

Hugleiðingar um skrásetningu og miðlun menningararfs á tímum gervigreindar og sýndarheima

Nýjum tímum fylgja ávallt nýjar áskoranir og ógnanir en líka tækifæri. Fáar kynslóðir hafa upplifað viðlíka breytingar og við sem erum fædd á seinni hluta 20. aldar. Tölvur, Netið, farsímar, snjallsímar, drónar, samfélagsmiðlar, sýndarheimar og nú síðast gervigreind hafa sett mark sitt á líf okkar allra. Við erum eins og hamstur í hjóli að halda í við tækniþróun og tileinka okkur nýjungar – og það er ekki öllum gefið. Þeir sem fást við fortíðina sjá ekki alltaf tilganginn með að elta

við nýja tækni í stað margreyndra aðferða sem hafa dugað í áratugi eða aldir. Og það sem hönd og huga hefur verið treyst best fyrir í fræðunum er ekki sjálfgefið að setja í „hendurnar“ á tölvum og forritum sem byggja aðgerðir sínar á hálfþenkjandi algrímum.

Stafræn tækni og gervigreind

Gervigreindin er dæmi um tækni sem hefur þróast ört síðustu ár þó að stofni til sé hún frá miðri síðustu öld og megi raunar rekja hugmyndina

allt til Aristólesar á 4. öld fyrir Krist. Við erum flest farin að nýta okkur gervigreindina með einum eða öðrum hætti á degi hverjum. Símanir okkar nota gervigreind til að taka framúrskarandi fullunnar myndir án þess að við gerum neitt annað en munda símann og smella af – og senda þær svo beint inn á samfélagsmiðla. Gervigreindin hjálpar okkur við að velja kvikmyndir, tónlist og bækur sem falla að smekk okkar og við að komast hjá umferðarflækjum í útlöndum. Svo dæmi séu tekin. Gervigreindin verður því sífellt mikilvægari hluti af hinum stafræna heimi sem við búum í á 21. öldinni.

Stafræn tækni hefur fyrir löngu hafið innreið sína á söfnum og víða er hafin markviss vinna við að koma því efnislega sem varðveitt er yfir á stafrænt form með einum eða öðrum hætti. Ljósmyndasöfn eru skönnuð og gervigreindin getur hjálpað til við að flokka myndirnar og bera kennsl á fólk og byggingar. Þær upplýsingar er síðan hægt að tengja við aðra gagnagrunna og fá þannig meiri upplýsingar í kringum hverja mynd. Fornar bækur og jafnvel handrit þarf ekki lengur að slá inn handvirktil til að koma þeim á stafrænt form, gervigreindin sér



Ungur gestur Tæknidagsins í Neskaupstað að skoða sýndarheima Skriðuklausturs hins forna.



Greinarhöfundur að sýna gesti á Skriðuklaustri inn í sýndarveruleika miðaldaklaustursins.

til þess að tölvuaugað les það og umbreytir í leitarbæra texta.

Farið er að þrívíddarskanna lista- verk og fornmuini og jafnvel heilu byggingarnar. Með því móti verður til stafrænn tvíburir eða eftirmynd af viðkomandi áþreifanlegum menningararf. Óáþreifanlegan menningararf er einnig hægt að varðveita á stafrænu formi með því að taka upp hreyfingar, t.d. dans eða fornar bardagahreyfingar, og nýta áfesta skynjara og grænskjártækni til að fanga hreyfimyndur sem síðan er til dæmis hægt að yfirfæra á tölvuteiknaðar persónur. Þannig er hægt að flytja nákvæmar endurgerðir yfir í sýndarheima og glæða þær lífi sem hjálpa nýjum kynslóðum við að enduruppgötva menningararfinn.


Þrívíð varðveisla og stafrænn tvíburar

Segja má að þrívíð varðveisla sé að taka við af tvívíðu formi ljósmynda,

kvikmynda og ljósrita. Háskerpa sem liggur nærri sjón okkar mannver- anna er orðin alsráðandi og nýjustu tölvuleikir sýna fram á getuna til að skapa sýndarheima sem blekkja mannshugann algjörlega með háskerpugrafík sem jafnast á við kvikmyndir. Eitt það mikilvægasta við þessa byltingu í gerð eftirmynda eða afrita af smáu sem stóru er að það sem aðeins er til í einu eintaki er ekki glatað með öllu og að eilífu þó að brenni bygging eða flæði inn í geymslur – sem er huggun harmi gegn á tímum loftlagshamfara og stríðsátaka. En það sem er ekki síður mikilsvert er að afritið, stafrænn tvíburinn, gerir okkur kleift að leyfa fleirum að njóta og rannsaka það sem kannski var aðeins aðgengilegt á einum stað. Slíkt aukið aðgengi að menningararfinum fæðir af sér nýja þekkingu og nýja sköpun. Og viðkvæmt frumeintakið getur legið óáreitt í tryggri geymslu. En það þarf að muna að læsa stafræna

eintakið ekki líka ofan í skúffu. Opið aðgengi að menningararfinum á stafrænu formi er lykilatriði fyrir rannsóknir, sköpun og miðlun.

Fyrir alla miðlun opnar stafrænt eintak ótal dyr. Gervigreindin var óspart virkjuð á tímum COVID til að léttu lund þjakaðra einstaklinga í einangrun. Með hjálp hennar voru málverk lífguð við, sögulegar per- sónur láttnar syngja dægurlög nútím- ans og svarthvítu myndirnar af for- fedrunum fengu lit. Söfn bjuggu til sýningar í sýndarheimum og leyfðu fólki að ganga um byggingar sínar með hjálp 360° kúlumynda, veittu jafnvel lifandi leiðsögn í stafrænum heimum. Þegar dyrnar að söfnunum opnuðust aftur eftir heimsfaraldur- inn þurfti að setja kraftana aftur í klósettþrif, vöktun, móttöku, forvörslu og nýjar sýningar í raun- heimum. Og þetta fíkt við framandi tækni lenti aftar í goggunarröðinni en gleymist vonandi ekki.



Þrívíð eftirmynd af höfuðkúpu sem grafin var upp í rannsókninni á Skriðuklaustri sýnd í auknum raunveruleika með hjálp snjallsíma.

Stafrænar lausnir og lýðvirkjun

Stafræn tækni hefur síðustu tvo áratugina breytt hegðun okkar allra. Safnaheimurinn og við sem fáumst við menningararf þurfum að laga okkur að því eða réttara sagt færa okkur í nyt þau tækifæri sem skapast. Við erum komin vel á veg með að notfæra okkur stafræna tækni til að skrásetja og búa til stafrænar eftirmyndir inni á söfnunum. En við getum gert betur úti í menningarlandslaginu sjálfu því að tækið til að mynda, þrívíddarskanna og staðsetja menningarminjar er komið í vasann hjá flestum.

Snjallsíminn er töfrastokkur sem nýta má til margra góðra hluta. Snjallsíma mætti til dæmis nota við að virkja almenning til að leggja sitt af mörkum í að staðsetja og fá myndrænar upplýsingar um óskráðar minjar um allt land. Hvað er t.d. gengið framhjá mörgum vörðum eða veggjarbrotum í skipulögðum gönguferðum ferðafélaganna á ári hverju? Með smáforriti og nýlegum síma

tekur ca. 2 mínútur að skanna (lidar) sæmilega stóra vörðu í þrívídd og fá með hjálp gervigreindar, sem leggur saman punktaský og ljósmyndir úr símanum, þrívíddarlíkan sem sýnir staðsetningu, útlit, stærð og umfang. Ljósmyndir eru líka góðar og gildar að ég tali nú ekki um myndbönd af landslaginu tekin með dróna sem setja minjarnar í stærra samhengi. Almennigur ræður orðið yfir tækni og tækjum sem jafnvel sérfræðingar höfðu ekki fyrir aldarfjórðungi. Þess vegna er mikilvægt að nota hinar stafrænu lausnir til að virkja lýðinn og ástunda lýðvísindi í þágu minjavörslu. Við getum með því móti margfaldað þær upplýsingar sem gagnabrunnar okkar um fortíðina geyma. Gervigreindin getur síðan hjálpað til við að greina, flokka og setja gögnin í nýtt samhengi.

Þverfaglegt samstarf og samtvinnum gagnagrunna

Í opinberum stefnuskjölum frá 2021 um safnastarf, varðveislu og aðgengi menningararfs segir að nýta eigi tækifæri stafrænnar tækni og ná til stærri hóps með stafrænni miðlun. Gagnvirkni, sýndarveruleiki, upplifun og nýsköpun eru nefnd til sögunnar og er það í takt við það sem boðað er annars staðar í hinum vestræna heimi í tengslum við menningararfinn. Það er vel að sú hugsun hafi náð landi á Fróni og vonandi fá menningarstofnanir fjármagn og stuðning til að byggja upp þekkingu og kunnáttu og nýta þessi tækifæri. Komið hefur verið á fót Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista sem eflir samstarf háskóla og menningarstofnana á þessu sviði. Samstarf við aðra geira er einnig mikilvægt í þessum efnunum. Til dæmis er hér á landi öflugur tölvuleikjaidnaður. Í honum er unnið með nýjasta nýtt á sviði sýndarveruleika og þar leynast samlegðaráhrif í samstarfi. Gott dæmi um það er samvinna leikjafyrirtækisins Parity, sem er að þróa leikinn Island of Winds,

við söfn. Þau hjá Parity hafa skannað gripi á söfnum og fengið að nota þá skönnun til að vinna sýndargripi inn í leikinn. Söfnin hafa í staðinn fengið stafrænan tvíbura til að vinna með í miðlun hjá sér.

Annar mikilvægur geiri til að koma inn í samstarf varðandi stafrænan menningararf eru verkfræðistofur um land allt. Þær eru þessi misserin í auknum mæli að skanna og gera þrívíddarlíkon af heilu landsvæðunum í tengslum við skipulag og fyrirhugaðar framkvæmdir. Verkfræðistofurnar búa yfir gríðarlega góðum tækjakosti og tæknikunnáttu til að vinna slík líkon. Oftar en ekki er þetta gert fyrir sveitarfélög og þar með fyrir opinbert fé. Þessar eftirmyndir af landslaginu mætti nýta bæði varðandi skrásetningu og miðlun. Þær geta hjálpað okkur við að koma menningarlandslaginu yfir í sýndarheima og þar getum við leikið okkur með það. Við getum velt fyrir okkur fortíð og framtíð í tímaflakki, tengt við aðra hnitsetta gagnagrunna eins og ismus.is (eða aðra venslaða

“

ÁHUGAVERÐ NÝLEG SKRIF UM EFNID:

Achiam, M., Haldrup, M., & Drotner, K. 2021. *Experimental Museology: Institutions, Representations, Users*. London: Routledge.

Champion, Erik Malcolm. 2021. *Virtual Heritage: A Guide*. London: Ubiquity Press.

Styx, Lauren. 2023. „How are museums using artificial intelligence, and is AI the future of museums?.“ *MuseumNext* (blogg). 23. júní.

”

gagnagrunna Árnastofnunar) og opnað fjársjóðskistur fortíðarinnar. Hugsið ykkur bara að fara bæ af bæ í kunnuglegri sveit, sitjandi heima í stofu. Sjá örnefnin í landinu, ljósmyndir af fólkinu sem einu sinni bjó þar sem nú eru grónar rústir, hlusta jafnvel á þetta fólk í heilmýnd (sem gervigreindin hjálpar okkur að búa til) segja þjóðsögu um álfasteininn sem stendur einn eftir á sínum stað í veruleikanum. Þetta mætti útfæra í alltumlykjandi sýndarveruleika fyrir sýndarveruleikagleraugu eða í snjallsíma á vettvangi með hjálp aukins raunveruleika (AI). Dagurinn sem við flökkum auðveldlega á milli raunveruleika og sýndarheima rennur upp innan skamms.

Sanngildi og trúverðugleiki

Við eigum alltaf að efast um tæknina og hafa hugfast að tæknin er bara verkfæri handa okkur til að vinna með. Öll skrásetning byggist á því að við höfum einhverja þekkingu á því sem við ætlum okkur að skrásetja. Öll miðlun þarf á söguþræði að halda til að fanga athygli viðtakandans. Og þó að gervigreindin sé orðin þróuð á hún enn langt í land með að jafnast á við mannshugann og ímyndunaraflið. En ímyndunaraflið takmarkast að vissu leyti af þekkingu okkar og reynslu. Það er staðreynd að myndrænt efni festist frekar í huga okkar heldur

en texti. Þess vegna er fræðslugildi sýndarheima mikið sem leiðir okkur að sanngildi og trúverðugleika.

Hvað má og hvað má ekki? Það eru til ákveðin viðmið kennd við London og Sevilla um menningararf á stafrænu formi en þau þarfnast orðið uppfærslu miðað við hvert tæknin er komin. Þar sem fjármagn er til staðar eins og í tölvuleikjajafnaðinum er hægt að byggja heilu héruðin í sýndarveruleika eins og þau litu ef til vill út fyrir árþúsundum. *Assassin's Creed* leikirnir eru dæmi um þetta þar sem framleiðendurnir áttuðu sig á að hægt væri að nýta hina rándýru sýndarheima fyrir fleira en blóðuga bardaga. Þeir bjóða nú upp á stafrænar fræðsluferðir, t.d. um Grikkland og Róm til forna. Í þessum leikjum hafa frægar byggingar verið endurskapaðar út frá vitneskju fornleifafræðinga og annarra sérfræðinga í þeim tilgangi að búa til sem sannastan sýndarheim. En hversu trúverðugur og sannur er hann? Er slík endursköpun okkar tíma af einhverju fornumusteri sannari en myndin sem Endurreisnarmálarinn dró upp úr sínum hugarfylgsnum? Hvoru tveggja hjálpar okkur sem viðtakendum að búa okkur til mynd af fortíðinni. Vitaskuld á alltaf fræðanna vegna að byggja á sem bestu fánlegu gögnum hverju sinni og gera grein fyrir því


hvað er skáldað og hvað er byggt á heimildum. En erum við ekki alltaf að geta dálítið mikið í eyðurnar?

Við stöndum á ákveðnum tímamótum þar sem við vitum vart hverju má að trúna, hvað er satt. Megum við lita svarthvítu myndina af langafa og langömmu þar sem þau standa fyrir utan torfbæinn sinn með hjálp gervigreindar? Er það sögufölsun? Heimurinn var líka í lit og þau sáu heiminn í lit þó að litljósmyndin hafi ekki verið komin til sögunnar þegar myndin var tekin. Að lita myndina hlýtur því að færa okkur raunverulegri mynd af fortíðinni. En ef að við lítum á ljósmyndina sem listaverk eða höfundarverk sem ekki megi umbreyta þá horfir málið öðruvísi við. Eða hvað? Er okkur ekki leyfilegt að nota hina stafrænu eftirmynd eins og okkur sýnist ef að frumritið fær að vera í friði?

Ógnvænlegir tæknitöfrar

Djúpfölsun á hreyfimyndum er orðið lítið mál fyrir sæmilega tölvufæra manneskju þar sem skipt er út andlitum eða persónur látnar segja eitthvað allt annað en þær sögðu. Að sama skapi getum við látið myndforrit klippa út eða bæta við í ljósmyndir og lita þær út frá tíðaranda – og lífga þær síðan við. Þökk sé gervigreindinni sem jafnvel getur búið til þrívíða persónu út frá ljósmyndum og málverkum, sótt sér fróðleik í skrif um og eftir viðkomandi og búið til snjallmenni sem svarar í anda og samræmi við skoðanir og skrif þessarar löngu liðnu persónu. Þessir ógnvænlegu tæknitöfrar eru vandmeðfarnir þegar kemur að varðveislu og miðlun menningararfs. En að mínu mati er betra að spila með, taka þátt í þróuninni og að færa sér í nyt það besta heldur en sitja hjá og sveia.

Skúli Björn Gunnarsson
forstöðumaður Gunnarsstofnunar
á Skriðuklaustri og menningarmiðlari



Skjaskot af þrívíðu líkani af vörðu ofan við Víðivallagerði í Fljótsdal sem er byrjuð að hrynja úr. Skönnuð með iPhone 13 pro max í ágúst 2023 í verkefninu Búsetumínjar í Fljótsdal.

Farskólinn fyrr og nú

Um árabíl hefur farskólinn verið fastur liður í starfi íslenskra safnmanna, þar sem þekkingu og reynslu er miðlað, tengsl mynduð og styrkt og oft á tíðum alveg afskaplega skemmtilegt. Ritstjórn fékk að kíkja í myndasafnið hjá hirðljósmyndara farskólans, Herði Geirssyni, til að rifja upp fyrri skóla.



1991 / Stykkishólmur. Ljósmynd: Hörður Geirsson



1992 / Ósvör. Ljósmynd: Hörður Geirsson



1994 / Eskifjörður. Ljósmynd: Hörður Geirsson



1999 / Borgarnes. Ljósmynd: Hörður Geirsson



2004 / Reykjavík. Ljósmynd: Hörður Geirsson



2005 / Siglufjörður. Ljósmynd: Hörður Geirsson



1998 / Vestmannaeyjar. Ljósmynd: Hörður Geirsson



2009 / Skógar. Ljósmynd: Hörður Geirsson



2011 / Skagafjörður. Ljósmynd: Hörður Geirsson



2015 / Farskóli á Höfn. Ljósmynd: Hörður Geirsson



2005 / Dalvík. Ljósmynd: Hörður Geirsson



2021 / Stykkishólmur. Ljósmynd: Hörður Geirsson



2018 / Dublin. Ljósmynd: Hörður Geirsson



2017 / Siglufjörður. Ljósmynd: Hörður Geirsson



2022 / Seyðisfjörður. Ljósmynd: Hörður Geirsson

Dagur í Grasagarðinum – föstudagurinn 2. júní 2023

Dagurinn er yfirleitt tekinn snemma í Grasagarði Reykjavíkur. Við erum oftast mætt vel fyrir kl. 8 á morgnana og var föstudagurinn 2. júní 2023 engin undantekning á því enda í mörg horn að líta. Fyrstu verkefni morgunsins voru hefðbundinn rúntur í gegnum tölvupóstsúpuna og skraf við samstarfsfólkið um verkefni dagsins auk þess sem fyllt var á viðburðadagskrárbæklinga, grunnbæklinga og bæklinga um sýninguna „Villtar erfðalindir ræktaðra nytjajurta“ sem var í safninu frá því í maíbyrjun og fram á sumarið.

Kl. 9:30 um morguninn var opnun á listasýningunni „Lífsferill fiðrildis“ í skeifunni í trjásafni garðsins. Listamennirnir voru heill árgangur fimmtubekkinga úr Laugarnesskóla ásamt kennurum sem unnu stór-

skemmtilegt landslagsverk í grasflötina í téðri skeifu. Í verkinu sýndi unga listafólkið egg, lirfu, púpu og loks fiðrildi. Listasýningin er einn anga Erasmus+ verkefnisins „Artists and botanical gardens: Creating and developing educational innovation“. Í verkefninu sem er stýrt af Ásthildi Jónsdóttur vinna grasagarðarnir í Reykjavík, Dublin og Vilnús með grunnskólum frá sömu borgum ásamt skóla- og frístundasviði Reykjavíkur og INSEA sem eru alþjóðleg samtök listgreinakennara. Vísindamaður og listamaður frá hverri borg mynda teymi um þemun vatn, líffjölbreytileika og jarðveg og svo eru haldnar vinnustofur fyrir kennara í grasagörðunum þremur um hvernig megi nota listsköpun í samkrulli við vísindi til að kenna börnum um náttúruvernd og umhverfis-



Leikskólabarn að rýna í náttúruna með stækkunargleri

mál. Sýning fimmtubekkinganna þennan morgun var innblásin af listakonunni Gretu Kardi sem var hluti litháíska teymisins í vinnustofunni um líffjölbreytileika í Vilnús í október 2022. Það var ótrúlega skemmtilegt að fylgjast með litla



Fræðslustýra að finna einu sýningarskiltanna í Loftlagslabbinu stað



Opnun á sýningunni „Lífsferill fjöðrildis“.

listafólkinu sýna stoltum foreldrum verkin sín og eiga hinir frábæru kennarar hrós skilið fyrir að skila umhverfisfræðslunni svona vel og listrænt til nemenda sinna.

Eftir sýningaropnunina þaut undirrituð í næsta gígg sem var að taka á móti tveimur útskriftarhópum leikskóla úr verkefninu „Sofnað að hausti – vaknað að vori“. Þessir tveir hópar voru hluti af um 800 leikskólabörnum sem heimsóttu Grasagarðinn haustið 2022, lærðu um líffjölbreytileika og hvað plönturnar gera á haustin og veturna og gróðursettu svo túlípanalauka af yrkinu American Dream. Börnin fengu stöðuuppfærslu í myndum og máli af túlípanasprettunni einu sinni í viku sl. vor og var lokahnykkur verkefnisins aðdáunarheimsókn þegar laukarnir stóðu í sem mestum blóma.

Eftir afar ánægjulega samverustund með börnunum, þar sem krúttskalinn var sprengdur með reglulegu millibili, var nokkrum stöðuuppfærslum hent inn á facebook og instagram áður en næsta fræðsluverkefni tók við: fyrstu hádegisgöngur sumarsins. Þessar 30 mínútna

löngu leiðsagnir eru fastur liður í sumardagskrá Grasagarðsins og eru bæði á íslensku og ensku. Þema hverrar göngu er misjafnt og helgast eðlilega af því hvaða safngripir eru blómlegastir hverju sinni. Enska leiðsögnin er yfirleitt í fastari skorðum hvað efnistöð varðar enda hafa ferðamenn almennt mestan áhuga á safndeild íslensku flórunnar hjá okkur. Ég naut aðstoðar Pálinu Sigurðardóttur garðyrkjufraðings í íslensku göngunni og við sýndum þátttakendum sumarblómin sem var verið að gróðursetja þá vikuna. Það eru ekki einungis safngestir sem græða fróðleik í þessum göngum heldur lærði ég heilan helling af Pálinu um hvernig ég ætti að hirða um sumarblómin mín svo þau héldust falleg langt fram á haust. Við erum nefnilega alltaf að læra eitthvað af hvort öðru hér í safninu. Ég sá svo ein um ensku gönguna sem endaði á því að ég kenndi ferðamönnunum svolitla íslenska plöntugaldra, enda þurfti ég að æfa mig fyrir fræðslugönguna mína í ágúst um galdraplöntur.

Síðustu tímarnir í vinnunni þennan dag voru nýttir í að útbúa viðburð á heimasíðunni okkar og á samfé-

lagsmiðlum um næstu sýningaropnun „Loftslagslabbið“ sem var á alþjóðlegum degi umhverfisins, 5. júní. Loftslagslabbið er sýning í Grasagarðinum þar sem loftslagsmálin eru reifuð í gegnum safngripi og búsvæði. Sýningin sem var styrkt af Loftslagssjóði á að vekja athygli á því að hver einstaklingur skiptir máli þegar kemur að háalvarlegum málum eins og loftslagsvánni. Við hvetjum fólk auðvitað alltaf til að vera ábyrgir neytendur en erum ekki síður að benda á að hver einasta planta í safninu vinnur með okkur í þessari baráttu. Sýningin á þannig ekki að hræða fólk heldur að hvetja það til dáða.

Föstudagurinn 2. júní var viðburðaríkur og ánægjulegur í Grasagarðinum eins og reyndar flestir dagar hér í safninu. Það eru forréttindi að fá að vinna starf sem veitir manni ánægju og það var sátt fræðslustýra sem fór í helgarfríð sitt í lok dags.

Björk Þorleifsdóttir verkefnastjóri fræðslu og miðlunar

Safnbúð Listasafns Íslands

Sem verslunarstjóri safnbúða Listasafns Íslands vinn ég einstaklega gefandi og fjölbreytilegt starf sem felst í umsjón með sérframleiðslu á vörum, uppstillingu og hönnun búðarinnar og afgreiðslu safngesta. Mér finnst ég vera einstaklega heppin að fá að sinna þessu starfi þar sem vinnustaðurinn er lifandi og starfsumhverfið gott. Að fá að umgangast og njóta listaverka þjóðarinnar á hverjum degi eru forréttindi.

Safnbúðir Listasafns Íslands eru í dag 3, á Fríkirkjuvegi og í Safnhúsinu á Hverfisgötu og nýjasta viðbótin okkar er agnar smátt útibú í Húsi Ásgríms Jónssonar við Bergstaðastræti, en þar höfum við komið fyrir í eldhúsinu hans sérframleiddum vörum eftir verkum þessa mikla listamanns. Þetta hefur vakið mikla lukku og aukið á upplifun gesta eins og ætlinin var. Allar þessar búðir hafa sín einkenni og sérstöðu og endurspeгла þá upplifun sem ætlinin er að gestir finni í hverju húsi fyrir sig. Þessi nálgun er meðvitund og unnin út frá þeirri þjónustuhugsun sem safnið hefur sett sér, að gesturinn upplifi einnig það andrúmsloft í safnbúðunum sem skapað er með sýningunum hverju sinni, þannig eru safnbúðirnar samtvinnaðar safnhúsunum. Eitt af megin markmiðum safnbúða Listasafns Íslands er að kynna og vekja athygli á útgáfum safnsins, bókum, plakötum og kortum. Þá er einna helst unnið með þá glæsilegu safneign sem listasafnið varðveitir. Þeim vörum sem við höfum látið framleiða fyrir okkur hefur verið mjög vel tekið og jákvæð viðbrögð blása okkur byr í seglin að halda áfram á þeirri braut. Við vinnum eingöngu með fyrirtækjum sem hafa sérhæft sig í að vinna

vörur fyrir safnbúðir, og þar með náum við að fylgja eftir þeim gildum sem við viljum starfa eftir, það er okkur mjög mikilvægt.

Útgáfa á kortum og plakötum í tilefni af sýningum í húsunum hefur verið öflug á síðust árum og gefið góða raun að fylgja eftir sýningum með þesskonar útgáfu, þar sem að gestir safnsins vilja eiga minningar frá heimsókn sinni til okkar. Það er óskaplega skemmtilegt að fá inn í safnbúðina gesti sem hafa orðið fyrir svo miklum hughrifum að þeir geta varla mælt orð og kaupa svo plakát, kort eða annað sem minnir á þessa upplifun.

Vöruúrvalið notum við til að ná fram þeim sérkennum sem við viljum að gesturinn upplifi og því er vöruúrvalið mjög misjafnt eftir húsum og því má segja að við séum með ansi breytt vöruúrval. Safnbúðir Listasafns Íslands hafa einsett sér það að hafa einungis einstakar gæðavörur á borðstólnum þar sem ákveðin gildi eru höfð að leiðarljósi, eins og umhverfissjónarmið, fræðslugildi og framleiðsluferli svo eitthvað sé nefnt. Vöruúrvalið er mjög lifandi sem þýðir að við erum oft með vörur sem eru einungis í boði í takmarkaðan tíma t.d. á meðan ákveðin sýning er opin, það gefur skemmtilegan svip á búðirnar, og þar af leiðandi þurfum við að fylgjast vel með hvað hentar hverju sinni, vera opin fyrir nýjungum og oftast en ekki að hugsa út fyrir kassann við leit að vöru sem við teljum að muni hljóma í takt við ákveðna sýningu. Safnbúðirnar hafa í mörg ár einnig haft á boðstólnum vörur eftir íslenskt handverks- og listafólk og það samstarf er okkur mjög kært og setur mikinn svip á safnbúðirnar.



Ljósmynd: Sigurður Gunnarsson.



Ljósmynd: Sigurður Gunnarsson.



Ljósmynd: Sigurður Gunnarsson.

Safnbúð Listasafns Íslands heldur úti vefverslun og samfélagsmiðlum sem finna má á þessari slóð: <https://listasafn-islands.myshopify.com/>

Ég býð lesendur Kvists hjartanlega velkomna í heimsókn!

Vala Karen Guðmundsdóttir,
verslunarstjóri safnbúða

Byggðasafn Vestfjarða

Alla jafna er dagurinn hjá okkur rólegur yfir veturinn - við vinnum hin hefðbundnu störf að sinna safnkostinum og miðla fróðleik um okkur og safnkostinn. Við opnum safnið í október á veturnóttum með uppákomum sem og í desember með jólasýningu og þá fáum við flesta árganga grunnskólans í heimsókn. Svo taka við páskar en þá er bærinn fullur af fólki og margir leggja leið sína í Neðstakaupstað. Frá vori fram á haust færast líf í tuskurnar með komu skemmtiferðaskipa. Þeir dagar byrja með því að starfsfólkið okkar hefur til brennivín, hákarl og harðfisk fyrir hópana sem koma til okkar, ýmist í rútum eða gangandi. Suma daga koma allt að 500 manns á safnið en venjulegur skipadagur er svona 300 manns. Rólega daga nýtum við í að rífa niður harðfisk, þurrka af og skúra. En það snýst samt ekki allt um ferðamanninn því við ráðum fólk yfir sumarið til að sinna skráningu og tiltekt í geymslum sem ekki er mögulegt

að gera á köldum vetrum. Síðustu sumur höfum við haft sama fólkið hjá okkur, Gunnar og Eldar stjórna í Turnhúsinu og taka á móti gestum, Herbert hefur sinnt skráningu og er búinn að setja upp kerfi fyrir okkur til að ná utanum safnkostinn og Lydía hefur verið í geymslum safnsins. Allir leggjast svo á árarnar á stærstu skipadögum. Svo er það umsjónarmaðurinn á svæðinu sem eyðir flestum dögum yfir sumarið í að sinna bátum safnsins og er núna að mála Eljuna ÍS sem fer á flot næsta sumar. Sá starfsmaður sem vekur mestu lukku meðal gestanna hefur ekki fasta viðveru þó sannarlega hafi hann fasta búsetu á safninu. Safnakisa eyðir dögum í að krúttu yfir sig við gesti og gangandi á sumrin en kúrir inni á veturna okkur starfsmönnum til ánægju.

Eins og ofantalið bendir til þá er forstöðumaðurinn ekki undanskilinn vinnu við yfirsetu og móttöku gesta yfir sumarið en ein helsta



Ljósmynd: Jóna Símonía.



Ljósmynd: Finney Árnadóttir.



Ljósmynd: Björn Baldursson.

áskorunin þá er að láta allt ganga upp. Annars er ein helsta áskorun í starfi sú að reka safnið svo sómi sé að miðað við fjárhagsáætlun ársins í hvert sinn. Þar hefur ekki verið bætt í svo oft reynist erfitt að gera alla hluti sem okkur langar til. Mikill tími fer því í að sækja um styrki af öllum stærðum og gerðum. En það er óhætt að segja að allir dagar í lífi safnvarða Byggðasafns Vestfjarða séu áhugaverðir og skemmtilegir.

Jóna Símonía Bjarnadóttir, safnstjóri

Staða safna á Íslandi

Árið 2023 hefur víða verið erfitt fyrir safnastarf og í fréttir hafa ratað slæm tíðindi af söfnum sem hafa staðið frammi fyrir því að missa húsnæði sitt og óvissa verið uppi um framtíð þeirra. Eins hafa fréttir greint frá söfnum sem hafa ekki nægilegt fjármagn til að sinna hlutverkum sínum og skyldum og svo hefur safnafólki verið sagt upp nánast fyrirvaralaust, líkt og gerðist hjá Náttúrufræðistofu Kópavogs. Í desember 2022 hafði fréttamaður á RÚV haft samband við mig til að forvitnast um hvort söfn fyndu mikið fyrir því að sveitastjórnir væru að draga saman í fjárveitingum til safna og menningarstofnana. Mín tilfinning og reynsla var vissulega sú að það væri víða staðan. Raunar virðist það oft vera þannig að á sama tíma og sveitarfélög og ríkið státa sig af öflugu menningarstarfi og því mikilvæga starfi sem söfn sinna, er oft dregið saman í fjárveitingum til safna þegar kreppir að í rekstri sveitarfélaganna. Til að fá betri tilfinningu fyrir stöðunni um land allt, var ákveðið að FÍSOS myndi senda út könnun um stöðu safna á Íslandi.

Framkvæmd könnunarinnar

Könnunin var send í tölvupósti á forsvarsfólk safna, fyrst aðeins til viðurkenndra safna, en svo einnig til safnvísa. Ákveðið var að senda hana í pósti, en ekki setja slóð á hana á netið, með það að markmiði að einungis bærast eitt svar frá hverju safni. Nokkrar fréttir voru þó settar á vef FÍSOS þar sem óskað var eftir því að fólk léti vita ef könnunin hefði ekki borist og reglulega var minnt á hana á vef og samfélagsmiðlum. Könnunin var stutt, enda veit ég að safnafólk hefur í mörg horn að líta. Fyrst var spurt um nokkrar breytur, svo sem hvert rekstrarform safnsins væri, einnig hvort safnið hefði hlotið viðurkenningu frá Safnaráði og svo hversu margt starfsfólk er í fullu starfi hjá safninu allt árið. Var það gert til að fá smá samanburð milli minni og stærri safna. Ekki var nauðsynlegt að skilja eftir nafn safnsins og í þessum skrifum verða öll söfnin nafnlaus.

Einnig fylgdu fimm opnar spurningar þar sem spurt var hverjir væru fjárhagslegir bakhjarlar safnsins, hvort hafi orðið breytingar á stuðningi þeirra undanfarin fimm ár, hvernig fólk upplifði fjárhagsstöðu safnsins og að lokum um samskipti og skilning á starfseminni, annars vegar hjá sveitarfélagi eða sveitarfélögum og hins vegar ríki.

Könnuninni svöruðu 34 viðurkennd söfn, sem eru 72% allra viðurkenndra safna á Íslandi. Færri safnvísar hafa svarað könnuninni, svo hér verður sjónum beint að viðurkenndu söfnunum. Vert er þó að taka fram að ákveðinn samhljóm má sjá með báðum gerðum safna.

Fjárhagurinn

Fyrst langar mig að draga fram svörin við spurningunni um hvernig fólk upplifir fjárhag safnsins og kannski best að segja strax að þetta er því miður ekki skemmtigrein. Könnunin



Dagrún Ósk Jónsdóttir

afhjúpar fyrst og fremst alvarlega stöðu innan safnageirans. Einungis 4 svör greina frá góðri fjárhagsstöðu safnsins á móti 13 sem segja hana slæma. Fimm svör segja stöðu safnsins sæmilega, og 11 svör set ég í flokk sem kalla mætti „sæmileg, en ...“. Í þeim svörum er fjárhagsstaðan sögð þokkaleg, en í framhaldinu er svo greint frá erfiðleikum. Dæmi um slíkt svar er þetta hér: „Sæmilega. Ekkert afgangs til að mæta viðhaldi eða óvæntum uppákomum, né heldur til viðburða eða sýningamála.“ Mér finnst raunar áhugavert hversu mörg svör falla í flokkinn „sæmileg, en ...“ og finnst það bera merki um óendanlega bjartsýni safnafólks, en líka hversu erfitt það virðist vera að segja hreint út að staðan sé alls ekki nógu góð, það þurfi meira fjármagn.

Algennt er að talað sé um að það þurfi að fjölga stöðugildum og bæta eða byggja viðunandi varðveislu-rými, þegar spurt er um fjárhags-

stöðu: „Fjárhagsstaðan er mjög þröng í sjálfu sér. Það er lítið svigrúm til að brydda upp á nýjungum eða takast á við verkefni eins og betri varðveislurými.“ Annars staðar segir: „Fjárhagsstaða safnsins gæti verið betri þannig að hægt væri að sinna öllum þáttum safnastarfsins eins og kveðið er á um í safnalögum og safnaskilgreiningu ICOM. Í draumaheimi væri gott að geta eftir mannaúðinn þ.e. ráðið fleira starfsfólk og gott væri að hafa aukið rými fyrir starfseminna. Þetta myndi kalla á aukið fjármagn. Eins og á öðrum söfnum þá reynum við ávallt að láta fjárframlagið duga og gerum okkar besta til að sinna krefjandi verkefnum.“ Safnafólk gerir svo sannarlega alltaf sitt besta og mannaúðurinn sem í því býr er kannski ekki síst fólgin í því hvað snjallt það er að gera mikið úr litlu: „Alltaf erfið og ekki nægir peningar fyrir öllum verkefnum en við sníðum okkur stakk eftir vexti.“

Ljóst er að víða vantar fleira starfsfólk: „Ágæt fjárhagsstaða en sárvantar þó stuðning í formi fleiri stöðugilda á safninu.“ Og í öðru svari: „Þyrftum að fá meira fjármagn til að geta haldið úti eðlilegu starfi, mikið álag á starfsmenn.“ Til að mæta þessu er ljóst að nokkur söfn þurfa að reiða sig á aðstoð sjálfboda-liða, hér segir að fjárhagsstaðan sé: „Þokkaleg með öllum sjálfboda-liðunum.“ En það ber þess auðvitað merki hversu mikilvægt safnið er fyrir samfélagið þegar fólk er tilbúið að leggja hönd á plóg til að aðstoða. Það er líka ljóst að það er mikilvægt að upplifa stuðning sveitarfélagsins, samfélagsins eða ríkis: „Nokkuð góða. Reksturinn stendur ekki undir sér en bæjaryfirvöld eru þokkalega jákvæð gagnvart rekstrinum.“

Samskiptin við hið opinber

Þegar spurt er út í samskipti við sveitarfélag og ríki eru svörin einnig misjöfn. Það er ljóst að samskiptin litast mjög af sitjandi bæjarstjórum og kjörnum fulltrúum hverju sinni. Samskipti virðast í mörgum tilfellum í lagi, þó þau mættu vera meiri og þónokkuð er talað um skilningsleysi. Í einu svari segir: „Safnið leggur töluverða vinnu í að upplýsa kjörna fulltrúa um samfélagslegt og menningarlegt gildi og hlutverk safnsins, lagalegar skyldur þess m.t.t. safnalaga og að auki um gildi faglegs safnastarfs (sem oft virðist fara framhjá þeim sem hafa ákvarðanavaldið).“ Það kemur líka fram að sú óvissa sem ríkir um fjárhag safnsins sé erfið: „Hætt við að fjárveitingar til safna séu skornar niður þegar þrengir að fjárhagslega.“ Það er einnig ljóst að þar sem ríkir góður skilningur á starfseminni, sem einnig kemur fram í svörunum, er það mjög mikilvægur meðbyr fyrir söfnin. Þau söfn sem eru í eigu sveitarfélaga upplifa almennt meiri skilning.

Þegar kemur að samskiptum við ríki, eru upplifanir blendnar, sum upplifa samskiptin neikvæð og önnur jákvæð. Fjórtán svör greina frá því að safnið eigi í litlum eða nánast engum samskiptum við ríkið. Aftur er nefnd vöntun á skilningi á starfsemi safna og nú einstaklingar sem svara skrifa að þau upplifi skilningsleysi. Einnig eru þó nokkur sem benda á að þau sakni fastra rekstrarstyrkja úr Safnasjóði, en fólk upplifir einnig að Safnasjóður hafi styrkst, sem er mikilvægt. Það er alveg ljóst á könnuninni að styrkir frá Safnasjóði, verkefnastyrkir, stuðningur frá sveitarfélögum, fyrirtækjum, félögum og einstaklingum eru víða nauðsynlegir safnastarfinu.

Auðvitað er margt sem hefur áhrif á niðurstöður svona könnunar. Ég velti því til dæmis fyrir mér hvort svörin hefðu orðið öðruvísi ef könnunin hefði verið send út síðar á árinu, til dæmis eftir að fréttirnar bárust um Náttúrufræðistofu Kópavogs. Það hefði einnig verið gott að fá fleiri svör og velta má fyrir sér hvort þau sem upplifi erfiða stöðu séu líklegri til að svara könnun af þessu tagi.

Aðgerða er þörf!

Engu að síður sýnir könnunin bersýnilega að það eru víða erfiðleikar, það sést vel á svörunum. Nokkrum sinnum er nefnt að rekstur sé í járnnum og það er alveg ljóst að það þarf víða aukin fjárframlög til að söfn nái að sinna lögbundnum skyldum sínum. Það vantar fleira starfsfólk, betri varðveislurými, meiri fyrirsjáanleika, skýrari stefnu og aukinn skilning sveitarstjórnarfélks og ríkis. Það er ljóst að það þarf öflugar og fjölþætтар aðgerðir til að mæta þessum vanda og það er mikilvægt að við getum rætt hann við hvort annað.

Stóra spurningin er hvernig megi stuðla að auknum skilningi á mikilvægi safnastarfs, því við vitum að það er gríðarlega mikilvægt verkefni. Safnafólk eru meistara í að gera mikið úr litlu, láta hlutina ganga upp og finna leiðir til að halda úti öflugum starfi, en það þarf meira til. Það þarf aukinn stuðning ekki bara í orði heldur í formi aukins fjármagns. Eins og einn svarenda skrifar: „[Söfn eru] nauðsyn fyrir samfélagið, án þeirra værum við miklu fátækari á allan hátt.“

Dagrún Ósk Jónsdóttir,
verkefnisstjóri FÍSOS

Sarpur- Leiðin að nýju kerfi

Saga skráningakerfisins Sarps nær um 25 ár aftur í tímann en gefnar hafa verið út þrjár útgáfur af kerfinu. Þriðja útgáfa Sarps sem var veflæg var tekin í notkun árið 2011. Hefur sú útgáfa verið þróuð mikið á síðastliðnum árum og aðlöguð að fleiri aðfangategundum og breyttum þörfum notenda. Notendur fóru í meira mæli að nota kerfið sem vinnutól og umsýslukerfi en ekki eingöngu til skráninga. Kerfið er þó komið til ára sinna og ljóst að ekki er endalaust hægt að þróa viðbætur við það, þannig að vel sé gert. Umhverfi kerfisins svarar ekki kalli tímans og því var ákveðið að hefja vinnu við að skoða þarfir nýs skráningarkerfis til framtíðar og endurnýja hugbúnaðinn.

Árið 2019 fór fram könnun og þekkingaröflun á nýju skráningar- og umsýslukerfi og haustið 2020 hófst verkefni til eins árs við að útbúa þarfagreiningu vegna arftaka Sarps 3. Sérfræðingar frá ýmsum söfnum tóku þátt í gerð þarfagreiningarinnar. Á sama tíma voru kostir og gallar metnir við kaup á tilbúnu kerfi eða nýsmíði á kerfi. Ákveðið var að fara þá leið að kaupa tilbúið kerfi. Margar ástæður lágu þar að baki, t.d. sú að óþarfi er að finna endalaust upp hjólið þegar að mörg tilbúin kerfi geta hentað vel en einn helsti kosturinn er kannski krafturinn í fjöldanum, það að nota sama kerfi og mörg önnur söfn úti í heimi og mögulega njóta góðs af ýmsum viðbótum sem seinna verða gerðar.

Sótt var um ýmsa styrki og hlaut verkefnið 42 milljóna króna styrk úr Innviðasjóði Rannís (í samstarfi við Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista - MSHL) til innleiðingar á nýju kerfi og öndvegisstyrk í safnasjóði árið 2022 að upphæð 14.4 milljónir til að ráða inn starfsmann í hálfu starfi til Rekstrarfélags Sarps sem dreifist á þrjú ár. Að auki fékkst 4 milljóna króna styrkur úr safnasjóði sem notaður var til að fá ýmsa sérfræðiráðgjöf og fyrir útlitshönnun á nýjum ytri vef Sarps (sarpur.is). Fjármögnun rekstrarkostnaðar í nýju kerfi er enn ólokið.

Árið 2022 þegar búið var að tryggja fjármögnun stofnkostnaðar var gerð kröfulýsing fyrir nýja kerfið með hliðsjón af skýrslu þarfagreiningarinnar. Ljóst var að innkaup á kerfinu yrði útboðsskylt á EES svæðinu. Útboðsgögn voru unnin og útboðið auglýst á EES þann 30. nóvember 2022. Opnun tilboða var þann 3.

febrúar 2023 og bárust sex tilboð í verkefnið. Í fyrsta fasa var farið yfir tilboðin út frá gæðakröfum kerfisins, sem vigtuðu 30% af lokaekinnun og áhættumati sem vóg 10%. Þrjú fyrirtæki fóru áfram í næsta fasa, en það voru Axiell ALM Limited, SKINsoft SARL og Zetcom GmbH.


Í fasa tvö voru notendadæmi skilgreind fyrir þessi þrjú fyrirtæki og dómnefnd með ýmsum sérfræðingum var stofnuð til að leggja mat á úrlausn notendadæmanna sem vögu 20% af lokaekinnun. Að lokum voru verðumslögin opnuð en kostnaður gildi 40% af heildarmatinu.

Þann 13. apríl lögðu Ríkiskaup til að tilboð Zetcom GmbH yrði valið enda hagstæðast samkvæmt valforsendum. Tilboði Zetcom GmbH var svo tekið 25. apríl 2023.

Zetcom GmbH - MuseumPlus

Zetcom hefur yfir 20 ára reynslu í upplýsingatækni og hönnun á skráningarkerfum fyrir söfn og stofnanir í menningargeiranum. Fyrirtækið þjónar meira en 1.000 stofnunum í 36 löndum og er með vel yfir 80 sérfræðinga í vinnu.

Kerfið sem Zetcom býður uppá heitir MuseumPlus. Kerfið er Spectrum vottað og er nú þegar til á 10 tungumálum. Stórir viðskipta-



Skjaskot innan úr prufuadgangi MuseumPlus fyrir aðlögun. Myndin sýnir skráningarblað.


vinir sem nota kerfið eru til dæmis Þjóðminjasöfn Svíþjóðar og Noregs, FMA í Finnlandi (samstarf viðurkenndra safna í Finnlandi) og Louvre í Frakklandi.

Stefnt er að því að hefja innleiðingu á nýja kerfinu haustið 2023. Mikil vinna felst í að aðlagja kerfið að okkar þörfum t.d. þarf að íslenska kerfið, aðlagja sérhæfða skráningarreiti sem e.t.v. eru ekki þegar í MuseumPlus og huga að ýmsum tengingum út á við eins og t.d. samþættingu við island.is og tengingu við Þjóðskrá. Þegar aðlaganir hafa verið gerðar taka við miklar prófanir á kerfinu í heild sinni.

Gagnaflutningar eru svo annað mjög stórt verkefni og við er að búast að einhver vandamál skjóti upp kollinum þar. Búist er við því að það þurfi 3-4 prufugagnaflutninga til þess að ná fram öllum mögulegum villum og flækjustigum sem upp gætu komið. Sérfræðingar Zetcom hafa reynslu af mörg hundruð gagnaflutningum frá ýmiskonar kerfum, stórum og smáum og ættum við því að vera í góðum höndum þar enda átta þeir sig á stærð verkefnisins.

Ýmsir óvissuþættir hafa áhrif á hvenær innleiðingu lýkur, t.d. er mjög takmarkaður mannaflí hjá Rekstrarfélagi Sarps auk þess sem nokkur óvissa er um hvernig gagnaflutningur úr Sarp 3 yfir í nýja kerfið mun ganga. Einnig er ljóst að mörg söfn hafa takmarkaðan mannafla sem og tíma til að aðstoða við að vinna á móti RS. Sérfræðingar Zetcom hafa innleitt kerfið hjá mörgum söfnum á um 12 mánuðum en í ljósi okkar aðstæðna er líklegt að innleiðingin muni taka eitthvað lengri tíma.

Stofnaður verður verkefnahópur með fulltrúum frá Rekstrarfélagi Sarps og fulltrúum frá söfnum.



Skjáskot innan úr prufuadgangi MuseumPlus fyrir aðlögun. Myndin sýnir yfirlit aðfanga.

Hópurinn mun fylgja verkefninu eftir allan tímann. Að auki munu ráðgjafar og forritari hérlandis aðstoða við vinnuna og svo verða vinnuhópar kallaðir til eftir þörfum. Vinnuhóparnir verða myndaðir með sérfræðingum safna á ýmsum sviðum sem munu aðstoða við aðlögun og ákvarðanatöku afmarkaðra viðfangsefna.

Þegar kerfið fer svo í almenna notkun verða haldin námskeið fyrir alla notendur og sérfræðingar Zetcom munu vinna náið með okkur fyrstu þrjá mánuðina til að bregðast við ef upp koma vandamál.

Hvað geta söfnin gert til að undirbúa sig

Með nýju kerfi er tækifæri að endurskoða og endurmeta skráningarferlið með hliðsjón af Spectrum staðlinum. Nú er tilvalið að fara í tiltekt í gögnum áður en þau verða flutt yfir í nýja kerfið enda er leiðinlegt að flytja gamlar myndir með yfir. Það er einnig nauðsynlegt að þið þekkið ykkar gögn vel en þá verðið þið mun fljótari að koma auga á villur eftir gagnaflutningana. Gott væri að huga að uppsetningu undirskróa en mörg söfn eru með margar tómar undirskrár. Einnig væri tilvalið á sama máta að skoða varðveislustaði og láta starfsfólk Sarps vita ef einhverjir

varðveislustaðir eru úreltir og óþarfir að færa yfir.

Næstu mánuðina gætu söfn átt von á að fá lista yfir skráningar sem eru e.t.v. eitthvað athugaverðar og gætu mögulega valdið vandræðum þegar gagnaflutningar fara fram, þetta gætu t.d. verið númeralausar færslur, tvískráningar eða færslur sem hafa týnst í gömlum undirskráum. Þá er nauðsynlegt að starfsfólk safna hafi svigrúm til að bregðast við. Einnig gætum við óskað eftir þátttöku starfsfólks í ýmsa vinnuhópa til að aðstoða við aðlögun kerfisins. Slík þátttaka er ómetanleg fyrir Rekstrarfélag Sarps og miklu máli skiptir að ýmsar ákvarðanir verði teknar í samvinnu við safnafólk aðildarsafna þar sem kerfið verður mikilvægt vinnutól fyrir allskyns vinnu á söfnunum. Hagsmunir safna eru ríkir og því mikill ávinningur af því að taka þátt í uppbyggingu nýs kerfis.

Nú tekur því við mikil vinna við innleiðingu en við hjá Rekstrarfélagi Sarps erum bjartsýn um að verkefnið eigi eftir að ganga vel og að nýja kerfið eigi eftir að standast væntingar og opna ýmsa möguleika til framtíðar fyrir aðildarsöfn Sarps.

Vala Gunnarsdóttir, fagstjóri Sarps

„Dularfull stilling í sálinni“:

Frásagnir af menningarminjum

“

Að greina nákvæmlega hvar á rófi sköpunar og eyðingar hlutir (eins og bækur til dæmis), fólk eða hugmyndir liggja er auðvitað ekki alltaf auðsótt. Þó virðist manni að það sem er að skapast og lifna sé oftast en ekki hávaðasamara, hjartara, hvellara, hreyfanlegra en hitt sem er að hnigna og eyðast. Það sem er að hverfa, það sem stefnir í átt að eyðingu, það hreyfist hægar, er dekkra, myrkara, þögnula. Hvort mönnum fellur betur sem dægurstyttingu að horfa á það sem ærslast og stækkar eða hitt sem þokast og minnkar, það ræðst líklega af upplagi hvers og eins, dagsforminu og einhverri dularfullri stillingu í sálinni, stillingu sem fæstir kunna skil á og geta því síður stjórnað.

Ragnar Helgi Ólafsson. *Bókasafn föður míns: Sálumessa* (samfínungur). Reykjavík: Bjartur, 2018. Bls.123-4.

”

Við þurfum að tala um tilfinningar. Þetta er fráhrindandi frasi fyrir suma en kannski ekki nógu mikið notaður í fræðilegu samhengi innan safnageirans. En af hverju? Sumt er einfaldlega ekki hægt að skoða, rannsaka eða ræða án þess að snerta á hinu óræða eða erfða. Í þessu


tilfelli er ég að tala um viðhorf, hvata og tilfinningar fólks sem á einhvern hátt hefur tengingar við „mögulegar menningarminjar“. Þ.e.a.s. fólk sem hefur eignast, keypt eða rekist á hluti, staði, hús, land eða minjar sem flokkast geta samkæmt kerfinu sem hluti af menningarminjum eða arfi. Því fylgir gjarnan formlegt umhverfi eða umgjörð – um leið og við förum að setja slíka hluti í menningararfsmengið, setjum við okkur mörg hver í stellingar og förum sjálf virkt að nota aðra orðræðu og þessir hversdagslegu hlutir verða eins og hjúpaðir verndarskildi, eða a.m.k. komast þeir stundum á einhverskonar annan og æðri stall.

Það er mikill áhugi fyrir sögu og menningu okkar hér á landi og það ríkir nokkuð strangt reglugerðarkerfi hvað varðar menningarminjar og minjavernd. Aðeins hluti safngripa kemur fyrir sjónir almennings – innan veggja vel skipulagðra sýninga á söfnum. Stærstur hluti muna er svo geymdur í varðveisluhúsnæðum safnanna. Þarna hafa venjulegir, hversdagslegir munir fengið hina áhugaverðu umbreytingu; úr hlut í safngrip. Allt þetta hefur fengið nýtt hlutverk í okkar augum; um þetta gilda reglur og þær ber okkur að virða. Það liggja jafnvel viðurlög við því að brjóta þessar reglur.

Sitjum við þá mögulega uppi með þann skilning eða tilfinningu að um

svokallaðar menningarminjar hafi verið reistur varnarmúr? Flest okkar hafa lítið við þetta að athuga. Það er einfaldlega svona sem kerfið okkar á að virka. Við virðum sögu okkar, við söfnum, rannsökum, varðveitum og miðlum henni í gegnum söfnin. Ég tel að hérna megi staldra við og skoða betur þetta ferli; samskipti stofnana og almennings – þeirra sem búa yfir / uppgötva / tilkynna / rekast á eða eignast þessar verðandi menningarminjar til að byrja með. Sumir vilja fylgja kerfinu og fara formlega leið – tilkynna mögulegar minjar til viðeigandi stofnana en aðrir alls ekki. Hérna koma frásagnir okkar allra inn í spilið. Hvernig hefur kerfið okkar verið í stakk búíð til þess að eiga þetta samtal við almenning?

Til þess að skoða þetta betur, þá gerði ég þetta að rannsóknarefni mínu í lokaritgerð í safnafræði við Háskóla Íslands, „Dularfull stilling í sálinni“: *Frásagnir af menningarminjum* (2020). Í henni kannaði ég viðhorf og hvata þeirra einstaklinga sem eiga eða gætu hugsanlega búíð yfir menningarminjum, til minjaverndar. Upplýsingum var aflað með viðtölum við einstaklinga en einnig var starfsemi stofnana, s.s. Minjastofnunar Íslands skoðuð, en stofnunin sinnir umfangsmiklu lögbundnu eftirlits- og ráðgjafahlutverki vegna minjaverndar á landinu öllu. Leitast var eftir því að greina frásagnir einstaklinganna og stofnana og



Hvenær má henda? Ljósmynd: Þorvaldur Gröndal.

litið þannig á að frásagnir af menningarminjum sé einn af hornsteinum minjaverndar. Viðmælendur gátu tjáð sig um þessi málefni í viðtölum og reynt var að varpa ljósi á hvernig mismunandi frásagnir geta opnað fyrir góðan eða jafnvel betri skilning á samskiptum aðila sem sinna minjavernd með einhverjum hætti. Hver var þeirra skoðun á þessu öllu? Á t.d. að afhenda slíkar eignir til opinberra aðila til varðveislu, eða kemur þetta engum við nema þeim?

Mikilvægi frásagna einstaklinga er óumdeilanlegt, en með því að beita því sem rannsóknarverkfæri er hægt að opna á hugmyndir og skoðanir fólks, en einnig með því fá tilfinningu fyrir því hvernig það sér fyrir sér framtíð „hugsanlegra“ eða verðandi menningararfs – þeirra hluta, húsa eða landsvæða sem það býr yfir, á eða er að eignast.

Varðmenn minja

Tökum stutt dæmi um fólk sem nýlega hafði fest kaup á jörð þar sem nokkur fjöldi útihúsa stóð enn, full af ýmsum munum frá fyrri öldum, ásamt reisulegu íbúðarhúsi. Jörðin er nokkuð afskekkt. Ef áþreifanlegi hlutinn sem blasir við er tekinn frá þá býr staðurinn einnig yfir mikilli sögu sem bæði tengist sveitinni sjálfri, iðnþróun hennar og mannlífi. Hann hefur jafnvel beina tengingu í þróun iðnvæðingar á landsvísu, fyrir utan sögusagnir um mögulegar minjar fá landnámstíð sem nágrannar gátu bent á. Nýju ábúendurnir gerðu upp íbúðarhúsið af mikilli natni og gættu þess að halda í upprunalegan stíl og anda hússins. Þau höfðu í huga að gera staðinn að sínum, njóta hans og lifa í sátt og samlyndi við sveitunga sína og bera virðingu fyrir sögu hans í leiðinni. Ferðamennska og varðveisla menningararfs helst

stundum í hendur, enda oft eina leiðin til þess að afla fjármagns til viðhalds og reksturs, en sú leið hugnaðist þeim ekki. Afstaða þeirra til minjaverndunar var skýr. Þau líta á sig sem nokkurskonar varðmenn staðarins, sem bera skyldu til þess að halda honum á lífi, eða fylla hann lífi öllu heldur, því það er ekki tilgangur með því að gera hluti upp bara til að sjá þá grotna niður á ný, jafnvel ónotaða. Þó að hlutverk ábúendanna, hlutanna eða bygginganna breytist í árána rás, þá skiptir það engu máli. Það sem skiptir máli, að þeirra mati, er að lífið og notkunin haldi áfram. Menningararfur er tilbúið hugtak, líkt og Laurajane Smith segir í bók sinni, *Uses of heritage*. Hvenær tilheyrar minjar þeim virðulega flokki? Verður bær þessa fólks þá ekki hluti af menningararfi sveitarinnar, eða landsins, ef að eigendur þess hugsu staðinn ekki sem hluta af einhverju gömlu og

sögulegu, heldur einfaldlega sem stað til þess að vera á, hús til þess að vera í eða umhverfi sem breytist, þróast og heldur áfram að vera hluti af nútímanum – „lifandi“ en ekki „dautt“?

Viðhorf þeirra átti sér samhljóm hjá fleirum sem gáfu skoðun sína í þessarri rannsókn. Þó að í ljós komi að eigendur muna, húsa eða jarða, hafi í fórum sínum mögulegan „menningararf“ sem gæti vel farið

í rannsóknar- eða friðunarferli, þá hafa frásagnir þessa fólks sýnt fram á að ekki eru allir á þeirri skoðun – það er ekki áhugavert að „búa í fangelsi minja“. Það er þó alls ekki það sama og að segja að það hafi ekki áhuga eða beri ekki virðingu fyrir söfnun og minjavernd, heldur er viðhorf þeirra, aðferðafræði og tilfinningar fyrir „mögulegum menningararfi“ af öðrum toga. Á að líta svo á að það sé skylda okkar að tilkynna minjar í

okkar eigu eða getum við ekki bara verið varðmenn þeirra og gefið þeim framhaldslíf – eða frið?

Hið óræða og dularfulla stillingin í sálinni

Hvað er það þá sem skapar vandann? Er ekki þessa „dularfullu stillingu í sálinni“, sem vitnað er í, í byrjun þessarar greinar, að finna í öllum einstaklingum sem bæði búa yfir, og sýsla með menningarminjar? Getur stillingin, sem Ragnar Helgi lýsir nánar sem upplagi hvers og eins, líkt og dagsformi, valdið því að við getum í raun aldrei orðið sammála? Ég leyfi mér að setja samasemmerki milli þessarar stillingar og hvatans sem hér er meðal annars til umræðu. Er það hugsanlega svo einfalt? Má vera að vegna þess þá flokkumst við í tvær, eða fleiri fylkingar og samtal okkar um verndun minja nær stundum ekki niðurstöðu?

Að lokum má leiða líkum að því að viðhorf einstaklinga til minjaverndar hljóti að endurspegla að einhverju leiti hvaða augum þeir líta, eða hvaða reynslu þau hafa af lögum og reglum, samskiptum við yfirvöld eða stofnanir sem sýsla með menningararf. Frásagnir lýsa verðmætamati og gildi minja og eins geta frásagnir einstaklinga og stofnana á opinberum vettvangi haft áhrif á framgang minjaverndar eða stjórnsýslu hennar. Viðmælendur í rannsókninni lýstu almennt hugmyndum sínum, afskiptum og viðhorfum af minjavernd á jákvæðan hátt, en gagnrýndu jafnframt ýmislegt. Minjavernd er ekki bara klippt og skorið praktísk framkvæmd. Hún verður að taka mið af öllum hliðum, öllum frásögnum og ekki síst tilfinningum okkar.

Þorvaldur Gröndal, safnafræðingur



PRENTMET heilsíða

Sjónarmið við varðveislu óáþreifanlegs menningararfs

Söfn gegna fjölbreyttu hlutverki þegar kemur að varðveislu lifandi menningararfleifðar. Þau geta allt í senn verið vettvangur skrásetningar, söfnunar og ekki síst hvers kyns miðlunar. Þá hefur nýleg rannsókn sýnt að söfn gegna mikilvægu hlutverki fyrir samfélög og hópa þegar kemur að varðveislu óáþreifanlegs menningararfs eins og UNESCO fjallar um það fyrirbæri.¹ Þess vegna

er gagnlegt að safnafólk þekki þær meginreglur sem orðið hafa til innan UNESCO varðandi varðveislu lifandi menningararfleifðar.

Samningur UNESCO frá árinu 2003 um varðveislu óáþreifanlegs menningararfs öðlaðist gildi hér á landi árið 2006 (hér eftir nefndur samningurinn). Samningurinn leggur þær skyldur á aðildarríki

að tryggja varðveislu óáþreifanlegs menningararfs á sínu yfirráðasvæði, m.a. með skrásetningu og fræðslu til að efla og auka vitund og þekkingu á óáþreifanlegum menningararfi og mikilvægi hans. Sem hluta af skrásetningu skulu aðildarríki samningsins gera yfirlitsskrár um óáþreifanlegan menningararf. Í því augnamiði opnaði ráðherra menningarmála vefinn *Lifandi hefðir* (lifandihefdir.is) þann 19. desember 2018 sem Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hefur umsjón með. Á vefnum er nú að finna fjölbreyttar skráningar sem gefa góða mynd af óáþreifanlegum menningararfi á Íslandi. Við skrásetningar á vefnum eru umræddar grundvallarreglur hafðar að leiðarljósi. Þessi sjónarmið veita mikilvæga leiðsögn varðandi frekari ráðstafanir á þessu sviði og þar gegna söfn, eins og áður segir, mikilvægu hlutverki.

Varðveisla óáþreifanlegs menningararfs og gerð yfirlitsskráa

Ein helsta áskorun sem söfn, menningarstofnanir og félagasamtök, sem láta sig varðveislu óáþreifanlegs menningararfs skipta, standa frammi fyrir er hvernig síbreytileg og lifandi menningararfleifð skuli varðveitt. Fjöldmörg dæmi eru um árangursríkar ráðstafanir í átt að þessu markmiði en þær eiga það m.a. sameiginlegt að gangast við þeirri stöðugu umsköpun og endursköpun sem einkennir óáþreifanlegan menningararf enda taka hefðir og hátíðahöld, verkkunnátta, sagnamennska o.s.frv. breytingum í tímans rás. Þá eru einnig dæmi um að hverfandi handverk gangi í endurnýjun lífdaga í gegnum listsköpun eða með breyttum tíðaranda. Í umfjölluninni sem hér fer á eftir verður þó ekki fjallað sérstaklega um fjölbreyttar leiðir til varðveislu heldur verður áherslan á að kynna þær meginreglur sem hafa þarf í huga samkvæmt samningnum við gerð yfirlitsskrá en þær eru jafnframt



Í desember 2021 var handverkið við smíði súðbyrtra báta skráð á lista UNESCO yfir óáþreifanlegan menningararf mannkyns. Öll Norðurlöndin, auk Færeyja og Álandseyja, stóðu saman að tilnefningunni á þessari sameiginlegu arfleifð. Síldarminjasafnið á Siglufirði stendur ár hvert fyrir kynslu um handverkið. Mynd fengin af vefnum lifandihefdir.is



Fjölmargir hlaupahópar starfa víða um land. Í hlaupahópum kemur fólk reglulega saman og hleypur sér til heilsu-bótar og skemmtunar. Hefðin lifir góðu lífi í hversdagslífi landsmanna og ekki þörf fyrir sérstakar varðveisluráð-stafanir. Mynd: Gísli Guðmundsson, fengin af vefnum lifandihefdir.is

gagnlegar við safnastarf og aðrar varðveisluráðstafanir á þessu sviði.

Eins og áður hefur komið fram ber aðildarríkjum samnings UNESCO skylda til að útbúa yfirlitsskrár um óáþreifanlegan menningararf á yfirráðasvæði sínu og uppfæra reglulega. Þó gerð slíkra skráa sé ekki valkvæð þá eftirlætur samningurinn töluvert svigrúm um hvernig þessu ferli skuli hagað. Á þeim 20 árum frá því að samningurinn varð til hefur mikil reynsla og þekking orðið til um gerð yfirlitsskráa sem m.a. má sjá stað í leiðbeiningum og grundvallarreglum frá UNESCO.² Í raun má segja að gerð yfirlitsskráa og skrásetning sé samstarfsverkefni milli annars vegar safna, stofnana og sérfræðinga sem annast gerð yfirlitsskrá og hins vegar grasrótarsamtaka og hópa sem þekkja og stunda viðkomandi hefð og vilja miðla henni. Mikilvægt er að finna ásættanlegt jafnvægi þarna á milli.

Gerð yfirlitsskráa er og á að vera viðvarandi verkefni þó ekki sé nema

vegna þess að menningararfur tekur sífelldum breytingum og nýr verður til. Áherslan er því ekki á endanlega útkomu heldur á að ferlið sjálft. Til einföldunar má skipta ferlinu við gerð yfirlitsskráa frá grunni upp í fjögur stig. Þau eru: a) undirbúningur, b) söfnun upplýsinga og skráning, c) flokkun, greining og skráning, d) uppkast og birting á yfirlitsskrá. Frá upphafi þessa ferlis er mikilvægt að forðast möguleg neikvæð áhrif af gerð yfirlitsskráa eins og t.d. að skapa stigveldi milli fyrirbæra og iðkenda, sem og að markaðsvæða, helgivæða eða staðla fyrirbærin.

Eitt af megineinkennum óáþreifanlegs menningararfs eins og um hann er fjallað í samningi UNESCO frá 2003 er að hann tilheyrir samfélagi eða hópi. Þess vegna má segja að þátttaka sé eitt af leiðarstefjum samningsins. Mikilvægt er að hafa í huga að samfélög og hópar sem eiga óáþreifanlegan menningararf eru ekki samstilltur eða einsleitur hópur heldur margbreyti- legur eftir t.d. aldri, kyni o.fl. Þess

“

MISMUNANDI HUGTÖK Í NOTKUN

Þegar samningurinn öðlaðist gildi á Íslandi árið 2006 birtist þýðingin menningarerfðir á enska heitinu *intangible cultural heritage* (franska *patrimoine culturel immatériel*). Orðnotkunin menningarerfðir er nokkrum vandkvæðum búin. Bæði kann orðið að valda misskilningi á efni samningsins, þ.e.a.s. getur gefið til kynna að menning erfist líkt og mannlegir eiginleikar og eins er orðið ekki nógu lýsandi. Í þessari grein kys ég að nota orðasambandið óáþreifanlegur menningararfur, líkt og fræða-samfélagið gerir almennt, í stað orðsins menningarerfða.

Við undirbúning að opnun vefsins *Lifandi hefðir* var ákveðið að notast hvorki við orðið menningarerfðir né orðasambandið óáþreifanlegur menningararfur í heiti hans heldur var valið að nota orðasambandið lifandi hefðir. *Lifandi hefðir* fanga ágætlega áherslur samningsins sem gengur fyrst og fremst út á varðveislu lifandi menningararfleifðar.

”

vegna finnast ólík sjónarmið innan hópa sem þó kunna að eiga sér sameiginlegan óáþreifanlegan menningararf. Jafnframt ber að hafa í huga að hefðir, siðir, kunnátta og venjur finnast iðulega í mörgum tilbrigðum innan sama hópsins. Ólíkar raddir hópa og innan hópa ættu að fá að heyrast þegar unnið er að gerð yfirlitsskráa. Skráningar á yfirlitsskrár ættu að endurspeglar þessa fjölbreytni og ólík viðhorf innan þeirra en ekki að breiða yfir mismuninn. Þannig næst enn betur að sýna hið margradda og síkvika eðli óáþreifanlegs menningararfs.



Byggðasafn Skagfirðinga og Fornverkaskólinn hafa um árabil kennt handverkið við torfhleðslu, torfskurð og -ristu. Þekking á handverkinu er m.a. nauðsynleg til að viðhalda torfhúsum landsins. Mynd af lifandihefdir.is

Meginreglurnar

Eins og áður greinir þarf að virða þær meginreglur sem orðið hafa til hjá UNESCO við gerð yfirlitsskráa en þær hafa einnig víðtækari skírskotun og eru gagnlegar söfnum og öðrum sem vilja vinna að varðveislu lifandi menningararfleifðar.

Samþykki

Mikilvægt er að samþykki samfélaga og hópa við þátttöku í gerð yfirlitsskráa sé gefið fyrirfram og að um upplýst samþykki sé að ræða. Leita skal samþykkis á ólíkum stigum í ferlinu, t.d. fyrir gerð skráningar, fyrir ferlinu sem tekur við, hvaða upplýsingum verði miðlað o.s.frv. Engin einhlít leið er til að veita slíkt samþykki en hafa verður í huga að mikilvægt er að leita eftir ólíkum röddum innan viðkomandi hóps, t.d. allra kynja, fólks á ólíkum aldri o.s.frv.

Þátttaka

Tryggja skal sem víðtækasta þátttöku samfélaga þegar kemur

að gerð yfirlitsskráa um óáþreifanlegan menningararf þeirra. Lítið er jákvætt á nýstárlegar aðferðir varðandi þátttöku samfélaga m.a. þar sem fólk innan viðkomandi samfélags skráir og safnar gögnum sjálft og gegnir lykilhlutverki í ferlinu við gerð yfirlitsskráa um óáþreifanlegan menningararf sinn. Hafa ber í huga að ekki öll samfélög eða hópar hafa til að dreifa mannafla eða tæknilegum úrræðum til að safna upplýsingum eins og þörf er á við gerð yfirlitsskráa en í slíkum tilvikum geta söfn gegnt mikilvægu hlutverki fyrir viðkomandi hópa.

Tæmandi skrá

Gerð yfirlitsskráa á að vera viðvarandi verkefni. Í raun er ógerlegt verkefni að ætla að skrá allan óáþreifanlegan menningararf allra samfélaga og hópa sem til staðar eru á yfirráðasvæði aðildarríkis með tæmandi hætti, enda taka hefðir og siðir stöðugum breytingum. Þannig má í raun segja að skráningu á

óáþreifanlegum menningararfi verði í raun aldrei fullkomlega lokið. Þess vegna er gagnlegt að líta á ferlið sem viðvarandi verkefni. Í þessu felst einnig að ekki á að útiloka óáþreifanlegan menningararf t.d. minnihlutahópa, frumbyggja eða innflytjenda. Meginreglan um að yfirlitsskrár eigi að vera tæmandi felur þannig í sér að skrá á fjölbreyttan óáþreifanlegan menningararf af ýmsum toga en ekki bara þann sem er hagkvæmur eða sem fellur að ákveðnu kerfi. Jafnt á að skrá fyrirbæri sem eru í hættu og þau sem lifa góðu lífi.

Yfirgripsmiklar upplýsingar

Yfirlitsskrár eiga að vera meira en eingöngu upptalning á óáþreifanlegum menningararfi en þær eiga heldur ekki að vera vísindaleg greinargerð. Leitast skal við að yfirlitsskrár séu aðgengilegar og skráningar hnitmiðaðar (þó viðbótarupplýsingum sé safnað og haldið til hagna), en þannig verður hún auðveldari í notkun og

t.a.m. auðveldara að þýða á önnur tungumál. Myndræn framsetning, t.d. með ljósmyndum eða öðru lýsandi efni, getur verið gagnleg til að bæta við skriflega lýsingu á fyrirbærinu.

Tilgangur í samræmi við markmið samningsins

Yfirlitsskrár eiga að vera þannig úr garði gerðar að þær séu framlag til að ná markmiðum samningsins. Þannig skulu yfirlitsskrár greina óáþreifanlegan menningararf í því skyni að stuðla að varðveislu og öðrum markmiðum samningsins. Að auka vitund um óáþreifanlegan menningararf er eitt mikilvægasta markmiðið sem gerð yfirlitsskráa þarf að uppfylla. Þetta markmið undirstrikar mikilvægi ferlisins umfram niðurstöðuna, þ.e. skrárnar sjálfrar.

Uppfærsla

Uppfæra skal yfirlitsskrár reglulega með þátttöku viðkomandi samfélaga og hópa. Stöðug uppfærsla er mikilvæg í ljósi þess að óáþreifanlegur menningararfur er í stöðugri þróun og ógn við lífvænleika hans getur komið hratt fram. Skráning nýrra fyrirbæra á yfirlitsskrá er ekki uppfærsla heldur er með slíku aukið við yfirlitsskrána.

Aðgengi

Tryggja skal aðgang að óáþreifanlegum menningararfi en um leið virða viðteknar venjur um aðgang að sérstökum þáttum hans. Í þessu felst að hópum og samfélögum ber að hafa möguleika til að takmarka aðgang og stjórna aðgangi að upplýsingum um iðkun, tjáningu eða þekkingu sem er að finna á yfirlitsskrám eða í skráningargögnum og öðrum gagnasöfnum. Af þessum sökum kann að reynast nauðsynlegt að sleppa tilteknum upplýsingum úr skráningarfærslu að hluta eða öllu leyti og þannig takmarka lýsingu á leyndum eða heilögum þáttum óáþreifanlega menningararfsins

sem í hlut á. Besta leiðin til að tryggja þetta er með virkri þátttöku samfélagsins þar sem tekið er tillit til ólíkra viðhorfa innan þess í samræmi við reglur um upplýst samþykki. Skráningarfærslur um óáþreifanlegan menningararf samfélaga, þar sem móðurmál þeirra er ekki opinbert eða útbreitt í aðildarríkinu, ættu helst að vera kynntar bæði á opinberu tungumáli ríkisins og á tungumáli viðkomandi samfélags. Þá ætti einnig að leitast við að kynna færslur á yfirlitsskrám á alþjóðlegum tungumálum. Séu skráningarfærslur hnitmiðaðar og ekki of langar eykur það möguleika til að gera þær aðgengilegar á fleiri tungumálum.

Að lokum

Óáþreifanlegur menningararfur, þ.e.a.s. handverk, sagnamennska, matarhættir o.s.frv., er ekki nýr af nálinni. Það er heldur ekki nýtt að ríki hafi mótað menningararfi, þ.m.t. óáþreifanlegum menningararfi, einhvers konar umgjörð áður en samningur UNESCO frá 2003 öðlaðist gildi. Nýnæmi samningsins, og þeirra meginreglna sem hér hafa verið reifaðar, felst fyrst og fremst í áherslu hans á þátttöku samfélaga og hópa við allar varðveisluráðstafanir sem og að gangast við þeim breytingum og þeirri umsköpun sem óáþreifanleg menningararfleifð óhjákvæmilega tekur.

Í framhaldi af þessari umfjöllun má spyrja hvort og hvaða gagn sé af samningnum og varðveisluráðstöfunum í formi lista og yfirlitsskráa. Því er til að svara að samningurinn eftirlætur aðildarríkjum sínum töluvert svigrúm til að stuðla að markmiðum samningsins um varðveislu óáþreifanlegs menningararfs. Í því samhengi er gagnlegt að hugsa um samninginn sem verkfæri eða tæki. Samningurinn skapar grundvöll og vettvang fyrir skapandi starf í tengslum við varðveislu og miðlun

aukinnar þekkingar á óáþreifanlegum menningararfi. Áherslur samningsins eru að viðhalda menningarlegri fjölbreytni og um leið er gengist við stöðugri umsköpun lifandi hefða og býður samningurinn þannig svo sannarlega upp á vettvang og verkfæri til að auðga hversdags- og menningarlíf. Einnar mikilvægust er áhersla samningsins á þátttöku hópa og félagasamtaka í öllum varðveisluráðstöfunum. Þessi áhersla er nýlunda þar sem almennt má fullyrða að sjónarhorn sérfræðinga ráði ríkjum þegar kemur að varðveislu menningararfs. Að viðhalda lifandi óefnislegri menningu með þátttöku og í samstarfi við fólk, með framangreindar grundvallarreglur að leiðarljósi, býður svo sannarlega upp á skapandi tækifæri, m.a. í safnastarfi, ekki aðeins í formi skrásetningar á yfirlitsskrá.

“

HEIMILDIR

- 1 Hanna Schreiber (2022). „Squaring the Circle? In Search of the Characteristics of the Relationship between Intangible Cultural Heritage, Museums, Europe and the EU“. *Volkskunde* (Amsterdam, Netherlands).
- 2 Eftirfarandi umfjöllun byggir á eftirfarandi útgáfum: UNESCO's Ethical Principles for Safeguarding Intangible Cultural Heritage (Decision 10.COM 15a). Sótt á <https://ich.unesco.org/en/ethics-and-ich-00866>; UNESCO's Guidance Note for Inventorying Intangible Cultural Heritage under the 2003 Convention for the Safeguarding of the Intangible Cultural Heritage. Sótt á <https://ich.unesco.org/doc/src/>

Guidance_note_on_inventorying_EN.pdf; UNESCO's Operational Directives for the Implementation of the Convention for the Safeguarding of the Intangible Cultural Heritage. (9. GA. 2022 version). Sótt á <https://ich.unesco.org/en/directives>

”

Vilhilmína Jónsdóttir, þjóðfræðingur

Safnaprennan – ný fræðsluleið höfuðsafnanna fyrir framhaldsskóla

Skapandi ferðalag um menningararfinn

Í byrjun árs tóku safnkennarar höfuðsafnanna; Listasafns Íslands, Þjóðminjasafns Íslands og Náttúru-minjasafns Íslands, höndum saman og þróðu nýja fræðsluleið með það að markmiði að ná betur til framhaldsskóla. Kolbrún Kolbeinsdóttir kennari í Tækniskólanum tók þátt í mótun og framkvæmd verkefnisins með nemendum sínum í menningar-læsi. Grunnhugmyndin varð til í samtali safnkennara höfuðsafnanna en útfærslan varð til í höndum framhaldsskólakennarans.

Um hvað snýst fræðsluleiðin?

Verkefnið snýst um að hvetja nemendur til að koma auga á þætti sem móta okkur út frá samfélagi, listum og náttúru. Unnið er með þverfaglegt nám þar sem höfuð-söfnin sameina sinn safnkost, sýningar og þekkingu. Í gegnum þessa fræðsluleið dýpka nemendur og efla menningar- og náttúrulæsi sitt. Nemendur vinna sjálfstætt með höfuðsöfnin sem námsvettvang og eru hvött til að beita gagnrýnni og skapandi hugsun. Þau uppgötva

safnkostinn og þá sögu sem hann segir um hvernig samfélagið okkar hefur mótast af ólíkum öflum.

Hvað gera safnkennarar og hvað gera nemendur?

Safnaprennan stendur yfir í nokkrar vikur. Í upphafi heimsækja safnkennarar nemendur í skólastofuna og kynna söfn sín, yfirstandandi sýningar, starfsemi safnanna og þá óteljandi möguleika sem þar bjóðast til að uppgötva eitthvað nýtt, tengja og skilja. Því næst mæta nemendur í söfnin. Heimsókn á hvert safn varir í tvær til þrjár kennslustundir og gera þarf ráð fyrir svipuðum tíma í verkefnavinnu eftir að heimsókn líkur. Nemendur skipa sér í hópa og nálgast viðfangsefnið saman í gegnum samtal sín á milli.

Stoðin í verkefninu er orðalisti með hugtökum sem tengja saman safnkost og sýningar safnanna þriggja. Dæmi um orð af listanum eru fléttur, eldvirkni, vatn, rætur og mynstur svo fáein séu nefnd. Listinn er ekki tæmandi og í einhverjum tilfellum bættu nemendur við orðum, til dæmis dauði og fiskur. Orðalistinn er hugsaður sem rauður þráður fyrir nemendur til að vinna eftir. Með því að leggja hann fram er námið sett í hendur nemenda sem styðja sig við valin orð til að tengja saman efni safnanna þriggja og sjá þar með menningararfinn í nýju ljósi. Þannig er ábyrgðin á vali á viðfangsefni í höndum nemendahópanna sem þurfa að beita skapandi og gagnrýnni hugsun til að nálgast efnið.

Söfnin móta fræðsluleiðina í samstarfi við framhaldsskólakennara sem tryggir að verkefnið sé samkvæmt námskrá og útbýr verkefnalýsingar sem lúta að úrvinnslu nemenda úr hverri safnheimsókn og lokaverkefni þar sem hóparnir tengja allar safnheimsóknir saman í niðurstöðu.



Frá vinstri : Ragnheiður Vignisdóttir, Ragnhildur Guðmundsdóttir, Helga Aradóttir, Kolbrún Kolbeinsdóttir, Anna Leif Auðar Elíadóttir, Jóhanna Bergmann, Isabella Lövenholdt og Marta María Jónsdóttir. Á myndina vantar Þóru Björgu Andrésdóttur.



Nemendur Tækniskólans vinna verkefni í tengslum við fyrstu safnaheimsóknina í Þjóðminjasafninu.

Hvað stendur upp úr og hvert er framhaldið?

Safnaþrenginn opnar nýja vídd í safnfræðslu og samvinnu höfuðsafnanna sem nú þegar hefur borið ávöxt í fleiri verkefnum. Með þessu verkefni tókst ekki eingöngu að kynna söfnin fyrir nemendum heldur einnig fá þeir visst eignarhald á söfnunum og þar með menningararfinum. Eftir áfangann gáfu nemendur umsagnir um Safnaþrenginn og þar kom til dæmis eftirfarandi fram:

„Að læra um menninguna og listina og hvernig þetta allt tengist.“

„Hversu mikil list var þar og var geggjað að upplifa það.“ (Listasafn Íslands)

„Vissi ekki að lífríkið okkar í vatninu var svona breitt.“ (Náttúru-minjasafnið)

„Var mun skemmtilegra en ég hélt það yrði, og kom mér á óvart hversu fjölbreytt það var.“ (Þjóðminjasafnið)

Safnaþrenginn gekk mjög vel. Lykillinn að velgengninni er samtalið

milli safnanna og skólans. Auk þess er mikilvægt að fræðsluleiðin fær nemendum ábyrgð á nálgun sinni og virkjar þá þannig í sínu námi. Nú í haust er fræðsluleiðin opin fyrir alla áhugasama framhaldsskólakennara sem geta bókað með því að hafa samband við safnkennara hvaða höfuðsafns sem er. Ekkert er því til fyrirstöðu að aðlag hugmyndina

öðrum áföngum eða skólastigum, bæta við orðum á orðalistann til að tengja við alls konar söfn, náttúrustofur og friðlýst svæði, samfélög, sögustaði og náttúrufyrirbæri. Þannig má tengja fræðsluleiðina við fjölbreytt viðfangsefni, staðfæra og laga að nærsamfélaginu.

Safnaþrenginn mætir vilja hins opinbera

Stefnumörkun ríkis, sveitarfélaga og stofnanna þeirra á sviði mennta- og menningarmála hvetur eindregið til að söfn ræki menntunarhlutverk sitt af alvöru, að skólakerfið nýti sér skapandi nálgun í vinnu með nemendum og að þeim sé markvisst veitt hlutdeild í menningu og listum. Hvatt er til samvinnu á milli félaga, stofnana og skóla og að listræn tjáning barna fái rými hjá menningarstofnunum hins opinbera. Skýrt dæmi um þetta er nýsamþykkt til-laga til þingsályktunar um aðgerða-áætlun um eflingu barnamenningar fyrir árin 2024 – 2028. Markmið áætlunarinnar er að: „Menningar-læsi, menningarþátttaka og miðlun menningararfs verði veigamikil atriði í uppveksti og skólastarfi barna og ungmenna.“ Í greinargerð með



Nemendur á sýningu Náttúru-minjasafnsins notuðu símana sína til að taka myndir af því sem þeim þótti áhugavert og notuðu svo myndirnar í verkefnum sínum.



Frá grunnsýningu Þjóðminjasafnsins.

tillögunni er virk þátttaka barna og ungmenna í menningar- og listalífi tengd eflingu listfræðslu og fjölbreytni í skólastarfi, enda gegni skólar víðtæku hlutverki í menningarlífi í landinu, meðal annars hvað varðar miðlun menningararfs og eflingu menningarlæsis hjá ungu kynslóðinni. Til þess að uppfylla þessi markmið þurfi skólar og menningarstofnanir, þar með talin söfn, að taka upp náðið samstarf. Aðgerða-áætlunin hvetur þannig opinberar menningarstofnanir, listhópa, listafólk og félagasamtök eindregið til að eiga samskipti við skóla og stofna til samvinnu við þá.

Safnaþrenginn er dæmi um hvernig mynd samvinna skóla og safna getur tekið á sig. Hún getur þjónað sem fyrirmynd eða módel að nýjum samvinnuverkefnum um allt land. Hér á undan gáfum við innsýn í ávinninginn af fræðsluleiðinni í gegnum augu nemenda en frá sjónarhóli safnanna og skólans er ávinningurinn ekki síður jákvæður og í anda samfélagslegra markmiða með stefnumörkun hins opinbera.

Lokaorð

Sjálfsagt er fyrir menntakerfið í heild að nýta söfn á sem fjölbreyttastan máta enda eru söfn óformlegur námsvettvangur. Þar fer fram nám utan skólastofunnar og gefst nemendum og öðrum gestum safnanna tækifæri til að víða að sér fróðleik á eigin forsendum og hraða. Samkvæmt skilgreiningu alþjóðaráðs safna (International Council of Museums, ICOM) eru söfn varanlegar stofnanir sem ekki eru reknar í ágóðaskyni heldur eru fyrst og fremst í þjónustu við samfélagið og eiga að stuðla að framgangi þess. Söfn eru því mikilvægir innviðir og þekkingastofnanir. Á söfnum landsins starfa sérfræðingar með sértæka þekkingu á hinum ýmsu málefnum samfélagsins og náttúrunnar, þar býr því mikilvæg sérfræðiþekking sem nemendum, kennurum og skólasamfélaginu öllu gefst kostur á að nýta sér. Það er von okkar undirritaðra að safnaþrenginn verði hvarfning og fyrirmynd til frekara samstarfs milli mismunandi safna annars vegar og milli safna og skóla-kerfisins hins vegar.



Mynd tekin í Safnahúsinu við Hverfisgötu af sýningunni „Viðnám – samspil myndlistar og vísinda“, 2023.

Marta María Jónsdóttir, Ragnheiður Vignisdóttir, Listasafn Íslands
Helga Aradóttir, Ragnhildur Guðmundsdóttir, Þóra Björg Andrésdóttir, Náttúruminjasafn Íslands
Anna Leif Auðar Elísdóttir, Jóhanna Bergmann, Þjóðminjasafn Íslands
Kolbrún Kolbeinsdóttir, Tækniskólinn – skóli atvinnulífsins

SÍLDARMINJASAFN ÍSLANDS

Síglufirði



BYGGÐASAFN
VESTFJARÐA

TURNHÚSIÐ Á ÍSAFIRÐI

Opíð: 01.6. - 31.8. | Fullorðnir kr. 1500
Alla daga kl. 10 - 17 | Eldri borgarar kr. 1100



SMÍÐJAN Á ÞINGEYRI

Opíð: 01.06. - 31.08. | Fullorðnir kr. 1000
Miðvikud.-sunnudags kl. 10-14. | Eldri borgarar kr. 700

nedsti.is
byggdasafn@isafjordur.is
GPS: 66° 4,088'N, 23° 7,644'W

Frír ratleikur og
verðlaun fyrir börnin!

akranesmuseum

AkranesMuseum



AÐ FORTÍÐ SKAL HYGGA, EF FRUMLEGT SKAL BYGGJA

Byggðasafnið í Görðum býður
gestum einstaka innsýn í liðna tíma.
Í fastasýningu safnsins er fróðleik
um lífið til sjós, lífið í landi, lífið í
vinnu og lífið í leik miðlað með
fjölbreyttum hætti.



Heimsókn til
okkar leikur við
öll skilningarvitin

BÍG Byggðasafnið
í Görðum

Opíð kl. 11-17 alla daga*
*frá 15. sept. - 04. maí laugaraga 13-17
og eftir samkomulag

www.museum.is

Sími 433-1150

Skapandi gestir

Robert Smithson (1938-1973) var einn af þeim listamönnum sem létu snemma að sér kveða á vettvangi stofnanagagnrýni á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar. Helstu bitbein *Stofnanagagnrýni* höfðu verið valda-ójafnvægi á milli stofnana og listamanna og markaðsvæðing listarinnar. Enn fremur voru tekin til gagnrýnnar endurskoðunar bakgrunnur stofnana á nýlendu-tíma og því arðráni og misbeitingu valds sem því fylgdi auk aðkomu einkasafna og stærri stofnana að umfangsmikilli og oft á tíðum vafasamri umsýslu með listaverk á tímum seinni heimstyrjaldar. En

þessi umræðugrundvöllur hefur orðið margbrotnari og fágæðri með aðkomu feminískrar gagnrýni, sem beinist ekki síst að myndlistinni sjálfri sem karlaveldi og aðkomu annarra hópa sem kunna að hafa verið jaðarsettir á grundvelli litarháttar eða kynhneigða - svo dæmi séu tekin.

Þeir listamenn sem hafa starfað á þessum vettvangi hafa ekki verið undanskildir gagnrýni sjálfir - þá helst þeirri gagnrýni að þeir séu enn í raun algjörlega háðir stofnanaumhverfinu sem þeir beina spjótum sínum að. Engu að síður er ein

arfleifð þessarar hefðar sú að allir gestir á söfn og aðrar stofnanir eigi nú að geta nálgast sýningar og viðburði á gagnrýninn og skapandi hátt og tileinkað sér sjálfstæðan lestur á framsetningu þess efnis sem þar er að finna.

Smithson leitaðist við að heimsækja eyðimerkur, verksmíðjur og innviði í útjaðri borga með sama skapandi viðmóti og þegar hann heimsótti söfn af ýmsu tagi. Hann var upptekinn af tímaskeiðum sem birtast okkur með ólíkum hætti í jarðlögum, steinefnum og kristöllum og stefnumóti þessara náttúrukrafta við þá innviði



Ljósmynd: Karl Ómarsson.



Ljósmynd: Karl Ómarsson.

og merkingarkerfi sem að maðurinn kemur sér upp. Hann skrifar um slíkar heimsóknir í bókinni *Robert Smithson: The Collected Writings* sem kom út árið 1979, fáeinum árum eftir ótímabært fráfall Smithson í flugslysi við undirbúning að listaverki á fjarlægum melum í Texas. Textarnir eru ljóðræn kviksjá þar sem höfundurinn fjallar á einum vettvangi um upplifun af náttúruvísindasafni, umferðarmannvirkjum, eyðimörk og fráveitukerfum verksmiðja. Textarnir eru því meira í ætt við listaverk en fræðitexta þar sem Smithson vísar jöfnum höndum í lærða texta um jarðvísindi og eðlisfræði en einnig vísindaskáldsögur og aðra dægurmenningu. Í þessum textum nálgast Smithson merkingarkerfi með sama hætti og maður umgengst listaverk þ.e.a.s. hann gerir ráð fyrir því að viðtakandi geti nálgast fyrirbæri á eigin forsendum og túlkað það sem fyrir augu ber án þess að tileinka sér þann lestur sem er oft á tíðum innbyggður með ritstýringu, hefðum eða þegjandi samkomulagi.

Smithson fjallar í þessum textum, meðal annars, um kristalbyggingu tíma þar sem atburðir eiga sér ekki stað í línulegri framvindu heldur hlaðast upp í eitt merkingarkerfi þar sem fortíð og framtíð deila rými í nútíðinni. Þessar hugmyndir kallast á við annan frumkvöðul á sviði gagnrýnnar fagurfræði, Walter Benjamin, sem lýsti sambærilegum hugmyndum með því að vísa í *stjörnuþyrpingu* fyrirbæra sem eiga forgengilega samleið fyrir augum okkar en halda svo hvert sína leið. Í ritgerðinni *Dead Circuses* eftir safnafræðinginn Tony Bennett fellur lýsing hans á starfsemi safnsins vel að þessum áþekku hugmyndum Smithson og Benjamin í kaflanum *Time and Space in the Museum*. Bennet lýsir starfsemi safnsins þar sem munir úr ólíkum áttum og af ólíkum tímaskeiðum eru samankomnir þar sem þekking (og völd) verða til undir handleiðslu og stjórn þeirra sem ríkja yfir slíkum stofnunum. Sú gagnrýni sem Smithson rekur í sínum textum er ef til vill ekki af sama

meiði og gagnrýni Bennett á merkingarkerfi og þekkingu sem verða til í skugga nýlenduhyggu en hún dregur upp sambærilega mynd af ókennilegum hliðstæðum tímakerfa sem verða til á vettvangi safnsins.

Það er fróðlegt að tileinka sér efnistölk Smithson til að ígrunda reynslu af safni á sama hátt og maður myndi virða fyrir sér listaverk sem er opið fyrir túlkun og undirorpið víðara samhengi. Eldheimar í Vestmannaeyjum bjóða upp á einstakt tækifæri til að taka á efni þar sem mörg af hugðarefnum Smithson eru samankomin á einum stað. Sjálfur hafði Smithson veitt eldgosinu í Vestmannaeyjum athygli og vék að því í viðtali þar sem hann setti það í samhengi við sitt eigið verk *Partially Buried Woodshed*. Í Eldheimum er annars vegar að finna minnisvarða um umbrot sem áttu sér stað í jarðsögulegum tíma og safnið sjálft er svo dæmi um merkingarkerfi af því tagi sem var Smithson ákaflega hugleikið.



Ljósmynd: Karl Ómarsson.

Ókennilegar hliðstæður

Þegar hugmyndir um safn af þessu tagi í Vestmannaeyjum fóru fyrst á kreik fékk verkefnið nafnið Pompeii norðursins. Þetta er býsna mikilfengleg nafngjöf í ljósi þess hve miklar hræringar á hugmynda-kerfum mannsins er hægt að rekja til uppgraftar á rústunum í Pompeii. Skipulagður uppgröftur á rústum Pompeii fór fram í nokkrum áföngum frá tímum upplýsingaraldar og fram á árdaga móðernisma. Orðræða um Pompeii litaðist á þessum tíma af leiðarstefum rómantíkur um glæsta en horfna fortíð og fjöldi höfundar notfærðu sér þessa kynngimögnuðu atburði í myndlíkingar um undirdjúp mannsins sjálfs og hryllinginn af skyndilegri og algjörri eyðileggingu blómlegs samfélags sem átti sér einskis ills von. Sérstæða þessara rústa á meðal annarra mannvirkja sem höfðu varðveist í einhverri mynd frá fornöld var sú að hér voru óbreyttir borgarar á ferð í daglegu amstri en ekki hefðarmenn sem höfðu verið grafnir með tilheyrandi viðhöfn. Pompeii var því hvort tveggja í senn

svipmynd af hversdagslífi óbreyttra borgara og svipmynd af algjörum endalokum þeirra - lítill heimsendir sem hægt var að virða fyrir sér úr öruggri fjarlægð.

Pompeii rauður hafði orðið fyrirferðarmikill í skrásetningu listamanna á uppgreftinum á Ítalíu sem kennileiti á mörgum byggingum þar. Rauði liturinn er áberandi í Eldheimum líka. Í vitnisburði þeirra sem upplifðu atburðina árið 1973 er rauði liturinn títtnefndur. Fyrstu ummerkin um gos var birta frá eldsúlum í hliðinni úti, þessi rauði bjarmi flæddi um ganga húsanna sem fóru síðar undir hraun. Gerðisbraut 10, aðal sýningargripur safnsins, kom undan öskunni með rauðmálaða veggi nærri óskaddaða og óbrotnar rúður í gluggakörmum. Það er ókennilegt að virða fyrir sér malarkamba inni í stofurými og göngum íbúðarhúsa og það beinir athygli manns óneitanlega að undarlegu flæði á milli óbeislaðrar náttúru og mannvirkja sem kemur fram í hljóðleiðsögn sýningarinnar. Þar

eru lýsingar á atburðum sem draga fram rofið sem getur orðið til á milli þessara heima eins og þegar kýr á austurhluta eyjunnar voru reknar í bæinn, alla leið í frystihúsið, þar sem þeim var lógað. Enn fremur, örvænting sem greip um sig þegar rafmagnsleysi ógnaði öryggi fiska á fiskisafni og fögnuðurinn sem braust út þegar þeim var bjargað með ljósavél á ögurstundu. Feigar kýr í frystihúsum og fiskar í tönkum á þurru landi verða aðeins hluti af þeirri óreiðukenndu mynd af kringumstæðum sem glittir í innan um aðrar sambærilegar frásagnir. Í einni af óbrotnu rúðunum sem snúa að fjallinu er engu líkara en að þar hafi náðst mynd af eldsúlunum sem stóðu upp úr sprungunni sem myndaðist þar fyrir utan. Þessar útfellingar hafa orðið til neðanjarðar þegar askan lá á glerinu í marga áratugi. Rauði liturinn rammar þessa mynd inn eins og jarteikn frá frændum okkar í Miðjarðarhafinu. Svipmyndunum af lífinu og endalokum þess í Pompeii hefur verið líkt við ljósmyndir af horfnum heimi vegna

Þess hve skyndilega öskufallið reið yfir byggðina og varðveitti allt sem þar var á ferli. Þegar gaus í Vestmannaeyjum árið 1973 var sannkallað blómaskeið ljósmyndataekningarinnar runnið upp og ótrúlegur fjöldi af stórmerkilegum ljósmyndum eru til af þessum atburðum.

Ljósmyndir og upplýsingar

Segja má að fyrir utan húsið sem er varðveitt og haft til sýnis í Eldheimum sé starfsemi safnsins í raun byggð upp á umfangsmikilli ljósmyndasýningu. Hljóðleiðsögnin og gagnvirkar sýningarstöðvar virkja gesti sýningarinnar ekki til skapandi þátttöku heldur þvert á móti stýra gestum hennar um númeraða reiti þar sem til verður línuleg frásögn í kringum beinhardar upplýsingar um þessa atburði. Ég naut þess betur að fara um sýninguna án þessara hjálpartækja. Framsetningin á ljósmyndunum er með sama hætti - þær eru meiri upplýsingar um atburðina og hverri mynd ekki gefið svigrúm þar sem ólíkar túlkningar gætu átt sér stað. Þetta er miður því að það eru greinilega til margar stórfenglegar ljósmyndir af gosinu í bænum sem bjóða upp á ýmiskonar túlkningar. Eins og rofin á milli óreiðunnar og hversdagsins sem finna má í litlum frásögnum í hljóðleiðsögninni eru myndir á sýningunni af barnavögnum um borð í síðutogurum og drekkhlöðnum vörubílum að ferja búslóðir yfir rjúkandi ösku sem flæðir yfir heilu hverfin. Þarna er merkileg svipmynd af Íslendingum á flótta án þess að það sé beinlínis svigrúm til að brjóta það til mergjar og setja í samhengi við umræðu um fólk í sambærilegum aðstæðum í dag. Myndirnar eru of niðurnjörvaðar í frásögnina til bjóða upp á slíkar vangaveltur. En fyrir utan snertifleti við hitamál samtímans búa margar af bestu ljósmyndunum á sýningunni yfir möguleikum til að brjóta heilann enn frekar um nið aldanna og fyrrnefnt rof á

milli óreiðunnar og mannvirkja eða merkingarkerfa sem getur átt sér stað á hverri stundu. Stök framhlið á húsi sem stendur eins og skermur fyrir framan glóandi hraunbreiðu er mynd úr undirdjúpunum sem hægt er að nota til að lýsa eldfornum ótta mannsins við óreiðuna og tómið. Freud er einn af þeim höfundum sem notaði uppgröftinn í Pompeii til að lýsa ókennilegum ótta mannsins við það að vera grafinn lifandi en ofangreind mynd af forgengileika húsa á erindi við kollega hans Jung sem gerði ráð fyrir því að óreiðan væri sífellt nærri og ætti það til að knýja dyra þegar síst skyldi. Ótal myndir af þessu tagi eru til staðar á sýningunni.

Það má gera sér í hugarlund að þessi ritstýrða frásögn númeruðu reitanna og hljóðleiðsagnarinnar sem tekur af manni völdin á sýningunni sé enn einn skermur sem við bregðum upp til að þurfa ekki að horfast í augu við þennan frumstæða ótta við óreiðuna. Því frásögnin sem leiðir mann um reiti sýningarinnar er línuleg og hefur farsælan endi. Í henni er gert ráð fyrir að umbrotin sem áttu sér stað við sköpun heimsins séu að baki og að nú séum við stödd á öðru tímaskeiði. En það sem þessir atburðir ættu að gera okkur ljóst er þvert á móti það að línuleg framvinda sé, eins og framhliðar húsa og önnur merkingarkerfi, aðeins forgengilegar mannasetningar og að sköpun heimsins sé sífellt að eiga sér stað eins og allir litlu heimsendarnir í einni margbrotinni kristalbyggingu tímans. Tímaskeið jarðarinnar eru löng og það er hrein hending hvort að maður hafi kosið að reisa sér hús um þær myndir sem ný fjöll eru að verða til. Enginn veit hvort það sé raunverulegt áhyggjuefni fyrir en þau birtast skyndilega í stofunni hjá manni.

Húsið

Það er undarlega seiðandi að sjá hvernig húsið að Gerðisbraut 10

hefur runnið saman við náttúruna eftir að hafa verið neðanjarðar allan þennan tíma. Það hefur tekið á sig lífræna mynd sem stangast á við stranga geometríu safnabyggingarinnar sem umlykur húsið. Beinar línur hafa mýkst og flatir litir brotist út í margbrotinni áferð eins og sjá má á myndinni af stofuveggnum hér að framan. Náttúrulegar brekkur af ösku og gjalli flæða um ganga og herbergi en innviðir hússins brjótast út úr veggjum og lofti. Í bókinni *The Architectural Uncanny* fer Anthony Vidler yfir sögu rótgróinnar hugmyndar um hliðstæðu húsa og líkama. Ástand og örlög húsa gefa okkur þannig til kynna hvað við eigum sjálf í vændum. Við berum kennsl á þessi tengsl og þau hafa áhrif á okkur án þess að við þurfum að leiða að því hugann.

Í stofunni að Gerðisbraut 10 flýtur um öskuskaflana sófi sem tekur þátt í flæðinu á milli óreiðunnar og hversdagsins því hann virðist ljúkast upp eins og fjallið fyrir utan gluggann og hrosshárin flæða úr honum í stríðum straumum. *Mise en abyme* stef ómar frá sprungna sófanum og húsinu sem hefur umturnast í steypustyrktarjárnnum og rafmagnssnúrum alla leið út að fjallinu sem varð til þar sem jörðin opnaðist. Það býður heim vangaveltum um það hvort að daginn verð sleginn nýr tónn í þessu steffi og að safnabyggingin verði sjálf sýningargripur á enn stærra safni þar sem heyrnatólum fyrir hljóðleiðsögn verður vandlega stillt upp á ösku og gjalli sem flæðir um ganga safnbyggingarinnar. Upplýsingarnar sem koma fram á vegum safnsins gefa til kynna að þetta sé harla ólíklegt. En safngestir sem kjósa að virða fyrir sér sýninguna án leiðsagnar geta ímyndað sér að þetta sé ævinlega mögulegt.

Karl Ómarsson, safnafræðingur

Náttúruminjasafn Íslands – yngsta höfuðsafn Íslendinga

Náttúra Íslands er á margan hátt einstök. Landið er norðlægt og úrkomusöm eldfjallaeyja á Atlants-hafshryggnum, gliðnunarhrygg tveggja jarðskorpuþleka í miðju Norður-Atlantshafinu; hálend og að stórum hluta þakin jöklum og hraunbreiðum. Jarðfræði landsins, jarðsaga og staðsetning hefur getið af sér sérstætt lífríki bæði á þurrlandi og í ferskvatni og hér finnast náttúrufyrirbrigði sem eru afar fágæt eða jafnvel einstök á heimsvísu. Lífríki hafsins umhverfis Ísland er ekki síður markvert þar sem víðáttumikið landgrunn með mikla frumframleiðni skapar gjöfular aðstæður fyrir gróskumikið lífríki.

Á Íslandi fer því saman einstök jarðfræði og lífríki á láði og legi. Náttúruminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði náttúrufræða og er með lögum ætlað sem fræðslu- og vísindastofnunar að rannsaka, varðveita og

miðla fróðleik um hina einstöku náttúru landsins, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru.

Sagan spannar 130 ár

Náttúruminjasafn Íslands var stofnsett með sérlögum árið 2007, langyngst hinna þriggja höfuðsafna Íslands. Þrátt fyrir ungan aldur stofnunarinnar á hún sér forsögu sem spannar meira en 130 ár. Árið 1889 var Hið íslenska náttúrufræðifélag stofnað sem hafði það einkum að leiðarljósi „að koma upp sem fullkomnu náttúrugripasafni á Íslandi, sem sé eign landsins og geymt í Reykjavík“, eins og segir í stofnsamþykkt félagsins.

Allt frá stofnun Hins íslenska náttúrufræðifélags hefur safnkostur þess hins vegar verið á hrakhólum, sýndur við misbágar og þröngar aðstæður. Náttúrugripasafnið var staðsett í Safnahúsinu við Hverfisgötu 1908–1960 og frá 1967–2008 í rúm-

litlu húsnaði Náttúrufræðistofnunar Íslands við Hlemm. Árið 2008 hafði Náttúrufræðistofnun Íslands hins vegar eignast eigið skrifstofu- og rannsóknahúsnaði í Urriðaholti í Garðabæ en hið nýstofnaða Náttúruminjasafn sat eftir húsnaðislaust og án aðstöðu til sýningahalds. Náttúrusýningarstarfsemi á vegum ríkisins var eftir það í skötulíki í rúman áratug eða fram til 1. desember 2018 þegar fyrsta sjálfstæða sýning Náttúruminjasafns Íslands var opnuð í sérými í Perlunni, sýningin *Vatnið í náttúru Íslands*.

Framtíðarhúsnaði Náttúruminjasafnsins

Hreyfing komst að lokum á húsnaðismál safnsins haustið 2019 þegar starfshópur mennta- og menningarmálaráðherra skilaði af sér greinargerð um nýtt húsnaði safnsins þar sem sagði að „Nes á Seltjarnarnesi [væri] kjörinn framtíðarstaður fyrir Náttúruminjasafn Íslands með hliðsjón af nánd við hafið, náttúru svæðisins og menningarsögulegu gildi staðarins.“ Seint á haustmánuðum 2020 var svo undirritaður samningur um yfirtöku ríkisins á húsnaði áður áætlaðs Lækningaminjasafns við hlið Nesstofu sem var þá í eigu Seltjarnarnesbæjar. Með þeirri niðurstöðu má segja að húsnaðis-hrakningum Náttúruminjasafnsins og áður Náttúrugripasafnsins hafi að mestu leyti verið lokið eftir meira en 130 ára þrautagöngu.

Náttúruhús í Nesi

Nýjar höfuðstöðvar Náttúruminjasafnsins, Náttúruhús í Nesi, verða í faðmi náttúrunnar, vestast í byggðinni á Seltjarnarnesi við hlið Nesstofu og Lyfjafræðisafnsins. Byggingin sjálf var hönnuð af Yrki arkitektum sem voru hlutskörpust í opinni samkeppni árið 1997 um hönnun Lækningaminjasafns. Nýjar höfuðstöðvar Náttúruminjasafnsins eru að mörgu leyti einstakar, nálægt miðju höfuðborgarsvæðisins



Nýtt húsnaði Náttúruminjasafnsins og Nesstofa í fjarska. Ljósmynd: Vigfús Birgisson.



Fjöruferð úti við Gróttu. Ljósmynd: Kristinn Ingvarsson.

en þó í jaðri byggðarinnar, við stærsta óbyggða strandsvæði höfuðborgarsvæðisins milli Leiruvogs og Álftaness. Í fyrrnefndri greinargerð um mat á fýsileika húsnæðisins undir Náttúruminjasafnið segir: „Megin-einkenni náttúrunnar á svæðinu lýtur að sjávarlífríkinu og nálægð við hafið, með lítt og ósnortin strandgrunn og fjörubúsvæði með góðu aðgengi, sem óvída er lengur að finna á höfuðborgarsvæðinu, hvað þá heldur innan borgarmarka þéttbýlla svæða utan Íslands.“

Þannig býður staðsetningin upp á sterka náttúruupplifun gesta við hlið einnar helstu náttúruperlu höfuðborgarsvæðisins sem ysti hluti Seltjarnarnessins er. Tvö friðlönd eru í næsta nágrenni við safnið – Gróttu, friðlýst 1974, og Bakkatjörn, friðlýst árið 2000, auk þess sem aðrir hlutar strandarinnar eru á náttúruminjasrá og önnur svæði njóta friðhelgi vegna fornleifa. Meðfram ströndinni og innan friðlandanna og nágrennis þeirra má finna sérlega gróskumikið fjörlíf, einstakt lífríki fugla og ferskvatns auk áhugaverðra jarðmyndana og forvitnilegra menningarminja. Atlantshafið mætir gestum svæðisins í mikilli nánd, lygnt eða ólgandi. Fyrir utan ströndina og lengra á haf úti má sjá seli og hvali. Bakkatjörn hefur

getið sér orð sem einn af bestu fugla-skoðunarstöðum landsins og þótt víðar væri leitað en þar verpa um 20 fuglategundir auk þess sem tjörninn er mikilvægur viðkomustaður farfugla, umferðarfarfugla og flækínga.

Á hinu lítt snortna og óbyggða svæði vestan Náttúruminjasafnsins má þannig komast í tæri við og líta augum æði margt sem einkennir náttúru Íslands. Viðsýni er mikil til fjalla sunnan, austan og norðan höfuðborgarsvæðisins og allt vestur út að sjálfum Snæfellsjökli. Væntanleg eldsumbrot á Reykjanesskagnum munu blasa við ofan af þaki nýju safnbyggingarinnar þar sem jarðsaga og aldur Íslands mætist í ungum jarðmyndunum til suðurs og fornum fjallgördum til norðurs. Jarðfræði nærsvæðisins er áhugaverðari og fjölbreyttari en margan grunar – á sjálfu nesinu finnast forn basalt-hraunlög sorfin af ísaldarjöklinum og sjávaröldunni, jökulruðningur síðasta ísaldarskeiðs, fjörmör, skeljalög og jarðhiti sem kraumar undir. Niður sjávaröldunnar er ætíð nálægur og sjávarangan í lofti.

Grunnsýningin Stef hafsins

Undirbúningur að grunnsýningu Náttúruminjasafnsins í hinum nýju höfuðstöðvum í Nesi hófst

um leið og húsnæðið hafði verið tryggt. Snemma var ákveðið að sýningin myndi hverfast um hafið, bæði í heild sinni og með áherslu á hafsvæðin umhverfis Ísland. Fagráð sérfræðinga í náttúrufræðum frá liðlega tíu vísinda- og náttúrufræðistofnunum var boðað á fundi með starfsfólki safnsins snemma hausts 2021 og er vinna þess hóps lögð til grundvallar meginþema sýningarinnar.

Hafið er undirstaða lífs og tilveru okkar sem búum Ísland. Heimshöfin hafa raunar beint eða óbeint tók á nánast öllu á jörðu – veðrinu, andrúmsloftinu og lífríkinu jafnt í lofti sem á láði og í legi. Hin tröllauknu veðrakerfi sem Íslendingar finna látlaust fyrir með lægðagangi hlíta reglum hafsins. Sama á við sjávarstraumana sem flytja okkur varma frá heitari svæðum jarðar. Í höfunum kviknaði og sprakk út hið margslungna og fjölbreytta jarðlíf sem við byggjum tilvist okkar á. Lífið í höfunum breiðir úr sér um óravíddir úthafanna, allt frá sjávaryfirborði og marga kílómetra niður í dýpstu gjár og dulheima undirdjúpanna. En skilningur okkar og þekking á þeim nær þó einkennilega skammt. Með nútímatækni og þekkingarleit hefur mannskepunnar tekist að ná yfirborðsmyndum af fjarlægustu hnöttum sólkerfisins, en á sama tíma er botn hafdjúpanna okkur enn sem næst huliðsheimur. Ráðgátur hafsins geyma margþætta lykla að skilningi okkar á lífi og vistkerfum jarðar, veðrakerfum, eðlis- og efnaferlum, jarðfræði og sögu okkar sjálfra.

Hafið og ýmis stef þess og lífverur hafa verið efniviður margra sýninga á Íslandi en sýning Náttúruminjasafnsins mun horfa á það í gegnum víðlinsu náttúruvísindanna með áherslu á framtíðina og mikilvægi líffræðilegrar fjölbreytni þar sem maðurinn er meðal ótölulegra margra þátttakenda, einn hluti

risastórrar heildar. Sem hluti þeirrar heildar verður fjallað um samband manns og hafs með áherslu á hið mannlega, ljóðræna, dulúðlega og magnþrungna í því flókna sambandi.

Tveir kjörgripir verða á sýningunni, geirfuglinn margfrægi sem keyptur var á uppboði árið 1971 fyrir samskotafé landsmanna, og fjórtán metra löng beinagrind fullvaxins íslandssléttbaks sem veiddur var út af Vestfjörðum árið 1891, en grindin var flutt til Danmerkur sama ár. Íslandssléttbakurinn var áður fyrir algengur við Íslands strendur en er nú í bráðri útrýmingarhættu. Beinagrindin hefur ekki komið fyrir sjónir almennings áður en Náttúruminjasafn Íslands mun fá hana að láni frá systurstofnun sinni í Danmörku, Náttúrufræðisafni Danmerkur í Kaupmannahöfn.

Upplifun í náttúrunni

Markhópur sýningarinnar er allur almenningur, jafnt íbúar á Íslandi sem aðrir gestir landsins, en áhersla er lögð á að ná til barna og ungs fólks, framtíðarkynslóða landsins. Náttúrufræðsla fyrir þann hóp hefur allt frá opnun sýningarinnar um ferskvatn í náttúru Íslands í Perlunni verið fyrirferðarmikill þáttur í starfsemi safnsins. Er þar bæði um heimsóknir skólahópa að ræða nokkrum sinnum í viku sem og vinsæla opna viðburði fyrir börn og fjölskyldur. Í hinu nýja safni úti á Seltjarnarnesi verður fræðslustarfsemi áfram í fyrirrúmi ekki síður en sýningin sjálf og afmarkað kennslurými verður sett upp í byggingunni. Undirbúningur fyrir móttöku nemenda og barnafjölskyldna í náttúrunni í Nesi er þegar hafinn, enda ótal möguleikar á margs konar náttúruupplifun á svæðinu. Með efnistöfum sýningarinnar er vonast til þess að gestir Náttúruminjasafnsins öðlist nýja þekkingu, skilning og væntumþykju í garð náttúrunnar, sem verði þeim hvatning til betri og farsælli



Úr vinningstillögu Kossmanndejong þar sem sést inn í aðalsal safnsins þar sem hvalabeinagrindin verður.

umgengni við móður jörð með hagkomandi kynslóða að leiðarljósi.

Hönnunarsamkeppni

Vegna umfangs verkefnisins var frá upphafi ljóst að efna þyrfti til samkeppni um hönnun og uppsetningu grunnsýningar Náttúruminjasafnsins. Í nóvember 2022 var forval auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu, þar sem Miðstöð hönnunar og arkitektúrs og Ríkiskaup voru ráðgefandi aðilar og sáu um framkvæmd samkeppninnar. Hönnunarsamkeppnin var í tveimur þrepum. Í fyrra þrepinu, forvali, voru þrír aðilar af alls tíu sem lögðu inn tillögur valdir úr til að vinna að og leggja fram lokatillögur undir nafnleynd. Í seinna þrepinu var vinningstillaga valin úr þeim þremur tillögum sem komust áfram í forvalinu.

Tvær fimm manna dómnefndir voru skipaðar fyrir sitt hvort þrep keppninnar, með þremur dómnefndarmönnum völdum af Miðstöð hönnunar og arkitektúrs og tveimur af Náttúruminjasafni Íslands. Lokatillögur teymanna þriggja þóttu allar framúrskarandi en tillaga hollensku sýningarhönnunarstofunnar Kossmanndejong varð að lokum

hlutskörpust. Kossmanndejong hefur hannað, framleitt og sett upp yfirgripsmiklar og rómaðar sýningar um allan heim. Á meðal þeirra má nefna tvær af níu grunnsýningum Naturalis Biodiversity Center í Leiden í Hollandi, sem hlaut Evrópsku safnaverðlaunin árið 2021. Kossmanndejong hannaði einnig grunnsýningu Sjóminjasafnsins í Reykjavík, *Fiskur & fólk – sjósókn í 150 ár* sem opnuð var árið 2018.

Stefnt er að því að opna Náttúruhúsið í Nesi, hinar nýju höfuðstöðvar og grunnsýningu Náttúruminjasafnsins um hafið vorið 2025. Mikil vinna er framundan við verklegar framkvæmdir utanhúss og innan, sem og við hönnun og undirbúning sýningarinnar og aðra þætti sem fylgja opnun höfuðstöðvanna. Nú loks mun því rætast ríflega aldargamall draumur helstu forvígismanna Íslands í náttúrufræðum um aðstöðu til náttúrusýninga fyrir land og þjóð. Það á höfuðsafn þjóðarinnar í náttúrufræðum svo sannarlega skilið sem og þjóðin öll og aðrir gestir landsins.

Snæbjörn Guðmundsson, sérfræðingur hjá Náttúruminjasafni Íslands



Hafnarborg

Menningar- og lista-
miðstöð Hafnarfjarðar

Opíð kl. 12–17
Lokað á þriðjudögum
Ókeypis aðgangur

Strandgata 34
220 Hafnarfjörður
Iceland




www.hafnarborg.is
(354) 585 5790



MIKIÐ ÚRVAL AF VÖRUM TIL SAFNAGEYMSLU OG VIÐGERÐAR

VIÐGERÐARPAPPÍR
BÓKBANDSLÍM
GRISJUR
SAURBLÖÐ
SÝRUFRIÐR SILKIPAPPÍR
SÝRUFRIÐR KASSAR



—hvítlist

569 1900 | Krókhálsi 3 | 110 Reykjavík | hvitlist.is

Vangaveltur um innreið tækninnar á söfn

Sumarið 2009 var ég á ferðalagi um Vestfirði. Þar skoðaði ég frystihúsið á Þingeyri, fékk leiðsögn um Ísafjarðarbæ með Gylfa Ólafssyni núverandi forstjóra Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og fékk ógleymanlegar móttökur í Sjómannasafninu Ósvör en það var einmitt sú heimsókn sem stóð upp úr.

Í Ósvör voru engir sýningarsalir, enginn tilbúinn heimur, QR kóðar, skjáir, hljóðkerfi eða leysigeisla-sýning eins og í Smárabíó. Þess í stað fengu blátt hafið, köld golan, lyktin af fjörunni og Finnbogi Bernóðusson, íklæddur skinnklæðum eins og sjómenn hér áður fyrr að njóta sín. Engu var líkara en við værum stödd á 19. öld þegar Finnbogi útskýrði fyrir okkur veiðarfærin, bátinn og aðra hluti.

Þarna sannaðist enn og aftur hið fornkveðna: „*maður er manns gaman*“ (úr 47. erindi Hávamála).

Af Vísindavefnum um þetta erindi Hávamála:

Nafnorðið gaman merkir „ánægja, yndi, skemmtun“. Í erindinu er verið að segja að auðvelt sé að villast af leið ef maður er einn og hefur sér engan til styrktar og halds. Öðruvísi horfir við ef maður finnur sér förunaut þar sem ánægja og gleði fylgir því að vera með öðrum.

Hugurinn reikar stundum aftur til sumarsins 2009 á Vestfjörðum og þá heimsóknarinnar í Ósvör og reyndar æ oftast, nú þegar ég sjálfur starfa á safni. Ég velti fyrir mér, ef það

hefði verið tækni sem hefði tekið á móti mér í Ósvör þennan dag – hefði upplifunin orðið sú sama? Væri ég að hugsa um hana fjórtán árum seinna?

Nú er mikið talað um að færa söfnin til nútímans, tæknivæða og ná betur til ungu kynslóðarinnar en það síðast nefnda er eflaust eilífðarverkefni allra sem komin eru yfir þrítugt. Þessi umfangsmikla umbreyting er sjálfsagt flókin og þá sérstaklega tæknihlutinn svo ekki sé minnst á kostnaðinn ef vel á að takast.

Árið 2020 fór ég í *Fly Over Iceland* og hef ég svo sem ekkert hugsað um það síðan. Minningin er ekki eins sterk eins og minningin frá Ósvör því upplifunin var ekki sú sama. Það að láta tæknina taka á móti gestum skapar öðruvísi upplifun, hinu mannlega er ýtt til hliðar og tæknin fær sviðið. En það er alveg á skjön við það sem ég er að kenna börnunum mínum; ég segi þeim að hætta í símanum, aftengjast og vera meira með fjölskyldunni eða vinum sínum.

Ég get t.d. sagt að sjálfsafgreiðslan í Bónus er ekki eftirminnileg en það var hún Francisca Mwansa sem vann í Bónus úti á Granda. Hún vakti mikla athygli og jákvæða upplifun viðskiptavina. Ég heyrdi t.d. af því að sumir lögðu leið sína út á Granda bara til að láta hana afgreiða sig. Það má reyndar fylgja sögunni að þetta bakaði smá vandræði fyrir verslunina því þessa upplifun gat Bónus ekki veitt í öllum sínum verslunum og þá varð upplifunin neikvæð annars staðar. En Bónus leggur svo



sem ekki áherslu á að skapa upplifun, þrátt fyrir að það sé eitt helsta keppikefli markaðssetningar í dag. Selja ímynd og selja upplifun.

Það er fátt fólk sem myndi vilja fara í vínsmökkun með VR gleraugu á nefinu langt í burtistan frá öllum vínhéruðum. Fólk vill smakka, lykta og hlusta á franska bóndann segja þeim sögu þrúgunnar og hvers vegna vínið heitir *Chateaneuf du Pape*. Það er upplifun og reyndar ímynd líka – því sumir vilja vera þekktir fyrir að kunna að meta gott vín og hafa hitt bóndann.

Verkefnið fram undan tel ég vera að finna hinn gullna meðalveg tækni og mannlegra tengsla. Nota tæknina án þess að hún taki yfir, sé alls staðar og allt fari á versta veg ef hún ekki virkar. Tæknina á að nota til þess að efla, hampa því mannlega og ýta undir þessa grunnþörf; að tengjast öðrum, hlusta á sögur og læra eigin mannkynssögu – því maður er jú manns gaman.

Steindór Gunnar Steindórsson
samskiptastjóri Þjóðminjasafns Íslands

Að vera með hjartað á réttum stað

Viðtal við safnstjóra Listasafns Íslands

Í lok júnímánaðar settist ég niður með Ingibjörgu Jóhannsdóttur, safnstjóra Listasafns Íslands, degi eftir að útgáfu nýrrar myndlistarstefnu til ársins 2030 var fagnað í húsakynnum safnsins við Laufásveg. Ingibjörg tók við sem safnstjóri Listasafns Íslands í byrjun mars síðastliðins og hafði því staðið í brúnni í rétt tæpa fjóra mánuði þegar við hittumst til þess að ræða safnastarfið, stöðu Listasafnsins, hlutverk þess og framtíð. Áður starfaði Ingibjörg sem skólastjóri Landakotsskóla og þá starfaði hún í hartnær tvo áratugi við Myndlistaskólann í Reykjavík, eftir að hafa lokið meistaranámi í myndlist í New York, en Ingibjörg lýsir því sem svo að hún hafi í raun verið að vinna með grunnþráð sköpunar í öllu sem hún hefur tekið sér fyrir hendur.

Eigi að síður segist Ingibjörg ekki hafa átt von á að færa sig aftur yfir til Listasafnsins á þessum tímapunkti en hún var fyrst ráðin til starfa við safnið þegar það flutti í nýbygginguna við Laufásveg – á það svæði þar sem aðalbygging safnsins, skrifstofur þess og varðveislurými eru enn – á seinni hluta níunda áratugarins. Þá var hún að klára menntaskóla og vann á kaffistofunni en hún minnst þess að mikill hugur hafi verið í starfsfólki safnsins á þeim tíma. Síðar átti hún svo eftir að starfa á skrifstofunni í hálfu starfi við kynningarmál, leiðsögn og fleira, ásamt því sem hún vann í Myndlistaskólanum. Aðspurð að því hvað hafi þó komið henni mest á óvart nú þegar hún hefur snúið

aftur til safnsins segir Ingibjörg að það sé aðallega hvað henni finnist gaman í vinnunni.

„Þetta hefur verið ótrúlega spennandi en það að fylgjast með myndlist hefur alltaf verið mjög mikilvægur partur af mínu lífi. Mér hefur alltaf þótt skemmtilegast að fara um að skoða myndlist og tala um myndlist, svo það eru ótrúleg forréttindi að hafa þetta sem aðalvinnuna sína. Að vera algjörlega á kafi í þessum heimi og hugsa um það hvernig maður getur nýtt sína færni – af því að ég er ekki listfræðingur en ég hef aðra aðkomu og aðra sýn – og ég hef verið að vinna í málum, bæði í Myndlistaskólanum og í Landakotsskóla, þar sem ég hef tileinkað mér ákveðna leið að verkefnum sem ég finn að gagnast hér. Mér finnst gott að finna reynslu minni slíkan farveg og ég hef tilfinningu fyrir því að þessi reynsla muni nýtast vel hérna – að ég geti gert eitthvað gott fyrir safnið og íslenskan myndlistarheim.“

Ingibjörg nefnir í því samhengi mikilvægi þess að eiga í opnu samtali og að kalla eftir sjónarmiðum á skýran hátt: „Það skiptir miklu máli, ekki bara í þessu heldur í öllu sem maður gerir, að skilja á hvaða stað samfélagið er. Hvað sé að gerast í samfélaginu, hvernig það sé samsett, hvernig það sé að taka breytingum og hvaða skyldur eða tækifæri felist í því – og hvernig eigi að vera í samtali hér og nú, með stofnun eins og Listasafnið sem hefur alla sína sögu og möguleika.“ Einnig þurfi



Ingibjörg Jóhannsdóttir. Ljósmynd: Einar Falur Ingólfsson.

að eiga sér stað frekara samtal um stöðu höfuðsafnanna og hlutverk Listasafnsins: „Þetta er auðvitað áhugavert hugtak, höfuðsafn, og má segja tiltölulega nýtt hér, tekið upp að norrænni fyrirmynd. Hér á landi höfum við svo þessi þrjú höfuðsöfn sem sinna hvert sínu sviði en það er að vissu leyti enn verið að þróa þetta í myndlistarsamhenginu,“ og nefnir hún þar samræmda safnastefnu á sviði myndlistar frá árinu 2021 og vinnu við aðgerðaáætlun á vegum safnaráðs í tengslum við stefnumörkun um safnastarf, auk nýútgefinnar myndlistarstefnu.

Þá er Ingibjörg nýkomin heim úr vinnuferð til Danmerkur, þar sem hún var meðal annars viðstödd opnun sýningar Ragnars Kjartanssonar í Louisiana-safninu, og það fer ekki á milli mála að Ingibjörg horfir sérstaklega til þróunarinnar í menningarmálum á Norðurlöndum, svo sem hefur tíðkast lengi hérlandis. „Þar hitti ég til að mynda Astrid la Cour, safnstjóra SMK, sem er ennþá nýrri í starfi en ég, og við ræddum þetta höfuðsafnahugtak aðeins í ljósi þess að hugmyndin kemur þaðan og ég held að það væri vel þess virði að skoða betur hvernig Danir horfa á þetta hugtak. Ekki síst af því að ég tel að það sé mikilvægt að listasöfnin

átti sig á því hvernig þau geti stutt hvert annað, hvar vantar jafnvel meiri sérfræðipækkingu og hvernig við getum byggt hana upp saman – svo að við getum saman orðið enn meiri fagmenn – af því að við erum náttúrulega fá herna og söfnin minni heldur en víðast hvar annars staðar.“

Í framhaldinu beinist tal okkar að húsnæðismálum en Ingibjörg lítur á úrbætur á því sviði sem grundvöllinn fyrir frekari þróun safnsins og nú sé það stefna ráðherra að skipa hóp til að skoða hvaða skref þurfi að taka til að efla safnið. „Það er vissulega öskrandi þörf á meira pláss en það skiptir máli að það sé rétt pláss. Þá finnst mér að það verði að vera herna, í þessu hjarta, svo að safnið geti boðið upp á veglega og vel unna fastasýningu á okkar myndlistar-sögu, sem sé öllum aðgengileg“ segir Ingibjörg. Spyr ég þá út í fréttir af áformum sem bárust úr menningar-ráðuneytinu í lok síðasta árs um að safnið ætti að fá sýningarrými í nýbyggingu Landsbankans við Austurhöfn en Ingibjörg tjáir mér að allir hafi verið á einu máli um að hverfa frá þeim hugmyndum þegar þetta var rætt frekar. „Það var gott samtal í kringum það. Það er svo náttúrulega mjög mikil þörf á varðveisluhúsnæði fyrir safnið og það er inni í fjármála-áætlun ríkisstjórnarinnar, svo að það ríkir algjör skilningur á því máli.“

Einnig spyr ég um sýningardagskrá safnsins, hvort gestir Listasafnsins megi eiga von á breyttum áherslum í þeim efnum, og segir Ingibjörg að það sé nauðsynlegt að sýningarstefnan endurspegli okkar samfélag: „Þetta þurfum við að vera meðvituð um – hvaða samfélag er herna og hvernig getum við talað betur til þess – þannig að við getum skilið hvert annað betur og búið til tengingar á milli hópa og samfélaga.“ Eins sé myndlistin til þess fallin að opna fyrir okkur glugga út í heim og það sé hollt fyrir okkar litla

samfélag að fá fleiri slíka glugga. Nefnir Ingibjörg að sýningar á verkum erlendra listamanna hafi verið hluti af sögu safnsins allt frá því að það flutti í húsnæðið við Laufásveg en þar má til dæmis nefna sýningar á verkum eftir Marc Chagall, Egon Schiele og impressjónistana, auk Pierre Soulages, Daniel Buren og Louise Bourgeois.

„Það er mikilvægt að við séum í samtali við okkar senu en líka senuna úti, þar sem við köllum erlent listafólk til landsins, svo að við upplifum ekki að við séum bara í einhverri lítilli holu herna, heldur séum í samtali við umheiminn, og þar skiptir menningin rosalega miklu máli. Ég er svo búin að vera í samskiptum við ýmsa aðila í tengslum við þetta en það er frábært að heyra að það eru allir mjög áhugasamir um að koma til Íslands og ég held að það sé jafnvel auðveldara fyrir okkur að fá marga listamenn hingað af því að fólk er svo spennt fyrir að heimsækja landið – og á þetta við um listamenn sem eru annars með mjög mörg járn í eldinum og segja ekki endilega já við hverju sem er. Að sama skapi finnst manni oft eins og það sé aldrei til nóg af stöðum fyrir alla þessa frábæru myndlistarmenn sem eru starfandi herna til að sýna verk sín, þannig að það er ekki eins og það sé vandamál að finna góðar sýningar til að setja upp, en ég held að það sé alveg rými fyrir safnið að stækka og breytast og finna taktinn í þessu.“

Þá skipti líka máli fyrir safnið að taka mið af samfélaginu þegar kemur að söfnunarstefnu og það þurfi að finna lausnir til þess að safnið geti haldið í við fjölbreytta og sístækkandi senu, þar sem hér eru einnig að fæðast stórstjórnur á sviði alþjóðlegrar myndlistar. „Þetta er eitt af þessum málum sem ég hef verið að hugsa um núna eftir að hafa verið úti og séð þessa stórkostlegu sýningu Ragnars í Louisiana, sem hreyfði svo við mér

að ég hreinlega táraðist. Mér fannst það kannski sérstaklega merkilegt af því að maður þekkir svo mörg verkanna og hefur séð þau áður í öðru samhengi en sýningin er öll svo vel unnin. Svo þegar maður fer aftur að hugsa um þetta út frá Listasafninu – og við eigum nú fjögur verk á sýningunni – þá er því miður nánast óhugsandi fyrir okkur lengur að eignast verk eftir slíkan listamann, nema ef til vill fyrir tilstilli einhvers kraftaverkaengils úti í samfélaginu. En það er auðvitað frábært að við eigum svona stórkostlega myndlistarmenn sem ná þessari rödd út í heim, frá þessu litla landi, þó að það sé klárt mál að Listasafnið verður að geta haldið áfram að safna verkum eftir fremstu listamenn þjóðarinnar og ég skal finna leið til þess að svo megi verða,“ segir Ingibjörg áráðin.

Einnig talar Ingibjörg um hátt hlutfall listamanna sem eru af erlendu bergi brotnir, búa hér og starfa: „Þetta er náttúrulega rosalegur fjársjóður sem þarf einhvern veginn að huga betur að, svo að allra raddir fái að heyrast. Það er vissulega mikil ábyrgð að kaupa inn verk og ég finnst hvernig ég horfi öðruvísi á myndlist nú þegar ég sit í stól safnstjóra og ber ábyrgð á að kaupa verk sem endurspeglar listasöguna. Að horfa á hvað er til og fylgja hjartanu en líka að athuga hvort það séu göt einhvers staðar, hvort við séum að missa af einhverju. Þetta er viss áskorun og það er afskaplega spennandi að velta þessu fyrir sér – en það er að sama skapi gott að finna að maður hefur sterka tilfinningu sem maður verður að treysta, rétt eins og maður þarf að leggja við hlustir. Að hlusta á ólíka hópa og hlusta á grasrótina: hvað eruð þið að hugsa, hvað viljið þið, hvaða draumar liggja herna?“

Í samtali okkar hefur Ingibjörg nokkrum sinnum minnst á mikilvægi þess að fylgja hjartanu, auk þess að lýsa safninu sem eins

konar hjarta en um hálsinn ber hún einmitt hálsmen sem er í laginu eins og hjarta, ekki ólíkt frægum skúlptúr Jóns Gunnars Árnasonar eða myndum sem finna má í kennslubókum í líffræði. Þá spyr ég hana hverjir séu hennar stærstu draumar um framtíð safnsins, ef horft sé til næstu fimm til tíu ára, og það stendur ekki á svörum: „Ég myndi fyrst og fremst vilja sjá að við fáum meira rými hérna og að við gætum boðið upp á fastasýningu á íslenskri listasögu þar sem lykilverk eru tekin fyrir, bæði úr okkar eigu og mögulega einnig verk sem fengin eru að láni, öll samankomin á einum stað. Af því að hún er ótrúlega merkileg þessi saga okkar og margir stórkostlegir listamenn sem allir eiga að þekkja, geta skilið samhengið og hvernig

þetta tengist allt. Einnig að hægt sé að bjóða upp á sýningar sem byggjast á samtali við safneignina og það hvernig nútíminn horfir á hana, auk þess að vera með sýningar sem eru gluggar út í heim. En til þess að geta verið með þessar sýningar þurfum við samt meira rými.“

„Við þurfum svo að sjálfsögðu að geta varðveitt verkin okkar þannig að það sé sómi af. Það er líklegast allra efst á listanum. Við verðum að hafa frábært varðveisluhúsnæði til þess að halda utan um safneignina og þessi miklu verðmæti okkar allra. Það er veldisvöxtur á safneigninni og til þess að við getum tekið á móti fleiri verkum, hvort sem um er að ræða gjafir eða innkaup, er algjört grundvallarskilyrði að varðveislu-

málin séu í lagi. Ég vona að þessi mál verði komin í betra horf eftir fimm ár, svo að við getum haldið áfram að sinna hlutverki okkar vel. En þetta helst allt í hendur og eins skiptir sköpum að efla innra starf og getu safnsins til að takast á við öll þessi verkefni. Að hægt sé að efla enn frekar það frábæra starf sem hér er – og það er að eflast, hvort sem horft er til fræðslustarfsins, sem er til fyrirmyndar, eða þeirra tækifæra sem felast í forvörslustarfinu – af því að hér er mikið fagfólk á öllum sviðum. Að hægt sé að koma þessu á betri stað, skref fyrir skref, svo að þessi heimur geti allur eflast, af því að við erum ekkert eyland.“

Hólmur Hólm, formaður
Íslandsdeildar ICOM



Byggðasafn Hafnarfjarðar
Velkomin í menningarbæinn Hafnarfjörð



Í sautján horn að líta: Safnastarf og sjálfbærni

Sjálfbærni er hugtak sem ber oft á góma í opinberri umræðu og ekki síst í tengslum við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Heimsmarkmiðin voru samþykkt árið 2015 af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna og gilda til ársins 2030. Með sjö ár til stefnu er innleiðing markmiðanna í fullum gangi víða um heim. Þrátt fyrir að staða aðgerða í loftslagsmálum á heimsvísu gefi ekki góð fyrirheit um árangur, eru heimsmarkmiðin margþætt og metnaðarfull og ef vel tekst til með það sem stefnt er að mun heilbrigði umhverfisins, lífsgæði samfélags manna og annara lífvera hafa batnað til muna árið 2030.

Heimsmarkmiðin eru samþætt og mynda órjúfanlega heild 17 markmiða og hnýta saman þrjár stóðir sjálfbærrar þróunar, hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu. Þau fjalla þar af leiðandi ekki eingöngu um umhverfismál, en fela í sér fimm meginþemu sem eru *mannkynið, jörðin, hagsæld, friður og samstarf*. Mikil áhersla er einnig lögð á að engir einstaklingar eða hópar verði skildir eftir á vegferðinni til sjálfbærrar framtíðar. Það er því til mikils að vinna en innleiðing heimsmarkmiðanna krefst

skipulagðrar vinnu af hálfu stjórnvalda aðildarríkjanna og einnig þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila. Umfang markmiðanna er slíkt að ekkert ríki, engin stofnun, fyrirtæki, samtök, samfélög eða einstaklingar er þeim óviðkomandi. Söfn eru þar engin undantekning.

Í þessari grein verður stuttlega gerð grein fyrir því hvernig söfn og menningarstofnanir geta lagt sitt af mörkum við innleiðingu heimsmarkmiðanna hér á landi. Horft verður til þess hvernig söfn geta hugað að samþættingu sjálfbærni og eigin starfs og síðan hvernig þau geta verið virkur þátttakandi í innleiðingu heimsmarkmiðanna í nærsamfélagi sínu.

Sjálfbærni og sjálfbær þróun

Hornsteinn skilnings alþjóðasamfélagsins á hugtakinu sjálfbær þróun má rekja til skýrslunnar *Sameiginleg framtíð* okkar sem var gefin út árið 1987 og stýrt af þáverandi forsætisráðherra Noregs, Gro Harlem Brundtland. Brundtland skýrslan svokallaða skilgreindi hugtakið sjálfbær þróun sem „þróun sem mætir þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum“ sem síðan endurómar í Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra

þróun. Hugsunin var sú að efnahagsleg framþróun ætti að eiga sér stað í sátt við umhverfi og samfélag. Jafnvægi þarf að ríkja á milli þessara stöða þar sem ekki er gengið á höfuðstól umhverfis og samfélags með óábyrgum hætti. Þrátt fyrir að sjálfbærni feli í sér eitthvað gefið jafnvægi stendur eftir að skilgreina þarfir nútímans og ekki síður þarfir komandi kynslóða. Er það sjálfsagt að ætlast til þess að þarfir framtíðarinnar endurspegli þarfir dagsins í dag? Þarfir hvers erum við eiginlega að tala um?

Rætur hugmynda um sjálfbæra þróun má rekja til vaxandi áhyggja yfir ósjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda, og þar fara vestræn ríki fremst í broddi fylkingar bæði sögulega og enn þann dag í dag, en heimsmarkmiðin grundvallast ekki síður í mannréttindum. Mannréttindi og umhverfismál eru samofin og til að efla mannréttindi þarf öruggt og heilbriggt umhverfi. Sjálfbærir stjórnarhættir sem undirstríka heilbrigði umhverfisins þurfa að virða og efla mannréttindi. Lífsgæði samfélaga og manna eru því grundvallaratriði og stóra áskorunin sem felst í því er að endurhugsa hagvöxt þar sem tekið er tillit til samfélagslegra gilda og heilbrigði umhverfis.

HEIMSMARKMIÐIN

Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



Samkvæmt nýlega samþykktri skilgreiningu Alþjóðaráðs safna frá árinu 2022 má finna mikla skörun á því sem söfnum er ætlað að stefna að og því sem heimsmarkmiðin standa fyrir. Samfélagslegt gildi safna er undirstrikað þar sem áhersla er lögð á aðgengi, inngildingu, fjölbreytileika og sjálfbærni. „Í starfi sínu og virkum samskiptum við ólíka samfélagshópa hafa þau fagmennsku og siðferðileg gildi að leiðarljósi og bjóða upp á margvíslegar upplifanir í þágu menntunar, ánægju, ígrundunar og þekkingarauka.“

Innleiðing heimsmarkmiðanna á Íslandi

Þrátt fyrir að aðildarríki Sameinuðu þjóðanna gangist undir heimsmarkmiðin, er hverju ríki fyrir sig í sjálfvaldi sett að vinna að innleiðingu þar sem hægt er að taka tillit til sértækra aðstæðna á hverjum stað fyrir sig. Þetta getur sett strik í

reikninginn þar sem framgangur þeirra veltur þá á metnaði hvers ríkis fyrir sig.

Á Íslandi var gefin út skýrsla, í júní 2018, um stöðu landsins gagnvart heimsmarkmiðunum innanlands og í alþjóðasamstarfi. Skýrslan var unnin af verkefnastjórn um sjálfbæra þróun sem skipuð var af stjórnvöldum og kortlagði verkefni, áætlanir og áskoranir gagnvart markmiðunum sautján. Verkefnastjórnin skilaði einnig tillögum að forgangsörðun markmiða sem Ríkisstjórn Íslands samþykkti á sama tíma og skýrslan var gefin út. Forgangsmarkmiðin eru 65 af 169 undirmarkmiðum heimsmarkmiðanna og endurspeglar áherslur stjórnvalda við innleiðingu á næstu árum.

17 Markmið
169 Undirmarkmið
232 Mælikvarðar

Með markmiðunum 17 og 169 undirmarkmiðum fylgdu einnig 232 mælikvarðar sem ætlað er að mæla framgang heimsmarkmiðanna, upplýsa stefnumótun og tryggja ábyrgð allra hagsmunaaðila. Á íslenskri heimasíðu heimsmarkmiðanna má finna mælaborð þar sem hægt er að sjá með myndrænum hætti framgang þeirra á Íslandi. Mælaborðið veitir ágæta yfirsýn yfir vinnu stjórnvalda að framgangi heimsmarkmiðanna og er sett fram samkvæmt gefnum mælikvörðum sem Hagstofa Íslands heldur utan um og byggir á mati sérfræðinga á vegum stjórnvalda.

Þann 1. desember 2022 var Sjálfbært Ísland sett á laggirnar að frumkvæði forsætisráðuneytisins. Meginhlutverk Sjálfbærs Íslands er að móta stefnu Íslands um sjálfbæra þróun og með stofnun þess var tekið skref í átt að auknu samræði. Á þeim vettvangi starfar

stýrihópur Sjálfbærs Íslands, en þar eiga sæti fulltrúar allra ráðuneyta auk fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Sjálfbærniaráð sem er skipað ráðherrum ríkisstjórnarinnar, fulltrúum frá sveitarfélögum, Alþingi, aðilum vinnumarkaðarins og frjálsum félagasamtökum. Sjálfbærniaráð telur rúmlega 80 manns, myndar víðfeðmt tengslanet sem mun vonandi efla samráð þar sem sjónarmið ólíkra hagsmuna koma fram og eru rædd. Það er jákvætt að sjá samtök eins og Landvernd, Öryrkjabandalag Íslands og Rauða krossinn eiga sæti í ráðinu samhliða hagsmunaaðilum stjórnmalaflokka og vinnumarkaðar. Athygli vekur þó að söfn og menningarstofnanir eiga ekki fulltrúa í ráðinu, og að einu fulltrúar menningargeirans er Bandalag íslenskra listamanna.

Annað hlutverk Sjálfbærs Íslands er aðkoma að gerð Landrýnisskýrslu og var nýjasta skýrslan um stöðu innleiðingar á Íslandi kynnt á árlegum ráðherrafundi um sjálfbæra þróun í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í júlí á þessu ári. Um er að ræða aðra landrýnisskýrslu Íslands, en sú fyrri var gefin út 2019. Við lestur skýrslunnar má sjá að spýta þarf í lófana þrátt fyrir að metnaður sé sannarlega til staðar. Hluti skýrslunnar er tileinkaður stöðu innleiðingar á sveitarstjórnarstigi sem varpar ágætu ljósi á áskoranir við innleiðingu. Sveitarfélögin eru mikilvægur aðili í innleiðingu þar sem mörg viðfangsefni heimsmarkmiðanna eru á þeirra forræði. Aðlögun heimsmarkmiðanna að staðbundnum aðstæðum getur verið áskorun fyrir lítil sveitarfélög með fámenna stjórnsýslu. Hins vegar er bent á að smærri einingar eigi auðveldara með að fá yfirsýn yfir það sem gera þarf og býr betur að

með að virkja hagsmunaaðila í nærsamfélaginu. Slík frumkvæði reiða á pólitískan vilja, sem er ekki alltaf til staðar og sérstaklega ef nóg er af öðrum umfangsmiklum verkefnum.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur unnið náið með stjórnarráðinu að betrubættum og árið 2021 var gefin út *Verkfærakista um heimsmarkmiðin fyrir sveitarfélög*. Í landsskýrslunni kemur einnig fram að 44 af 69 sveitarfélögum skrifuðu undir viljayfirlýsingu árið 2019 um að vinna saman að loftslagsmálum og innleiðingu heimsmarkmiðanna. Samkvæmt rannsókn sem unnin var fyrir gerð skýrslunnar kemur í ljós að vorið 2023 eru um 63% sveitarfélaga á upphafsreit í stefnumótunavinnu með heimsmarkmiðin. Þar að auki kom í ljós að helstu hindranirnar í augum sveitarfélaganna var skortur á fjármagni eða mannafla, verklagsreglum og ráðgjöf, eða hreinlega skortur á aðkomu stjórnvalda.

Söfn eru skipulagsheildir sem glíma við sambærileg vandamál, skortur á mannafla, fjármagni og fjöldi mikilvægra verkefna. Erfitt getur verið að forgangsraða verkefnum sem snúa að sjálfbærri þróun, eflaust á kostnað kjarnastarfsemi sem stendur í mörgum tilfellum höllum fæti. Hins vegar er það alveg víst að þrýstingurinn um framgang markmiðanna mun bara aukast á næstu misserum. Hvernig er þá hægt að stuðla að því að söfn verði virkir og mikilvægir þátttakendur í innleiðingu heimsmarkmiðanna á Íslandi?

Hvað geta söfn gert?

Á vegum Alþjóðaráðs safna (ICOM) hefur undanfarin ár starfað vinnuhópur um sjálfbærni (e. *Working group on Sustainability* (WSG)). Á allsherjapingi ICOM árið 2019 var

ályktun samþykkt sem undirstrikaði getu og nauðsyn safna til þess að efla sjálfbæra þróun. Þrátt fyrir að ályktunin hafi fallið í skuggann af deilunni um nýju safnaskilgreininguna í Kyoto það árið, hefur vinna WSG sett mark sitt á starf og ákvarðanir ICOM síðan þá. Alþjóðlegi safnadagurinn ár hvert leggur áherslu á ákveðin heimsmarkmið og unnið er að því að kynna fyrir og hvetja söfn til þess að kynna sér heimsmarkmiðin. Í ályktuninni frá 2019 er undirstrikað að söfn hafi hlutverki að gegna í því að stuðla að sjálfbærri framtíð með því meðal annars að:

- Kynna sér, og styðja með öllum mögulegum ráðum, heimsmarkmiðin og nýta þau sem leiðarljós við innleiðingu sjálfbærni í innra og ytra starfi, ekki síst í miðlun og fræðslu
- Efla eigið starf, gesti safna og nærsamfélög með því að leggja sitt af mörkum til framgangs heimsmarkmiðanna, draga úr umhverfisáhrifum safna, þar með talið kolefnafótspori þeirra, og stuðla að sjálfbærri framtíð fyrir alla íbúa jarðar, manneskjur og aðrar lífverur. Henry McGhie, sérfræðingur og ráðgjafi á sviði sjálfbærni, loftslagsaðgerða og safnastarfs, gaf út handbókina *Understanding the Sustainable Development Goals and targets* fyrir gallerí, bókasöfn, skjalasöfn og söfn árið 2022. Þar er farið ítarlega í gegnum megin- og undirmarkmið heimsmarkmiðanna og hvernig menningarstofnanir geta lagt sitt af mörkum á vegferð til sjálfbærar framtíðar. Handbókin er góður grundvöllur til þess að kynna sér heimsmarkmiðin og efla eigið starf, gesti og nærsam-

félagið. Henry McGhie dregur fram 7 lykiláðgerðir safna:

- Mikilvægi varðveislu og umönnun menningar- og náttúruarfs innan sem utan safna.
- Söfn starfa í þágu almenninga og eru vettvangur formlegs og óformlegs náms.
- Stuðla að menningarlegri þátttöku allra með því að auka aðgengi og inngildingu.
- Styðja við sjálfbæra ferðaþjónustu.
- Styðja rannsóknir til eflingar heimsmarkmiðanna.
- Aðlagja stjórnarhætti safna að heimsmarkmiðunum.
- Miðla til hagsmunaaðila nærsamfélagsins mikilvægi heimsmarkmiðanna í gegnum samráð og samstarf.

Lykilatriði McGhie eiga ef til vill misvel við öll söfn, en varðveisla menningar- og náttúruarfs er kjarni flestra þeirra. Arfur hefur ótvíræð tengsl við sjálfsmynd samfélaga og getur hjálpað til við að setja samfélagslegar breytingar í samhengi við sögu og samtíma. Miðlun og fræðsla getur því leikið lykilhlutverk ef hugað er að samþættingu heimsmarkmiðanna og þeirri þekkingu sem er til staðar á söfnunum. Ennfremur eru söfn námsvettvangur, opin almenningi og tilvalinn samráðsvettvangur til að stuðla að samtali og samvinnu um samfélagslega mikilvæg málefni eins og heimsmarkmiðin. Menningarleg þátttaka allra ætti einnig að vera söfnum ofarlega í huga sem hefur möguleika á því að efla lífsgæði almenninga. Ennfremur

geta söfn tekið þátt í eða átt frumkvæði að þverfaglegu samráði.

Þegar kemur að breyttum stjórnarhátum og frekara samráði við eigendur og hagsmunaaðila nærsamfélagsins þá er mjög gagnlegt að kynna sér stöðu og stefnu innleiðingarinnar hjá hinu opinbera, á báðum stjórnsýslustigum. Í Verkfærakistu um heimsmarkmiðið fyrir sveitarfélög er kynnt aðferð til innleiðingar í fimm skrefum. Hægt er að nýta sér þetta við innleiðingu heimsmarkmiðanna í eigin starfi en einnig til þess að koma auga á mögulegt framlag safna í ferlinu sem sveitarfélög standa frammi fyrir. Hver er staða innleiðingar þíns sveitarfélags?

- Í fyrsta skrefi er lögð áhersla á vitundarvakningu, og þar eru söfn tilvalinn vettvangur fyrir miðlun upplýsinga um sjálfbærni sem hægt er að setja í sögulegt og menningarlegt samhengi nærsamfélagsins t.d. Slík vakning getur farið fram með sýningum, fræðslu og jafnvel fundarhaldi innan veggja safnsins.
- Annað skref í ferlinu snýr að kortlagningu þar sem sveitarfélög eru hvött til að greina núverandi starfsemi, tengjast öðrum sveitarfélögum, greina samráðs- og samstarfsaðila, auk þess að greina aðstæður innan sveitarfélagsins. Hér eru vissulega tækifæri fyrir söfn, sama hvaða sveitarfélagi þau tilheyrja, að vekja athygli á sér og því sem þau hafa fram að færa.

Sjálfbærni getur verið íþyngjandi fyrir söfn sem þegar hafa nóg að gera, en þar sem sjálfbærni er þegar og mun áfram hafa mótandi áhrif á rekstur, áætlanagerðir og framtíðar-

stefnu hins opinbera, stofnanna og fyrirtækja þá verður ekki komist hjá því að huga að innleiðingu og leita leiða til að flétta sjálfbærni og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna saman við starf safna á öllum sviðum. Það er því í mörg horn að líta hjá söfnum eins og venjulega, en núna er sannarlega tækifæri til að taka af skarið og efla eigið starf og stöðu nærsamfélagsins á vegferðinni til sjálfbærrar framtíðar.

“

HEIMILDIR

Mælaborð um stöðu heimsmarkmiðanna á Íslandi. <https://heimsmarkmidin.is/forsida/maelaborð/>

Verkfærakista um heimsmarkmið fyrir sveitarfélög *Voluntary National Review*. Forsætisráðuneytið 2023.

Safnaskilgreiningin. <https://www.icom.is/alt-hjodaradid/#safnaskilgreiningin>

Alþjóðaráð safna. “Sustainability”. <https://icom.museum/en/research/sustainability-and-local-development/>

Henry McGhie. *Understanding the Sustainable Development Goals and targets*. <https://curatingtomorrow236646048.files.wordpress.com/2022/08/understanding-the-sdgs-curating-tomorrow-2022.pdf>

”

Bergsveinn Þórsson,
dósent við Háskólann á Bifröst

Styrktaraðilum Safnablaðsins Kvists eru færðar alúðarþakkir





Minjasafnið á Akureyri



Nonnahús



Leikfangahúsið



Davíðshús



Gamli bærinn Laufás



Einn miði á fimm söfn - gildir allt árið

**Aðeins kr. 2.300
Frítt fyrir börn**



**MINJASAFNIÐ
Á AKUREYRI**
AKUREYRI MUSEUM

Aðalstræti 58, Akureyri • Sími: 462 4162



minjasafnid.is



Þrjú hús – Eitt safn

Three Locations – One Museum

Fríkirkjuvegur 7
101 Reykjavík



Listasafn Íslands

National Gallery of Iceland

Þórarinn B. Þorláksson (1867–1924)
Uppstilling / Still Life with Apples and a Vase, 1924

Hverfisgata 15
101 Reykjavík




Safnahúsið

The House of Collections

Gunnlaugur Scheving (1904–1972)
Sumarnótt / Summer Night, 1959

Bergstaðastræti 74
101 Reykjavík



Hús Ásgríms Jónssonar

Home of an Artist

Ásgrímur Jónsson (1876–1958)
Kvöld í Reykjavík / Evening in Reykjavík, 1916